

Göltur

Bæjarleiðin frá **Norðureyri** út að Gelti er ekki löng, aðeins tveir og hálfur kílómetri, svo auðvelt hefur verið að komast milli bæja á 30 mínútum. Við förum hins vegar hægar og lítum svolítið í kringum okkur á leiðinni. Öll hlíðin frá **Norðureyrargili** út að bænum á Gelti heitir **Galtarhlíð**.¹ Fjallsbrúnin ofan við hana liggur í 450-500 metra hæð yfir sjávarmáli. Henni fylgir hamrabelti sem ófært eða nær ófært er upp að ganga nema á einum stað. Talsvert neðar í fjallinu er annar klettaveggur neðan við ufsirnar en þær heita **Grjótufsir** innantil og síðan bara **Ufsir**² eða **Galtarufsir**.³ Skilin milli Grjótufsa og Ufsa eða Galtarufsa eru við hrygginn sem gengur niður frá **Stórhorni** en það er horn sem nokkuð ber á í fjallsbrúninni.⁴

Vilji menn komast upp á brún og út á fjallið Gölt liggur besta leiðin um **Hestaskarð**, sem svo heitir, en það rýfur klettavegginn neðan við Ufsirnar.⁵ Skarð þetta er nær beint fyrir ofan **Fornabæjarhrygg** sem hér verður síðar gerð grein fyrir (sjá hér bls. 3-4) en hann er skammt fyrir innan túnið á Gelti. Ofan við Hestaskarð er stefnan síðan tekin á annað skarð sem er í klettunum neðan við sjálfa fjallsbrúnina. Það heitir **Galtarskarð**⁶ og er beint upp af túninu á Gelti.⁷ Þessi leið er klettalaus og hana má fara með stórgrip.⁸ Okkar ætlun er þó ekki að leggja á brattann heldur aðeins að ganga milli bæja, frá Norðureyri að Gelti. Engu að síður skotrum við augunum til fjalls en ofan við Ufsirnar og í sjálfri brúninni er lítið um þekkt örnefni. Þó má nefna **Skollanef innra** og **ytra** sem eru hér rétt utan við Norðureyrargilið en skarð er á milli þessara tveggja klettanefja.⁹ Á Stórhorn, sem er talsvert utar, var áður minnst.

Leiðin frá Norðureyri að Gelti liggur um sjávarbakkana, sem eru víða bæði brattir og háir, en einnig er hægt að ganga fjöruna. Skammt utan við landamerkin, sem liggja um **Norðureyrargil**, komum við að **Stórolaut** en neðan við hana eru **Hrafnabásar**, standmyndaðir klettur í fjörunni.¹⁰ Hryggirnir utan við Stórolaut heita **Mjóuhryggir** og fyrir utan þá er **Hlaðshvolf** en síðan kemur **Hlaðið** sem svo heitir.¹¹ Þar stendur gömul tótt rétt ofan við brún lítils höfða sem skagar hér fram í fjöruna. Nafnið gefur mjög eindregið til kynna að hér hafi staðið sauðahlað í fyrri daga og tóttin styrkir þá hugmynd. Húsið sem hér stóð hefur verið um það bil sex metrar

¹ Örnefnastofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 152.

² Sama heimild, 150.

³ Uppdr. Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 150.

⁵ Sama heimild, 151.

⁶ Sama heimild, 150.

⁷ Uppdr. Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 150.

⁹ Sama heimild, 151.

¹⁰ Sama heimild, 149.

¹¹ Sama heimild.

á lengd og tveir til þrjár metrar á breidd. Við byggingu þess hefur stór jarðfastur steinn verið notaður sem hluti af efri vegg. Hin gömlu sauðahlöð voru þaklaus fjárbyrgi þar sem útigangsfé gat leitað skjóls undan veðrum. Á flestum jörðum í Vestur-Ísafjarðarsýslu standa enn einar eða fleiri tóttir af þess konar byggingum hér og þar út um hagann. Svo virðist sem hér hafi nafnið Hlað einnig verið notað um höfðann sem hlaðtóttin stendur á.¹²

Hjá hinu forna sauðahlaði gerum við stuttan stans, lítum yfir fjörðinn og sjáum að enn erum við ekki komin á móts við brimbrjótinn, sem þar blasir við augum, en þó lítið eitt út fyrir ystu húsin í þorpinu á **Suðureyri**.

Í klettunum ofan við Hlað en neðan við Grjótufsir, sem fyrr voru nefndar, eru **Hlaðshillur** og innan við þær **Mjóuhryggjahillur**.¹³ Utan við Hlaðshillur taka við **Bröttugötu** og þá **Sniðgilshillur**, sem ná út að **Sniðgili innra**,¹⁴ en gil þetta myndar skarð í klettavegginn neðan við Ufsirnar.

Nær 500 metrum utan við Hlað gengur dálítið barð fram úr sjávarbökkunum og segir Kristján G. Þorvaldsson það hafa verið nefnt **Gjalbrunes**.¹⁵ Heimildarmaður hans er Jón H. Guðmundsson sem fæddist á Gelti¹⁶ árið 1881 og átti þar heima fram á fullorðinsár.¹⁷ Á örnefnakorti frá árunum kringum 1930 er nafnið ritað **Gjaldbrúnes**.¹⁸ Augljóst sýnist að bæði þessi nöfn muni vera afbakanir en erfitt er að gera sér grein fyrir hvert hið upphaflega nafn muni hafa verið. Hugsanlegt er að *nesið* hafi verið kennt við gjálfur sjávaröldunnar en nafnið gengist í munn. Fleiri skýringar gætu þó komið til greina og best að segja sem minnst.

Utan við barðið sem hér var síðast fjallað um komum við að **Bröttugötu**, tæpri götu í snarbröttum sjávarbökkunum innan við **Stekk**.¹⁹ Henni fylgjum við nú niður á Stekkinn sem er undir bökkunum, ofan til við fjöruna, og svolítið utar en neðsti hluti götunnar.²⁰ Að hér hafi verið stekkur þarf ekki að efa því örnefnið eitt nægir til að vísa á hann en hér var reyndar líka lending og uppsátur fyrir báta sína höfðu Galtarbændur ýmist hér eða út í **Galtarlandinu** sem svo heitir²¹ en sá lendingarstaður er nær einum kílómetra fyrir utan bæinn á Gelti (sjá hér bls. 73-83).

Um miðbik nítjándu aldar munu Galtarbændur hafa verið hér á Stekknum með báta sína en bæði áður og síðar í Galtarlandinu.²² Um einn bónda sem bjó á Gelti er reyndar kunnugt að á vorin setti hann bát sinn oft upp í fjöruna innan til við **Stalla** en svo heita klettastallar við sjó rétt innan

¹² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 149.

¹³ Sama heimild, 151.

¹⁴ Sama heimild.

¹⁵ Sama heimild, 149.

¹⁶ Sama heimild, 152.

¹⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁸ Uppdr. Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

¹⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 149.

²⁰ Sama heimild.

²¹ Sama heimild, 11.

²² Sama heimild, 147-148.

við bæinn.²³ Þar mun þó ekki hættandi á að vera með bát nema þegar blíðast er á vorin.²⁴

Bændurnir sem bjuggu á Gelti eftir aldamótin 1900 munu oft hafa lent á Stekknum og enn (1995) stendur hér uppi gangspil sem notað var til að taka bátana á land. Vörin er líka á sínum stað og mun enn henta vel til lendingar. Hjá spilinu er gamalt bátshróf, um sjö metrar á lengd, og neðan við það tótt sem gæti hafa verið stekkur. Nokkur önnur tóttarbrot eru enn sjáanleg á þessum stað og ofan til við fjöruna er nær fimmtán metra löng laut. Þar kynni um skeið að hafa verið vetrarlægi fyrir sexæring eða áttæring. Gallinn við þetta uppsátur var sá að bátar sem hér stóðu uppi voru jafnan í nokkurri hættu vegna snjóflóða og skriðufalla²⁵ en snjóflóðahætta er talin veruleg á öllu svæðinu frá Norðureyrargili og út að Stekk.²⁶ Líklegt er að sú ógn hafi valdið því að notkun þessa uppsáturs lagðist af á síðari hluta 19. aldar og aftur var farið að setja bátana á land út í Galtarlandi.

Stekkurinn, sem hér var frá sagt, er um það bil miðja vega milli Norðureyrar og Galtar og nær beint á móti brimbrjótnum sem er handan við fjörðinn. Það mannvirki er þó aðeins innar. Frá Stekknum röltum við út fjöruna og komum brátt að tveim *veggmynduðum* klettum sem standa stakir. Við þá mun fé hafa leitað skjóls enda heita þeir **Skjól innra** og **Skjól ytra**.²⁷ Skammt fyrir utan Skjólin liggur gamall, skýrt markaður götuslóði frá fjörunni út og upp sjávarbakkana en þeir eru hér nokkuð háir og allbrattir. Þessi slóði heitir **Sniðgötur** og liggur upp á bakkabrúnina.²⁸ Þegar brúninni er náð erum við stödd mjög skammt frá **Fornustekkjum**, sem svo heita. Þar eru tóttabrot enn sjáanleg.²⁹ Gilið sem við blasir í klettunum neðan við Ufsirnar og er nær beint upp af Fornustekkjum heitir Sniðgil innra³⁰ (sbr. hér bls. 2). Hillur í klettunum utan við það heita **Stekkjjarhillur**.³¹

Frá Fornustekkjum göngum við sem leið liggur út brún sjávarbakkana og komum brátt að **Stórulæg** sem liggur *níður Bakka* og er *breið og djúp í brún þeirra*.³² Utan við hana er **Stórulægaholt**.³³ Frá því er skammur spölur út á **Fornabæjarhrygg**³⁴ en rétt fyrir utan hann er stór og allstæðileg tótt sem menn hafa talið að væri bæjartótt frá fyrri öldum.³⁵ Líkur á því að svo sé eru allmiklar en ekki er þó minnst á þessar byggingarleifar í Jarðabókinni frá 1710.³⁶ Húsið sem hér stóð hefur verið

²³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 11 og 148-149.

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Sama heimild, 149.

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Sama heimild, 151.

²⁸ Sama heimild, 152.

²⁹ Sama heimild.

³⁰ Uppdr. Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

³¹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 151.

³² Sama heimild, 152.

³³ Sama heimild.

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sama heimild.

³⁶ Sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, 138.

langhús og er innanmál tóttarinnar um það bil 3 x 15 metrar. Þverveggur skiptir henni í tvennt en sá veggur sýnist vera yngri en útveggirnir. Hvað varðar lengd og breidd er tótt þessi mjög áþekkt annarri tveggja samliggjandi tóttu í **Stekkjarparti** innan við Norðureyri en í byrjun 18. aldar var talið að þar hefði í fyrndinni staðið bær (sjá hér Norðureyri).

Sé tóttin við Fornabæjarhrygg gömul bæjarrúst má telja nær fullvíst að sá bær hafi eyðst af völdum skriðufalla, enda herma munnmæli að svo hafi verið.³⁷ Skriðan í hlíðinni hér fyrir ofan heitir **Rauðaskriða**.³⁸ Hún stefnir beint á tóttina og stakir steinar úr henni ná alveg að þessu forna mannvirki.

Hestaskarð, sem fyrr var nefnt, er hér beint fyrir ofan³⁹ en það er gil í klettunum neðan við Ufsir. Skarðið er auðvelt uppgöngu og fært með hesta. Um það lá leið flestra sem gengu upp á **Gölt**, fjallið sem bærinn dregur nafn af (sjá hér bls. 1). Í klettunum utan við skarðið eru **Hestaskarðshillur** og ná út að **Svörtuklettum** sem svo heita.⁴⁰ Utan og ofan við Hestaskarð er **Hestaskarðshnúkur**.⁴¹ Frá tóttinni utan við Fornabæjarhrygg er mjög skammur spölur að túninu á Gelti og göngum við nú í hlað á þessu forna býli sem staðið hefur í eyði í nær hálfu öld. Hér stendur þó enn (1995) lítið íbúðarhús sem mun hafa verið byggt árið 1941.⁴² Rétt fyrir innan það og ofan stóð áður gamli torfbærinn⁴³ sem búið var í allt þar til hús þetta var reist.

Jörðin Göltur í Súgandafirði er forn bújörð, 12 hundruð að dýrleika samkvæmt fornu mati.⁴⁴ Hún tekur nafn af fjallinu Gelti sem snýr sinni tignarlegu ásjónu til hafs norðan til við mynni Súgandafjarðar. Ætla má að þeir sem gáfu Geltinum nafn hafi komið af hafi því hið yfirbragðsmikla fjall minnir ekki á svinshöfuð nema horft sé á það utan frá sjó, úr vesturátt. Sú hlið fjallsins sem snýr að fjarðarströndinni hefur mildari svip þó að hamraveggirnir ofan við gróðurlendið séu þar ærið þykkir og sterklegir til að sjá.

Göltur er ysta jörðin á norðurströnd Súgandafjarðar og héðan frá bæjarhlaðinu eru aðeins einn og hálfur til tveir kílómetrar út að **Galtartöngum** við fjarðarmynnið, þar sem fjallið sveigir til norðurs. Bærinn stendur á hól utarlega í túninu og er nokkurt bil frá honum að klettahlíðinni fyrir ofan og einnig niður á bakkana.⁴⁵ Landamerkjum Galtar á móti Norðureyri, sem er næsti bær fyrir innan, hefur áður verið lýst en þau eru við Norðureyrargil (sjá hér Norðureyri). Á hinn veginn liggja saman lönd Galtar og **Keflavíkur** sem var eina bújörðin í Suðureyrarhreppi norðan Galtar. Hún er því ekki í Súgandafirði. Landamerki Galtar á móti Keflavík segir Kristján G. Þorvaldsson vera í

³⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 152.

³⁸ Sama heimild.

³⁹ Uppdr. Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁴⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 151.

⁴¹ Sama heimild.

⁴² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 52.

⁴³ Jóhannes Aðalbjörnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.8.1995.

⁴⁴ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁴⁵ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 44 (Árbók F.Í.).

Bustarurð en það er urð mikil undir Gelti, þar sem hann gengur lengst fram í átt til hafs og myndar stórt nes á báða vegu.⁴⁶ Einhverjir munu þó hafa talið að merkin væru aðeins norðar, það er að segja við **Rauðstein** sem stendur í sjávarbökkunum norðan til við nýnefnda urð.⁴⁷

Staðháttum á Gelti lýsir Kristján G. Þorvaldsson svo:

Bærinn stendur undir brattri klettahlíð og stutt er frá honum fram á háa bakka. Eru þeir með klettum og aðeins á fám stöðum hægt að fara upp og niður þá. Nokkuð undirlendi er á bökkunum, nær það töluvert inn fyrir bæinn og líkt út fyrir hann en breiðast er það rétt fyrir utan túnið.

Fjallshlíðin veitir landinu mikið skjól í norðanátt og er þar gróðursælt, jafnvel þar sem grýtt er sem er mjög víða. Styður mjög að því að sólar nýtur þar betur á vorin en á flestum bæjum öðrum [í Suðureyrarhreppi]. Þannig er landslagi hagað að meðan sól er lágt á lofti skín hún lengur á Gelti en nokkrum öðrum bæ sveitarinnar en um sumarsólstöður er sól skemur á lofti en á öðrum bæjum.⁴⁸

Líklegt er að hinn mikli sólargangur að vetrinum valdi mestu um það að hér var jafnan *allfljótt til jarðar á vorum* eins og komist er að orði í heimild frá árinu 1839.⁴⁹

Fagurt er að líta til hafs frá bæjarhlaðinu á Gelti. Héðan sést líka vel til þorpsins á Suðureyri og til fjallanna innst í Súgandafirði. Sé lítið í hásuður blasa við augum bæjarhúsin á **Stað** í Súgandafirði og kirkjan sem þar stendur enn.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er landkostum og ágöllum þessarar fornu bújarðar, yst á norðurströnd Súgandafjarðar, lýst og komist svo að orði:

Útígangur svípull á landi en í betra lagi í fjörunni. Torfrista og stunga engin nýtandi, brúkast. Rekavon lítil og varla teljandi. Skógarítak, mjög lítið, hefur jörðinni eignað verið í Selárdals land, þar sem Galtarrípur heitir. Það er nú gjöreytt fyrir löngu.

Túninu hafa grandað skriður og tekið af því hér um þriðjung. Engjar eru að mestu leyti fyrir skriðum eyðilagðar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum, sem oft verður mein að. Vatnsból bregðast um vetur og er þá vatnsvegur örðugur. Kirkjuvegur torsóttur yfir Súgandafjörð. Hreppamannaflutningur ófær til Keflavíkur nema á skipi. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur oftlega

⁴⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 146.

⁴⁷ Sama heimild, 146 og 158.

⁴⁸ Sama heimild, 145.

⁴⁹ Sóknalýsingar Vestfjarða II, 116.

á bæinn hlaupið og ekki annað sýnilegra en hann mundi taka. Þó hefur það ei skeð hingað til.

Heimræði er hér og lending sæmileg, og ganga hér skip ábúenda svo mörg sem þeir fá við komið.⁵⁰

Eins og víðar í Jarðabókinni virðist þarna vera gert nokkuð mikið úr ókostum og þá einkum landspjöllum af völdum skriðufalla. Hér skal því strax tekið fram að enginn maður hefur látist í skriðum eða snjóflóðum á Gelti svo kunnugt sé en síðustu 200 árin sem búið var á jörðinni urðu þar stöku sinnum skaðar af völdum slíkra náttúruhamfara og þá einkum árin 1818 og 1910 (sjá hér bls. 74 og bls. 76-77). Árið 1696 mun skriða hafa valdið miklum skemmdum á túninu⁵¹ og hefur sá atburður verið heimaþólki í fersku minni fjórtán árum síðar þegar Árni Magnússon kom í Súgandafjörð í jarðabókarerindum.

Orð Jarðabókarinnar frá 1710 um skógarítak Galtar í landi **Selárdals** eru athygli verð. Örnefnið **Galtarrípur** í **Selárdalsskógi** mun nú vera týnt en gaman hefði verið að geta bent á þann stað.

Í jarðabók frá árinu 1805 er minnst á sjóróðra frá Gelti og tekið fram að hér megi vænta álíka hásetahlutar og hjá þeim sem reru frá Stað í Súgandafirði og frá Suðureyri eða Norðureyri.⁵² Hér hefur áður verið nefnt hver sá hásetahlutar var (sjá hér Staður). Í byrjun níttjándu aldar voru hrognkelsaveiðar frá Gelti taldar gefa af sér verðmæti sem svaraði til hálftrar annarrar vættar af þorski⁵³ og mun þá vera átt við hálfra aðra skreiðarvætt. Í jarðabókinni frá 1805 er aðeins getið um hrognkelsaveiðar frá tveimur jörðum í Súgandafirði, Gelti og Suðureyri, og ef marka má bókina fékkst minna af hrognkelsum á Suðureyri en á Gelti.⁵⁴

Það sem skrifað stendur í jarðabókinni frá 1805 bendir eindregið til þess að í byrjun níttjándu aldar hafi sjór aðeins verið sóttur frá Gelti á bátum heimamanna.⁵⁵ Í Súgandafirði voru bændurnir á Suðureyri og Norðureyri eða eigendur nefndra jarða þeir einu sem höfðu tekjur af vertollum árið 1805 ef marka má bókina.⁵⁶

Í umsögn frá árinu 1849 komast matsmenn svo að orði um jörðina Gölt að hún *liggi mjög undir áföllum*⁵⁷ og eru þá án efa að vísa til skemmda af völdum skriðufalla og snjóflóða. Landkostina sáu þeir þó líka og segja: *Vetrararbeit góð og ganga á sumrum fyrir geldfé bæta ærið jörð þessa.*⁵⁸

Í fasteignamatsskjölum frá árinu 1916 er dregin upp mun bjartari mynd af landkostum á Gelti en sú sem fram kemur í Jarðabókinni frá 1710

⁵⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁵¹ Sama heimild.

⁵² Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁵³ Sama heimild.

⁵⁴ Sama heimild.

⁵⁵ Sama heimild.

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ Jarðamat 1849-1850, Ísafj.sýsla.

⁵⁸ Sama heimild.

og hér var áður vitnað til. Í nefndum gögnum frá 1916 er túnið sagt vera sléttlent og grasgefið, engjarnar grasgefnar og engjavegurinn skammur, beitalandið snjólétt og skjólgott en þröngt og einnig er tekið fram að hér sé góð fjörubeit.⁵⁹ Eitthvert mótak var þá á Gelti en lítið⁶⁰ og Magnús Hjaltason segir ekkert mótak hafa verið hér um aldamótin 1900.⁶¹ Í búnaðarskýrslum frá árunum 1791, 1821, 1827, 1830 og 1834 er spurningunni um það hvort mór sé notaður til eldiviðar á bænum jafnan svarað neitandi.⁶² Eins er þetta hvað varðar aðra bæi á norðurströnd Súgandafjarðar en um 1835 hættu þeir sem útbjuggu eyðublöð fyrir búnaðarskýrslurnar að spyrja þessarar spurningar.⁶³

Á árunum skömmu fyrir 1917 fengust að jafnaði 90 hestar af töðu af Galtartúninu og árlegur hefyngur af engjunum var um 50 hestar.⁶⁴ Hér var árið 1916 matjurtagarður sem gaf af sér eina tunnu af jarðarávöxtum.⁶⁵ Þá var talið að hér mætti fleyta fram 2 kúm, 70 sauðkindum og 1 hesti.⁶⁶

Við fasteignamatið sem unnið var að árið 1916 var jörðin Göltur metin á 2.900,- krónur, án húsa.⁶⁷ Þetta er hærra verð en á nokkurri annarri bújörð í Suðureyrarhreppi, að frátalinni Suðureyri⁶⁸ sem hafði margfaldast í verði á skömmum tíma vegna þéttbýlismyndunar. Svona hátt mat á Gelti sætir nokkurri furðu því að fornu mati var dýrleiki jarðarinnar aðeins 12 hundruð en tvær aðrar jarðir í hreppnum, **Botn** og **Bær**, höfðu frá fornu fari verið metnar á 24 hundruð, svo og Suðureyri, og Staður á 16 hundruð.⁶⁹ Skýringin á því hversu hátt Göltur var metinn í fasteignamatinu sem að var unnið á árunum 1916-1920 mun vera sú að afgangið sem greitt var af jörðinni var þá óeðlilega hátt, borið saman við það sem almennt var⁷⁰ (sbr. hér bls. 65-66).

Í nýju fasteignamati, sem út var gefið árið 1932, er niðurstaðan allt önnur. Þar er land Galtar virt á 1.700,- krónur⁷¹ og hvert hinna fornu hundraða, sem voru tólf, á 141,70 krónur, sem nær ekki meðaltalinu í hreppnum.⁷² Það meðaltal var 169,20 krónur fyrir hvert hinna fornu hundraða sé Suðureyri sleppt⁷³ sem sjálfsagt er í slíkum samanburði af ástæðum er fyrr hafa verið nefndar. Í fasteignamatinu sem unnið var að um miðbik níjtjándu aldar var matsverði Galtar ekki breytt svo neinu nam. Þá

⁵⁹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

⁶⁰ Sama heimild.

⁶¹ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 62.

⁶² Rtk. Isl. Journ. 9, nr.34, bún.sk. 1791. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821, 1827, 1830, 1834.

⁶³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1834 og 1837. VA III, 408, bún.sk. 1840.

⁶⁴ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

⁶⁵ Sama heimild.

⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁷ Fasteignabók 1921.

⁶⁸ Sama heimild.

⁶⁹ Jarðab. Á. og P. VII, 128-139.

⁷⁰ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók fasteignamatnefndar í V-Ís., löggilt 9.3.1916, bls. 1-8 og 256.

⁷¹ Fasteignabók 1932.

⁷² Sama heimild. Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁷³ Fasteignabók 1932. Jarðab. Á. og P. VII, 128-139.

var matið á jörðinni aðeins lækkað úr 12 hundruðum í 11,9 hundruð.⁷⁴ Tölurnar, sem hér var vitnað til, frá árinu 1932, benda hins vegar til þess að matsmennirnir sem voru að störfum á árunum kringum 1930 hafi talið forna matið of hátt og tíu hundruð forn vera nær lagi en tólf. Engu að síður var Göltur talinn góð bújörð á fyrri hluta 20. aldar og *kostajörð*, að sögn Kristjáns G. Þorvaldssonar sem lætur þess getið í ritgerð frá árinu 1951 að hér hafi löngum búið *gildir bændur*.⁷⁵ Í Fasteignabókinni frá 1932 er líka getið um þrenns konar hlunnindi á Gelti, reka, hrognkelsaveiði (sbr. hér bls. 6) og útræði.⁷⁶ Með orðinu útræði munu matsmennirnir þó eingöngu eiga við það að héðan hafi Galtarbændur getað róið til fiskjar úr heimavör á árabátum og vélbátum af minnstu gerð.

Á liðnum öldum var ýmist einbýli eða tvíbýli á Gelti en ekkert dæmi þekkist um að fleiri en tveir bændur hafi búið samtímis á jörðinni. Hér var tvíbýli árið 1703 og líka 1710⁷⁷ en um 1735 var hér einbýli og svo var einnig 1753 og 1762.⁷⁸ Talið frá 1785 var tvíbýli á Gelti 1785-1790, 1824-1831, 1833-1834, 1841-1843, 1862-1866 og 1906-1909 en annars jafnan einbýli.⁷⁹

Bústofn bændanna tveggja sem bjuggu á Gelti árið 1710 var 5 kýr, 1 kvíga, um 30 ær, 35 sauðir, tvævetra og eldri, 17 veturgamlir sauðir, 30 lömb og 1 hestur.⁸⁰ Ærtalan er svolítið óviss vegna þess að í viðræðum sínum við Súgfirðinga hefur Árna Magnússyni, að því er virðist, láðst að skrá tölu ána hjá öðrum Galtarbóndanum.⁸¹ Hinn bóndinn sem hér bjó árið 1710 var með 15 ær⁸² og má telja líklegt að heildartala ána hafi verið um það bil 30. Þessir tveir bændur höfðu báðir jafn mörg hundruð til ábúðar⁸³ og sé gert ráð fyrir að þeir hafi hvor um sig verið með 15 ær voru bú beggja álfka stór.⁸⁴

Til samanburðar við fjölda búfjár árið 1710 verða nú dregnar fram nokkrar tölur um búfjáfjölda á Gelti undir lok átjándu aldar og á níttjándu öld. Allt er það fengið úr opinberum skýrslum og er sjálfsagt að hafa svolítinn fyrirvara á um nákvæmnina, einkum hvað varðar sauðféð sem kynni stundum að hafa verið nokkru fleira en fram kemur í skýrslunum. Hinar opinberu tölur um fjölda búfjár eru sýndar hér á Töflu 1 en fram skal tekið að lömb, kálfar og folöld eru ekki talin með.

⁷⁴ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861.

⁷⁵ Kristján G. Þorvaldsson 1951, 44. (Árbók F.Í.).

⁷⁶ Fasteignabók 1932.

⁷⁷ Manntal 1703. Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁷⁸ Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.sýsla um 1735, eftirrit. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Manntal 1762.

⁷⁹ Sóknarmannatöl Staðar í Súgandafirði.

⁸⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁸¹ Sbr. sömu heimild.

⁸² Sama heimild.

⁸³ Sama heimild.

⁸⁴ Sama heimild.

Tafla 1⁸⁵**Fjöldi búfjár á Gelti**

Ár	Kýr	Aðrir nautgripir	Ær	Aðrar sauðkindur	Hross
1710	5	1	30 ?	52	1
1791	2	0	33	9	1
1821	3	0	43	10	1
1830	3	1	28	19	0
1840	2	0	26	12	0
1850	1	0	30	29	1
1860	2	1	30	28	1
1870	2	0	26	24	1
1880	1	0	20	12	1
1891	1	0	35	53*	1
1900	2	0	42	14	2

*) Þarna eru fáeinir geldar ær taldar með sem ættu að færast í næsta dálk fyrir framan sem þó er ekki hægt vegna þess að í tíundarskýrslunni sem á er byggt eru þær settar í einn flokk með tvævetra sauðum.

Taflan sýnir að árið 1710 voru meira en tvöfalt fleiri nautgripir á Gelti en almennt var á þessum sama bæ á nítjándu öldinni. Minni breyting varð á fjölda ána. Árið 1710 voru hér 35 sauðir, tveggja ára eða eldri.⁸⁶ Á árunum kringum 1800 og á nítjándu öld voru sauðirnir yfirleitt mun færri ef marka má skýrslurnar sem taflan byggir á. Á árunum 1850, 1860, 1870 og 1880 voru tvævetra sauðir og eldri í eigu Galtarbænda aldrei fleiri en tíu.⁸⁷ Árið 1891 voru þeir 18, að geldánum meðtöldum, þar af tveir þriggja vetra eða eldri.⁸⁸ Engir sauðir fyrirfundust á Gelti aldamótaárið 1900, bara ær og gemlingar, sé tíundarskýrslan frá því ári marktæk.⁸⁹

Bátæign fólksins sem bjó á Gelti tók líka miklum breytingum í tímans rás. Árið 1762 átti bóndinn sem þá bjó hér fjöggra manna far (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Þremur áratugum síðar, haustið 1791, átti Galtarbóndi þrjá báta, áttæring, sexæring eða fjöggra manna far og lítinn bát sem var tveggja eða þriggja manna far.⁹⁰ Bóndi sem bjó skamman tíma á Gelti á árunum upp úr 1820 átti tvo áttæringa og lítinn bát að auk.⁹¹ Að honum gengnum munu Galtarmenn aldrei hafa eignast áttæring og líklega

⁸⁵ Jarðab. Á. og P. VII, 138. Rtk. Isl. Journal 9, nr. 34, bún.sk. 1791. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821 og 1830. VA III, 408, 412, 417, 421 og 424, bún.sk. 1840, 1850, 1860, 1870 og 1880.

Skjöl Suðureyrarhr. varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, tíundarskýrslur 1891 og 1900.

⁸⁶ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁸⁷ VA III, 412, 417, 421 og 424, búnaðarskýrslur 1850, 1860, 1870 og 1880.

⁸⁸ Skjöl Suðureyrarhr. varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, tíundarskýrsla 1891.

⁸⁹ Sama *Bók fyrir Suðureyrarhrepp*, tíundarskýrsla 1900.

⁹⁰ Rtk. Isl. Journal 9, nr. 34, búnaðarskýrslur 1791.

⁹¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821. Sbr. Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

ekki heilan sexæring fyrr en eftir 1880.⁹² Á árunum 1830-1870 átti fólkíð á Gelti yfirleitt bara einn lítinn bát, tveggja eða þriggja manna far, og stöku snum tvo slíka báta.⁹³ Árið 1880 átti þáverandi bóndi á Gelti stærri bát að hálfu á móti bóndanum á Norðureyri.⁹⁴ Sá bátur var sexæringur eða fjöggra manna far⁹⁵ (sbr. hér bls. 51-52).

Upp úr 1880 kom nýr bóndi að Gelti (sjá hér bls. 53-64). Hann átti árið 1891 sexæring og kynni líka að hafa átt annan minni bát því að um tveggja og þriggja manna för er hvergi getið í tíundarskýrslunni frá því ári.⁹⁶ Tvímælalaust er að vorið 1899 voru bátar bóndans á Gelti tveir, annar sexæringur en hinn þriggja manna far.⁹⁷ Frá útvegi bændanna á Gelti segjum við svolítið nánar þegar staldrað verður við í Galtarlandinu hér út með ströndinni en þar var uppsátrið á síðustu árum nítjándu aldar og líka um aldamótin 1800 (sjá hér bls. 73-83).

Árið 1658 var landskuldin af Gelti 100 álnir,⁹⁸ það er fimm sjöttu hlutar úr kúrverði, og stóð sú fjárhæð enn óbreytt árið 1695.⁹⁹ Á því ári eða hinu næsta féll skriða á túnið og olli hún verulegum landspjöllum.¹⁰⁰ Af þeim ástæðum var landskuldin lækkuð niður í 3 vættir, það er 60 álnir, árið 1697 og hélst óbreytt næstu ár, að minnsta kosti til 1710.¹⁰¹

Um eða fyrir 1750 hækkaði jarðarfgjaldið þó á ný og var 80 álnir árið 1753.¹⁰² Nær 100 árum síðar hafði landskuldin, sem leiguliðinn á Gelti varð að greiða landsdrottinni sínum, lækkað á ný og var 60 álnir skömmu fyrir miðja nítjándu öld.¹⁰³

Staðreyndirnar sem hér hafa verið raktar benda eindregið til þess að á 17., 18. og 19. öld hafi árleg landskuld af Gelti jafnan verið á bilinu frá 60 til 100 álnir og aldrei náð heilu kúrverði en í því voru 120 álnir. Árið 1916 var landskuldin hins vegar 180,- krónur¹⁰⁴ en þá var hið opinbera kúrverð 162,- krónur.¹⁰⁵ Á þessum tíma var landskuldin, sem ábúandinn á Gelti þurfti að greiða, því furðulega há og sú langhæsta í Súgandafirði.¹⁰⁶ Landskuldin af Botni kom næst en hún var 96,- krónur og þar var tvíbýli.¹⁰⁷ Að fornu mati var Botn 24 hundraða jörð en Göltur 12

⁹² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821 og 1830. VA III, 408, 412, 417, 421 og 424, bún.sk. 1840, 1850, 1860, 1870 og 1880. Skjöl Suðureyrarhr. varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, tíundarskýrslur 1891 og 1900.

⁹³ Sömu heimildir.

⁹⁴ Sömu heimildir.

⁹⁵ Sömu heimildir.

⁹⁶ Sömu heimildir.

⁹⁷ Gunnar M. Magnúss / Halldór Guðmundsson 1977, 54. Sbr. Skjöl Suðureyrarhr. varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, tíundarskýrsla dags. 21.10.1901.

⁹⁸ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

⁹⁹ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695.

¹⁰⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

¹⁰¹ Sama heimild.

¹⁰² Jarða- og bændatöl 1752-1765, Ísafj.sýsla 1753.

¹⁰³ J. Johnsen 1847, 196.

¹⁰⁴ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹⁰⁵ Stjórnartíðindi 1917 B, bls. 114.

¹⁰⁶ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹⁰⁷ Sama heimild.

hundrað.¹⁰⁸ Hér er á öðrum stað reynt að skýra hvers vegna landskuldin af Gelti var svona himinhá á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar (sjá hér bls. 65-66).

Hér á Gelti fylgdu þrjú kúgildi jörðinni árið 1658 en 1695 voru innstæðukúgildin bara tvö.¹⁰⁹ Árið 1710 átti landsdrottinn aðeins eitt leigukúgildi á Gelti.¹¹⁰ Í Jarðabókinni frá því ári er tekið fram að þeim hafi fækkað úr þremur í eitt vegna hinnar miklu skriðu sem féll á túnið um 1695.¹¹¹ Um miðbik átjándu aldar átti eigandi jarðarinnar ekkert leigukúgildi hér á Gelti og ekki heldur um miðja nítjándu öld.¹¹² Árið 1916 voru hins vegar komnar hingað að nýju 12 ær frá landsdrottni,¹¹³ það er tvö kúgildi.

Í byrjun átjándu aldar áttu Galtarbændur að greiða landskuldina og einnig leigur af innstæðukúgildinu í *peningum eftir dönskum taxa*.¹¹⁴ Þetta var óvenjulegt, einkum hvað varðar leigurnar, því þær voru yfirleitt greiddar í smjöri eða þá í öðrum landaurum,¹¹⁵ það er gjaldgengum innlendum afurðum.

Um jörðina Gölt í Súgandafirði er fyrst getið í *testamentisbréfi* Solveigar Björnsdóttur á Skarði frá 17. janúar 1495.¹¹⁶ Solveig var dóttir Björns hirðstjóra Þorleifssonar á Skarði á Skarðsströnd og konu hans, Ólafar ríku Loftsdóttur.¹¹⁷ Foreldrar Solveigar voru auðgasta fólk landsins á sínum tíma¹¹⁸ og áttu mikinn fjölda jarða, meðal annars á Vestfjörðum. Ekki mun fjarri lagi að eignir þeirra hafi numið sem svaraði 8.400 kúgildum er Björn hirðstjóri var veginn í Rifi af Englendingum árið 1467.¹¹⁹ Af þessu góssi erfði Solveig um það bil fimm hundrað hundraða við andlát föður síns¹²⁰ eða sem svaraði 600 kúgildum. Í hennar erfðahlut kom meðal annars höfuðbólið Hóll í Bolungavík og fjöldi annarra jarða þar um slóðir og í Önundarfirði.¹²¹ Líklegt má telja að Göltur hafi verið ein jarðanna sem Solveig fékk í arf eftir föður sinn og tvímælalaust er að hún átti bæði Gölt og Keflavík í Suðureyrarhreppi er hún andaðist árið 1495.¹²²

Solveig Björnsdóttir var elsta barn Björns hirðstjóra og Ólafar ríku, fædd í Vatnsfirði um 1435.¹²³ Solveig giftist ekki fyrr en 1480 eða skömmu síðar en á árunum 1467-1479 sat hún lengi á Hóli í Bolungavík og

¹⁰⁸ Jarðab. Á. og P. VII, 134 og 138.

¹⁰⁹ Lbs. 797⁴⁰, Jarðaskrár úr Ísafj.sýslu frá árunum 1658 og 1695.

¹¹⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

¹¹¹ Sama heimild.

¹¹² Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. J. Johnsen 1847, 196.

¹¹³ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

¹¹⁴ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

¹¹⁵ Sama heimild, 128-139. Sbr. Þorvaldur Thoroddsen / Lýsing Íslands III, 45-46.

¹¹⁶ D.I. VII, 244.

¹¹⁷ Íslenskar æviskrár I, 256-257 og IV, 123.

¹¹⁸ Arnór Sigurjónsson 1975, 134.

¹¹⁹ Sama heimild, 134, 193 og 241.

¹²⁰ Sama heimild, 241.

¹²¹ Sama heimild.

¹²² D.I. VII, 244.

¹²³ Arnór Sigurjónsson 1975, 56 og 240-241.

hafði sér við hlið ráðsmann er Jón hét og var Þorláksson¹²⁴ (sbr. hér Staður). Með honum eignaðist hún á þeim árum sex börn sem öll voru óskilgetin og af þeim ástæðum var henni meinað að njóta arfs eftir Árna bróður sinn, sem féll í orrustu árið 1471, og Ólöfu móður sína sem andaðist 1479 eða 1480.¹²⁵ Síðar náði Solveig að rétta hlut sinn. Þann 5. apríl 1479 fékk hún hjá móður sinni leyfi til að giftast Páli Jónssyni í Ögri er þá mun hafa þótt *mjög álitlegur karlkostur* vegna auðs og valda. Hann var föðurbróðir Björns Guðnasonar í Ögri¹²⁶ er kallast mátti héraðshöfðingi Vestfirðinga á árunum upp úr 1500.

Páll Jónsson í Ögri og Solveig Björnsdóttir voru fjórmenningar að frændsemi og máttu því ekki ganga í hjúskap nema með sérstöku leyfi frá páfanum í Róm.¹²⁷ Það leyfi fékkst en engu að síður mun Solveig hafa verið uggandi um að synir hennar tveir, er hún eignaðist með Páli, kynnu að verða dæmdir arflausir.¹²⁸ Þess vegna gekk hún í banalegu sinni frá *testamentisbréfi* því sem hér var áður nefnt og dagsett er 17. janúar 1495.¹²⁹ Í bréfinu tekur Solveig fram að hún gefi sonum þeirra Páls, Þorleifi og Jóni, meginhluta eigna sinna og nefnir 70-80 jarðir er allar skuli teljast þeirra lögmæt eign að sér látinni.¹³⁰ Síðustu árin sem Solveig lifði sátu þau Páll á Skarði á Skarðsströnd,¹³¹ sem áður var setur foreldra hennar, og var Skarð eitt höfuðbólanna sem hún gaf sonum þeirra Páls með *testamentisbréfinu* en þeir fengu líka Hól í Bolungavík og fjölda jarða á Vestfjörðum, þar á meðal Gölt og Keflavík¹³² norðan Galtar.

Í varðveittum skjölum er jörðin Göltur í Súgandafirði fyrst nefnd í þessu gjafabréfi eins og fyrr var getið. Synir Solveigar og Páls voru báðir á barnsaldri er móðir þeirra andaðist og annar þeirra, Jón Pálsson, dó mjög skömmu síðar en Þorleifur komst til manns.¹³³ Páll Jónsson á Skarði, eiginmaður Solveigar Björnsdóttur, var veginn haustið 1496¹³⁴ og lifði því aðeins hálfu öðru ári lengur en hún. Þorleifur Pálsson var enn barn eða unglingur þegar faðir hans var sviptur lífi og þá munu feðgarnir Guðni sýslumaður Jónsson á Kirkjubóli í Langadal við Djúp, sem var föðurbróðir Þorleifs, og Björn Guðnason í Ögri hafa tekið erfðafé Solveigar Björnsdóttur í sína umsjá.¹³⁵

Um þetta arfagóss urðu síðan langar og illvígar deilur sem ekki verða raktar hér. Þess skal þó getið að sumarið 1511 var mörgum jörðum, sem Solveig hafði átt á Vestfjörðum, skipt á milli fimm af sex óskilgetnum

¹²⁴ Arnór Sigurjónsson 1975, 244-247.

¹²⁵ Sama heimild, 140, 237 og 244-248.

¹²⁶ Ísl. æviskrár I, 216, II, 195 og IV, 123.

¹²⁷ Arnór Sigurjónsson 1975, 248-249.

¹²⁸ Sama heimild, 252-255.

¹²⁹ Sama heimild.

¹³⁰ Sama heimild.

¹³¹ Sama heimild, 249-250.

¹³² Sama heimild, 252-255.

¹³³ Ísl. æviskrár IV, 123 og V, 184. Arnór Sigurjónsson 1975, 398-399.

¹³⁴ Arnór Sigurjónsson 1975, 277.

¹³⁵ Sama heimild, 302.

börnum hennar, er hún hafði eignast með ráðsmanni sínum á Hóli, Jóni Þorlákssyni sem fyrr var nefndur.¹³⁶ Fyrir þessari eignaskiptingu stóð Stefán Jónsson, þáverandi Skálholtsbiskup, og fengu bræðurnir, Björn og Einar Jónssynir Hól í Bolungavík og ellefu aðrar jarðir þar í grennd í sinn hlut, þar á meðal Gölt í Súgandafirði og Keflavík¹³⁷ norðan Galtar. Í *testamentisbréfi* sínu frá árinu 1495 hafði Solveig Björnsdóttir reyndar mælt svo fyrir að hin óskilgetnu börn, er hún hafði eignast með Jóni Þorlákssyni, skyldu fá í sinn hlut sex hundruð hundraða, er jarðeignum hennar yrði skipt,¹³⁸ en allt fór það á rugling síðar. Með úrskurði sínum frá árinu 1511 mun Stefán biskup hafa ætlað sér að rétta nokkuð hlut þessara barna Solveigar.

Bræðrunum Birni og Einari Jónssonum mun ekki hafa auðnast að halda til lengdar þeim jörðum sem Stefán biskup ætlaði þeim árið 1511. Ljóst er hins vegar að Þorleifur lögmaður Pálsson, hálfbróðir þeirra, átti Hól í Bolungavík er hann andaðist árið 1557 eða 1558 og líka margar jarðir sem fylgt höfðu Hóli um skeið, þar á meðal Gölt og Keflavík í Suðureyrarhreppi.¹³⁹ Við erfðaskipti sem gengið var frá á Skarði 10. maí 1558 fékk Guðrún, dóttir Þorleifs Pálssonar, Hól í Bolungavík í sinn hlut og einnig Gölt og Keflavík.¹⁴⁰ Hún var þá gift Agli Jónssyni, lögréttumanni á Geitaskarði í Húnaþingi.¹⁴¹

Skjalfestur vitnisburður frá árinu 1563 bendir reyndar til þess að svo seint hafi einhverjir enn reynt að véfengja rétt Þorleifs Pálssonar og dóttur hans til þessara jarðeigna því ella hefði tæplega þurft á nefndum vitnisburði að halda. Þennan vitnisburð lét í té maður að nafni Sigurður Þormóðsson og kveðst þar oftlega hafa *séð og yfirlesið Testamentumbréf er Solveig heitin Björnsdóttir hafði gjöra látið í sinni dauðstíð*.¹⁴² Í vitnisburðinum tekur Sigurður fram að *testamentisbréfið* sem hann sá og las hafi verið með *heilum og ósködduðum hangandi innsiglium* og þar mátt sjá að *fyrst allra sinna gjafa* hafi Solveig gefið sínum syni, Þorleifi Pálssyni, Hól í Bolungavík *með öllum þeim jörðum sem þar undir liggja ... að tilskilinni jörðinni Gelti í Súgandafirði*.¹⁴³

Ástæðan fyrir því að menn voru árið 1563 að rifja upp hina 68 ára gömlu erfðaskrá Solveigar Björnsdóttur og minna á þetta ákvæði hennar getur varla hafa verið önnur en sú ein að erfingjar sonar hennar, Þorleifs Pálssonar, hafi viljað leitast við að sanna að hann hafi átt þessar jarðir í Bolungavík og Súgandafirði með réttu.

Skemmtileg er sagan sem Bogi Benediktsson, hinn fróði, á Staðarfelli, rekur í riti sínu, *Sýslumannaæfum*, en hann segir þar að Guðrún, dóttir Þorleifs Pálssonar á Skarði, hafi fengið Árna Gíslasyni, sýslumanni á

¹³⁶ Arnór Sigurjónsson 1975, 462. D.I. VIII, 358-360.

¹³⁷ Sömu heimildir.

¹³⁸ Arnór Sigurjónsson 1975, 462.

¹³⁹ D.I. XIII, 305-307.

¹⁴⁰ Sama heimild.

¹⁴¹ Ísl. æviskrár I, 331 og V, 184.

¹⁴² D.I. XIV, 46.

¹⁴³ Sama heimild.

Hlíðarenda í Fljótshlíð, Hól í Bolungavík í jarðaskiptum og lætur þess getið að Hól hafi hún látið falan við Árna gegn því að hann tryggði henni *kóngrsnáðarbréf* sem hún þurfti á að halda vegna barneignar í meinum.¹⁴⁴

Sé eitthvað að marka gamlar munnmælasögur og kveðskap tengdan þessum jarðakaupum má ætla að Árni Gíslason og Sæmundur sonur hans hafi lagt ærið kapp á að ná Hóli undir sig en Sæmundur var þá í kvonbænahugleiðingum og hafði beðið Elínar, dóttur Magnúsar prúða Jónssonar, sýslumanns, og konu hans Ragnheiðar Eggertsdóttur.¹⁴⁵ Segir sagan að Magnús hafi svarað bónorðinu með vísu sem alkunn varð:

*Fæst ei skjól hjá faldasól,
fyrðar honum það segi,
nema eigi hann Hól fyrir höfuðból
hana fær hann eigi.*¹⁴⁶

Hvort Magnús prúði hefur ort vísuna eða hún verið lögð honum í munn veit líklega enginn en hitt er fullvíst að Sæmundur Árnason frá Hlíðarenda fékk að lokum Elínar og var kaupmáli þeirra gerður haustið 1588.¹⁴⁷ Þá var Sæmundur orðinn eigandi að Hóli í Bolungavík en þar bjuggu þau Elín Magnúsdóttir lengi og síðan niðjar þeirra.¹⁴⁸

Hvaðan Bogi á Staðarfelli hefur söguna um viðskipti Árna Gíslasonar á Hlíðarenda og Guðrúnar Þorleifsdóttur frá Skarði er ekki ljóst. Vera má að stoðir hennar séu ekki traustar því í annarri heimild segir að Magnús prúði Jónsson, sem hér var nefndur, hafi keypt Hól árið 1582,¹⁴⁹ sex árum áður en gengið var frá kaupmála Sæmundar og Elínar. Ljóst er samt sem áður að niðjar þessara hjóna hafa haldið til haga vitnisburðinum frá 1563 sem ætlaður var til að sýna fram á að Þorleifur Pálsson á Skarði hefði átt Hól með réttu. Á fyrsta þriðjungi 17. aldar var frumritið af þeim vitnisburði í höndum Sæmundar Magnússonar, lögsagnara á Hóli,¹⁵⁰ sonarsonar Sæmundar Árnasonar og Elínar Magnúsdóttur.¹⁵¹ Fullvíst má því í rauninni telja að Árni Gíslason eða Magnús prúði Jónsson hafi keypt Hól af Guðrúnu Þorleifsdóttur en báðir voru þeir forfeður ættarinnar sem lengst bjó á Hóli á síðari öldum.

Fróðlegt væri að vita hvort Göltur í Súgandafirði fylgdi enn Hóli þegar Sæmundur Árnason og Elín kona hans eignuðust höfuðból þetta í Bolungavík á árunum skömmu fyrir 1590. Nokkrar líkur benda til þess að svo hafi verið því á árunum kringum 1500 var jörðin Göltur tvímælaust ein af *Hólsjörðunum* og svo var enn 1511 (sjá hér bls. 11-13). Fullvíst er að Guðrún Jónsdóttir, bróðurdóttir Elínar Magnúsdóttur á Hóli og

¹⁴⁴ Bogi Benediktsson / Sýslumannaæfir II, 630. Sbr. Ísl. æviskrár V, 184.

¹⁴⁵ Jón Þorkelsson 1895, 93-94.

¹⁴⁶ Sama heimild.

¹⁴⁷ Sama heimild.

¹⁴⁸ Sama heimild. Ísl. æviskrár IV, 379.

¹⁴⁹ Jón Þorkelsson 1895, 93-94.

¹⁵⁰ D.I. XIV, 46.

¹⁵¹ Ísl. æviskrár IV, 379 og III, 460-461.

sonardóttir Magnúsar prúða Jónssonar, átti Gölt árið 1658.¹⁵² Í jarðaskrá úr Ísafjarðarsýslu frá því ári er *kvinnu Guðmundar Ásmundssonar* sögð vera eigandi Galtar en aðeins einn maður með því nafni kemur við skjöl um miðbik sautjándu aldar og átti hann heima í Stóra-Holti í Saurbæ í Dalasýslu.¹⁵³ Kona hans var Guðrún Jónsdóttir, dóttir Jóns dan Magnússonar á Eyri í Seyðisfirði við Djúp, annars tveggja sona Magnúsar prúða sem báru Jóns nafn.¹⁵⁴

Guðrún þessi Jónsdóttir í Stóra-Holti andaðist árið 1660¹⁵⁵ en jörðin Göltur var allengi í eigu niðja hennar. Eitt barna Guðrúnar og Guðmundar Ásmundssonar í Stóra-Holti var Ólöf sem giftist árið 1653 Magnúsi Magnússyni, sýslumanni á Eyri í Seyðisfirði við Djúp.¹⁵⁶ Þeirra dóttir var Ingibjörg Magnúsdóttir sem giftist árið 1684 séra Halldóri Pálssyni, aðstoðarpresti og síðar sóknarpresti í Selárdal.¹⁵⁷ Þessari dótturdóttur sinni, þá barnungri, gaf Guðrún í Stóra-Holti Gölt skömmu fyrir andlát sitt.¹⁵⁸ Ólöf Guðmundsdóttir, dóttir Guðrúnar og móðir Ingibjargar, samþykkti þennan gjörning móður sinnar að því tilskildu

*... að hún [Ólöf] og maður hennar, Magnús Magnússon, megi hafa byggingarráð á jörðinni þar til þau afleggja hana fúslega og að Ingibjörg framgangi í hlýðni og guðs ótta og styrki yngri systkini sín.*¹⁵⁹

Í jarðaskrá frá árinu 1695 er séra Halldór í Selárdal, eiginmaður nýnefndrar Ingibjargar Magnúsdóttur, sagður eiga Gölt.¹⁶⁰ Prestur þessi var sonur séra Páls Björnssonar í Selárdal¹⁶¹ sem á sínum tíma var talinn öðrum betur menntaður en mun nú kunnastur fyrir harðleikni sína við meinta galdramenn, enda kom hann mörgum á bálið.

Séra Halldór Pálsson tók við embætti sóknarprests í Selárdal við andlát föður síns haustið 1706.¹⁶² Ári síðar missti hann konuna í stórubólu en sjálfur lifði séra Halldór til ársins 1733 og hélt embætti sínu til æviloka.¹⁶³ Í Jarðabókinni frá 1710 sést að Halldór prófastur í Selárdal var þá enn eigandi Galtar.¹⁶⁴ Hann mun hafa átt jörðina til dauðadags en sonur séra Halldórs, Björn Halldórsson, stúdent og bóndi í Stóra-Laugardal í

¹⁵² Lbs. 797⁴⁰, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658. Bogi Benediktsson / Sýslumannaæfir II, 220-221.

Ísl. æviskrár VI, 285, 1, 105-106 og III, 443.

¹⁵³ Alþingisbækur Íslands V. VI. og VII. bindi, registur. Sbr. Bogi Benediktsson / Sýslum.æfir, nafnaskrá.

Ísl. æviskrár I, 105-106, III, 443 og VI, 285. Sbr. Annálar VII, Lykilbók I, 90.

¹⁵⁴ Ísl. æviskrár III, 431 og VI, 285.

¹⁵⁵ Bogi Benediktsson / Sýslumannaæfir II, 220-221.

¹⁵⁶ Sama heimild. Ísl. æviskrár III, 443.

¹⁵⁷ Ísl. æviskrár II, 268 og III, 443.

¹⁵⁸ Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. Kph. 1993, 165-166.

¹⁵⁹ Sama heimild, 180.

¹⁶⁰ Lbs. 797⁴⁰, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695.

¹⁶¹ Ísl. æviskrár II, 268 og IV, 111-112.

¹⁶² Sama heimild.

¹⁶³ Sama heimild.

¹⁶⁴ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

Tálknafirði, seldi Gölt fyrir 36 ríkisdali í spesíumynt skömmu eftir andlát föður síns.¹⁶⁵ Sá sem keypti var frændi hans, séra Sigurður Sigurðsson, prestur í Holti í Önundarfirði, en þeir Björn voru systkinasynir og var séra Páll Björnsson í Selárdal afi beggja.¹⁶⁶ Gengið var frá kaupunum þann 11. nóvember 1734.¹⁶⁷ Séra Sigurður virðist hafa fengið þessa tólf hundraða jörð á góðu verði því að í innanlandsviðskiptum var hver ríkisdalur aðeins talinn 30 álna virði¹⁶⁸ svo almenna viðmiðunin hefur verið sú að gefa 36 ríkisdali fyrir níu hundruð.

Séra Sigurður Sigurðsson var prestur í Holti í liðlega 50 ár, frá 1709 til 1760, fyrst aðstoðarprestur og síðan sóknarprestur (sjá hér Holt). Hann andaðist 22. desember 1760¹⁶⁹ og tveimur árum síðar er annar *Sivert Sivertsen* talinn eigandi Galtar.¹⁷⁰ Sá Sigurður Sigurðsson var tengdasonur séra Sigurðar Sigurðssonar í Holti.¹⁷¹ Hann var sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og sat á Mosvöllum í Önundarfirði, nefndur Sigurður *skuggi* (sjá hér Mosvellir).

Í alþingisbókinni frá 1766 er sagt að vorið 1765 hafi Sigurður sýslumaður sett 6 hundruð í Holti við *Súgandafjörð* og aðra jarðeign að veði til tryggingar skilvísri greiðslu á árlegri *afgift af Ísafjarðarsýslu samt Barðastrandar- og Álftafjarðarjörðum* til konungs.¹⁷² Þarna er greinilega um misritun eða prentvillu að ræða og þar sem stendur í Holti hefur átt að standa í *Gelti* því jörðin *Holt við Súgandafjörð* er ekki til og hefur aldrei verið.

Árið 1765 vék Sigurður sýslumaður *skuggi* brott frá Vestfjörðum (sjá hér Holt) og 6. janúar 1767 seldi hann Gölt Jóni Jónssyni, lögréttumanni í Hnífsdal.¹⁷³ Kaupverðið var nú 48 ríkisdalir¹⁷⁴ eða þriðjungji hærra en þegar tengdafaðir Sigurðar sýslumanns keypti jörðina árið 1734. Hinn nýi eigandi, Jón Jónsson, lögréttumaður í Hnífsdal, var fæddur um 1709 og var enn á lífi árið 1774.¹⁷⁵ Um hann og ætt hans hefur Theódór Árnason skrifað í ritinu *Vestfirskar ættir* og skal til þess vísað.¹⁷⁶

Vorið 1790 fóru hjónin Jón Bjarnason og Margrét Guðnadóttir að búa á *Gelti*¹⁷⁷ og má telja mjög líklegt að þau hafi eignast jörðina um svipað leyti. Með fullri vissu er vitað að Margrét átti Gölt árið 1805 en hún var þá orðin ekkja og bjó á þessari eignarjörð sinni.¹⁷⁸ Þau Jón og Margrét voru fyrstu sjálfseignarbændurnir á *Gelti* sem um er kunnugt. Hér segir nánar

¹⁶⁵ Alþ.b. Íslands XII, 306.

¹⁶⁶ Ísl. æviskrár IV, 256.

¹⁶⁷ Alþ.bl Íslands XII, 306.

¹⁶⁸ Jón J. Aðils 1971, 418-420.

¹⁶⁹ Ísl. æviskrár IV, 256.

¹⁷⁰ Manntal 1762.

¹⁷¹ Ísl. æviskrár IV, 256 og 258.

¹⁷² Alþ.b. Íslanda XV, 21.

¹⁷³ Sama heimild, 63.

¹⁷⁴ Sama heimild.

¹⁷⁵ Theódór Árnason / Vestfirskar ættir IV, 361.

¹⁷⁶ Sama heimild, 361-385. Sbr. Lögréttumannatal III, 307-308.

¹⁷⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁷⁸ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

frá þeim síðar og frá seinni eiginmanni húsfreyju þessarar á Gelti en hann hét líka Jón Bjarnason (sjá hér bls. 23-34). Margrét Guðnadóttir á Gelti og eiginmenn hennar voru mjög vel efnum búin. Þegar hún andaðist árið 1814 var bú hennar og seinni eiginmannsins, að frádregnum skuldum, virt á 3.262 ríkisdali.¹⁷⁹ Tæpur helmingur þessara fjármuna voru jarðeignir, ásamt meðfylgjandi leiguám, en þau áttu þá fimm jarðir og parta úr öðrum fimm (sjá hér bls. 27). Að fornu mati var dýrleiki þessara jarðeigna, allra til samans, 103 hundruð¹⁸⁰ en minnt skal á að heimajörðin, Göltur, var aðeins 12 hundruð að dýrleika.

Erfingjar Margrétar á Gelti voru fjórir, þrjú börn hennar af fyrra hjónabandi og eftirlifandi eiginmaður, Jón Bjarnason.¹⁸¹ Kom Göltur í hans hlut og bjó Jón hér áfram allt til vorsins 1821 er hann fluttist að Sæbóli á Ingjaldssandi (sjá hér bls. 26-34). Hann dó á Sæbóli 27. júlí 1854.¹⁸² Óvíst er hversu lengi Jón átti Gölt en skýrsla sýslumanns um skipti á dánarbúi hans sýnir að hann átti jörðina ekki til æviloka.¹⁸³

Árið 1840 hóf Hallgrímur Lárentíusson búskap á Gelti en hann var þá orðinn roskinn og átti skammt eftir ólifað (sjá hér bls. 37-41). Þegar ekkja hans vék frá vorið 1845 tók Lárentíus, sonur Hallgríms, við búsför ráðum og þaðan í frá bjuggu hann og niðjar hans nær óslitið hér á Gelti allt til ársins 1909.¹⁸⁴ Valdimar Þorvaldsson staðhæfir að á Gelti muni *sjálfseignarbændur hafa búið mikinn hluta af nítjándu öld*.¹⁸⁵ Þessi orð Valdimars benda eindregið til þess að Lárentíus Hallgrímsson, sem bjó hér frá 1845 til 1862 (sjá hér bls. 45-47), hafi átt jörðina eða a.m.k. einhvern part úr henni og síðan niðjar hans sem hér bjuggu að honum látnum. Búskap sinn á Gelti virðist Lárentíus þó hafa byrjað sem leiguliði því að í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 er jörðin sögð vera í leiguábúð.¹⁸⁶ Þær upplýsingar kynnu reyndar að hafa verið orðnar nokkurra ára gamlar þegar bókin kom út. Hvað sem öðru líður er full ástæða til að taka mark á orðum Valdimars Þorvaldssonar, sem hér var áður vitnað til, og þá einkum hvað varðar síðari hluta nítjándu aldar. Sjálfur var Valdimar fæddur í Selárdal árið 1878 og ólst þar upp eins og hér hefur áður verið nefnt. Á uppvaxtarárunum og fram á fullorðinsár var hann samtíða greinargóðum konum sem fæddust í Selárdal á árunum upp úr 1830 og ólu þar allan sinn aldur svo ætla má að hann hafi vitað hvort bændurnir sem bjuggu á Gelti eftir 1860 voru leiguliðar eða sjálfseignarbændur.

Sterkar vísbendingar úr skjallægum heimildum benda reyndar til hins sama og orð Valdimars hvað varðar Lárentíus Hallgrímsson sem hér bjó um miðbik nítjándu aldar. Þar er þá fyrst að nefna að ekkja hans, Sigurborg

¹⁷⁹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals.

¹⁸⁰ Sama heimild.

¹⁸¹ Sama heimild.

¹⁸² Vestf. ættir I, 238.

¹⁸³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1855. Skipti á dánarb. Jóns Bj.s. á Sæbóli 28.4.1855.

¹⁸⁴ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁸⁵ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9.

¹⁸⁶ J. Johnsen 1847, 196.

Bergsdóttir, var enn aðaleigandi Galtar árið 1901¹⁸⁷ og í annan stað að sonur Lárentíusar og Sigurborgar átti sannanlega hálf tannað hundrað í Gelti árið 1883 (sjá hér Botn) sem líklegt má telja að hafi verið erfðahlutur. Allt bendir þetta til þess að Lárentíus hafi verið hér sjálfseignarbóndi og ekkja hans átti hálfa jörðina, 6 hundruð, allt til ársins 1904 en þá gaf hún Guðmundi Ásgrímssyni, sem bjó á Gelti og kvæntur var sonardóttur hennar, þessi jarðarhundruð í próventu sína.¹⁸⁸

Í fylgiskjölum með manntali frá árinu 1901 eru Sigurborg Bergsdóttir og fleiri sögð vera eigendur þessarar jarðar.¹⁸⁹ Hún var þá 93ja ára gömul og átti heima á Gelti hjá sonardóttur sinni, Guðrúnu Ólafsdóttur húsfreyju, og eiginmanni hennar, Guðmundi bónda Ásgrímssyni.¹⁹⁰ Árið 1904 átti Sigurborg gamla enn 6 hundruð í Gelti, það er hálfa jörðina¹⁹¹ en þá um sumarið ráðstafaði hún þessum 6 hundruðum til Guðmundar Ásgrímssonar gegn því að hann veitti sér sömu hjálp til lífsframsferis til dauðadags og hann hafi gjört að undanfögnu.¹⁹² Sigurborg andaðist 30. júní 1905 og við uppgjör á dánarbúi hennar, hálfum mánuði síðar, var tekið fullt tillit til þessarar ákvörðunar hinnar látnu.¹⁹³ Guðmundur og Guðrún, kona hans, urðu þá með formlegum hætti eigendur þessara sex jarðarhundraða en hina hálfenduna mun Guðrún hafa fengið að erfðum við andlát föður síns, Ólafs Lárentíussonar, áður bónda á Gelti,¹⁹⁴ sem dó vorið 1894.¹⁹⁵ Guðmundur Ásgrímsson og kona hans, Guðrún Ólafsdóttir, stóðu hér fyrir búi frá 1881-1909¹⁹⁶ en þau og nánustu ættingjar Guðrúnar áttu jörðina á því skeiði eins og sjá má á því sem hér hefur verið ritað.

Vorið 1911 fóru hjónin Guðmundur Guðmundsson frá **Vatnadal** og kona hans, Sigríður Magnúsdóttir, að búa hér á Gelti¹⁹⁷ og munu þau hafa keypt jörðina um svipað leyti.¹⁹⁸ Þau lentu í skuldabasli og töpuðu jörðinni í hendur Ásgeirsverslunar árið 1915.¹⁹⁹ Næstu árin voru þau leiguliðar á Gelti (sjá hér bls. 65-66) en náðu að rétta úr kútnum og um eða fyrir 1930 höfðu þau eignast jörðina á ný ef marka má Fasteignabók frá árinu 1932.²⁰⁰ Sonur Guðmundar og Sigríðar var síðasti bóndinn á Gelti (sjá hér Firðir og fólk 1900-1999, 456) og niðjar þeirra eiga jörðina enn (1996).²⁰¹

¹⁸⁷ Manntal 1901, fylgiskjöl.

¹⁸⁸ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrarhreppur 3. *Uppskrifta- og uppboðsbók*, löggilt 28.7.1881. Uppskrift á dánarbúi Sigurborgar Bergsdóttur 14.7.1905.

¹⁸⁹ Manntal 1901, fylgiskjöl.

¹⁹⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

¹⁹¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrarhreppur 3. *Uppskrifta- og uppboðsbók*, löggilt 28.7.1881. Uppskrift á dánarbúi Sigurborgar Bergsdóttur 14.7.1905.

¹⁹² Sama heimild.

¹⁹³ Sama heimild.

¹⁹⁴ Gunnar M. Magnúss /Halldór Guðmundsson 1977, 54.

¹⁹⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

¹⁹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

¹⁹⁷ Sama heimild og prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

¹⁹⁸ Lbs. 2233^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 8.4.1915.

¹⁹⁹ Sama heimild.

²⁰⁰ Fasteignabók 1932, bls. 52. Sbr. Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

²⁰¹ Jóhannes Aðalbjörnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.8.1995.

Hér hefur nú verið getið nokkurra eigenda hinnar fornu bújarðar Galtar í Súgandafirði, allt frá dögum Solveigar Björnsdóttur sem átti jörðina á síðari hluta fimmtándu aldar. Sé hins vegar spurt um bændurna sem bjuggu hér fyrir 1700 og þeirra fólk finnst ekkert nafn í rituðum heimildum fyrir en kemur að því góða og merkilega manntali sem tekið var árið 1703. Nöfn allra sem hér háðu sitt lífsstríð og komnir voru undir græna torfu árið 1703 eru týnd í tímans haf og munu varla finnast úr þessu.

Fyrsta manneskjan, sem átti dvöl á Gelti og frá er greint í varðveittum heimildum, er reyndar ekki nefnd með nafni og vera má að hún hafi aðeins verið hér gestkomandi. Þetta var fátæk stúlka sem árið 1661 lagði af stað frá Gelti áleiðis til Keflavíkur. Frá ferð hennar segir svo í Eyrarannál:

Gekk fátæk stúlka frá Gelti í Súgandafirði til Keflavíkur og fannst síðan sama dag á fjörunum milli nefndra bæja, nær dauð. Voru hennar föt brunnin upp að mitti, hempa og pils með götum en líkaminn óskaddaður.²⁰²

Þetta er undarleg saga og að því er virðist brengluð en höfundur annálsins, Magnús Magnússon, sýslumaður á Eyri í Seyðisfirði, reynir ekki að skýra hvað valdið hafi hinum furðulega bruna. Einhver hefur fært yfirvaldinu þessa frétt en Magnús hafði verið sýslumaður í Ísafjarðarsýslu í átta ár þegar atburðurinn skeði²⁰³ og því ekki um langan veg tíðinda að spyrja.

Bændurnir tveir sem bjuggu á Gelti árið 1703 hétu Jón Sigmundsson og Árni Sigmundsson.²⁰⁴ Jón var tæplega sextugur að aldri og bjó með þremur uppkomnum börnum sínum.²⁰⁵ Líklegt er að hann hafi verið ekkjumaður en dóttir hans, sem Ingibjörg hét, var bústýra hjá föður sínum.²⁰⁶ Hinn bóndinn, Árni Sigmundsson, var nokkru yngri en Jón, sagður 48 ára í manntalinu frá 1703.²⁰⁷ Kona hans, Steinvör Þorláksdóttir, var sex árum yngri en eiginmaðurinn.²⁰⁸ Í manntalinu verður ekki séð að þau hafi átt börn.²⁰⁹

Mjög líklegt verður að telja að bændurnir tveir sem bjuggu hér á Gelti í byrjun átjándu aldar, þeir Jón og Árni Sigmundssynir, hafi verið bræður. Til þess bendir, auk sameiginlegs föðurnafns, einkum sú staðreynd að þeir bjuggu saman í félagi eins og sjá má í nýnefndu manntali en þar segir: *Beggja þeirra er borð eitt og undir einu forsvari allt.*²¹⁰ Tilvitnuð orð sýna að árið 1703 mataðist allt heimafólk á Gelti við sama borð þó að býlin

²⁰² Annálar III, 271.

²⁰³ Ísl. æviskrár III, 443.

²⁰⁴ Manntal 1703.

²⁰⁵ Sama heimild.

²⁰⁶ Sama heimild.

²⁰⁷ Sama heimild.

²⁰⁸ Sama heimild.

²⁰⁹ Sama heimild.

²¹⁰ Sama heimild.

teldust vera tvö. Bæði búrekstur og heimilishald hafa því verið sameiginleg þó hvor um sig ætti sínar skepnur. Auk bændanna, Jóns og Árna, voru tveir aðrir Sigmundssynir á Gelti árið 1703, Björn, sem var 51 árs, og Bjarni, sem var 42ja ára.²¹¹ Vera kann að allir þessir fjórir Sigmundssynir hafi verið bræður. Björn Sigmundsson var vinnumaður hjá Árna bónda en Bjarni Sigmundsson var *karlægur af spítelsku*²¹² sem merkir að hann hafi verið holdsveikur. Fimmtán manneskjur áttu heima á Gelti árið 1703.²¹³ Í þeim hópi voru tvö tökubörn og tvær fullorðnar manneskjur sem ekki gátu unnið fyrir sér, þau Bjarni Sigmundsson og Steinvör Snjólfsdóttir sem var 68 ára gömul.²¹⁴ Um Bjarna og Steinvöru er tekið fram í manntalinu að þau nærist á *handbjörg beggja búenda*.²¹⁵

Enginn veit nú hvort eitthvað af heimilisfólkinu á Gelti hefur fallið í stórubólu árið 1707 en ljóst er að bændurnir tveir lifðu báðir af.²¹⁶ Þeir Jón og Árni Sigmundssynir bjuggu hér enn árið 1710 og töldust þá hafa sína hálflemduna hvor til ábúðar.²¹⁷ Tölur um fjölda búfjár á því ári hafa áður verið raktar í þessu riti (sjá hér bls. 9).

Um 1735 var maður að nafni Jón Jónsson eini bóndinn á Gelti.²¹⁸ Hugsanlegt er að hann hafi verið sonur Jóns Sigmundssonar sem hér bjó áður og fyrr var nefndur. Manntalið frá 1703 sýnir að Jón Sigmundsson á Gelti átti son sem hét Jón, fæddan um 1675.²¹⁹ Sá Jón Jónsson gæti því sem best hafa búið hér árið 1735 en um það hvort svo hafi verið í raun veit þó enginn.

Árið 1753 var Hákon Björnsson farinn að búa á Gelti og bjó þá einn á allri jörðinni.²²⁰ Hann var líka eini bóndinn á Gelti árið 1762, sagður 54 ára í manntali frá því ári.²²¹ Í því manntali sjáum við að Hákon átti konu, sem var á líkum aldri og hann, en nafn hennar er ekki nefnt.²²² Hjá þessum hjónum voru árið 1762 fimm börn þeirra, á aldrinum 10-20 ára, tveir synir og þrjár dætur.²²³ Á heimili þeirra voru líka þetta sama ár einn vinnumaður og ein vinnustúlka og hér var þá einhleypur húsmaður, Þorvaldur Bjarnason, liðlega fimmtugur að aldri.²²⁴

Í *Ættatölubókum* Jóns Espólín er Hákon Björnsson, bóndi á Gelti, sagður hafa verið launsonur Björns Þorsteinssonar, bónda á Meiri-Bakka í Skálavík.²²⁵ Espólín greinir líka frá því að Hákon hafi verið kvæntur konu

²¹¹ Manntal 1703.

²¹² Sama heimild.

²¹³ Sama heimild.

²¹⁴ Sama heimild.

²¹⁵ Sama heimild.

²¹⁶ Sama heimild. Sbr. Jarðab. Á. og P. VII, 138.

²¹⁷ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

²¹⁸ Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, eftirrit. Ísafj.sýsla um 1735.

²¹⁹ Manntal 1703.

²²⁰ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

²²¹ Manntal 1762.

²²² Sama heimild.

²²³ Sama heimild.

²²⁴ Sama heimild.

²²⁵ ÍB. 10^{4to}, Ættatölubækur Jóns Espólín, dálkur 1794.

sem Kristín hét og var Jónsdóttir.²²⁶ Árið 1762 átti hann bát, sem var fjöggra manna far, og reri á honum til fiskjar.²²⁷ Hásetahlutur hjá bóndanum á Gelti var 160 fiskar það ár, frá áramótum til vorvertíðarloka, og er þá átt við verðeininguna sem nefndist fiskur (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli) og var hálf alin. Í einu kýrverði voru 240 slíkir fiskar.

Ekki er nú auðvelt að sjá hversu lengi Hákon Björnsson kann að hafa búið á Gelti en niðjar hans og þeirra fólk voru hér allt til ársins 1790. Eins og fyrr var nefnt áttu Hákon og kona hans tvo syni og voru þeir 13 og 19 ára árið 1762.²²⁸ Annar þessara tveggja sona var Jón Hákonarson sem kvæntist Kristínu Bergsdóttur er seinna var lengi búandi ekkja á Norðureyri²²⁹ (sbr. hér Norðureyri). Líklegt er að Jón hafi tekið við búi á Gelti af Hákon, föður sínum, en það er þó ekki alveg víst. Hitt má fullyrða að hann og Kristín, kona hans, voru heimafólk á Gelti á árunum 1775-1781 því synir þeirra þrír, Bergur, Hákon og Jón, fæddust hér á þeim árum.²³⁰

Jón Hákonarson á Gelti varð ekki gamall maður því hann andaðist á árunum 1781-1784 og hefur þá verið um eða innan við fertugt. Hann var tvímælalaust á lífi árið 1780 því yngsti sonur hans fæddist ekki fyrr en 1781 eða jafnvel einu ári síðar (sjá hér Norðureyri). Hins vegar má telja víst að þessi fyrri eiginmaður Kristínar Bergsdóttur hafi verið látinn voridd 1784 því 25. júlí á því ári giftist hún í annað sinn eins og hér hefur áður verið nefnt (sjá Norðureyri).

Um Kristínu Bergsdóttur og seinni eiginmann hennar, Þorkel Jónsson, hefur áður verið fjallað í þessu riti en þau bjuggu í tvíbýli hér á Gelti frá 1784-1790 og síðan á Norðureyri (sjá hér Norðureyri). Sambýlisfólk Þorkels og Kristínar á árunum 1785-1790 voru hjónin Kristófer Kolbeinsson og Ásdís Hákonardóttir.²³¹ Í janúarmánuði árið 1786 var Kristófer talinn 39 ára gamall en Ásdís 45 ára.²³² Sterkar líkur benda til þess að Ásdís hafi verið dóttir Hákonar Björnssonar á Gelti, sem fyrr var nefndur, og systir Jóns Hákonarsonar, fyrri eiginmanns Kristínar Bergsdóttur. Í manntalinu frá 1762 er elsta dóttir Hákonar sögð vera tvítug²³³ og ætti þá að hafa verið fædd árið 1741 eða 1742 en það passar að heita má við aldur Ásdísar sem upp er gefinn í sóknarmannatalinu frá 1786 og í manntalinu frá 1801²³⁴ Í manntalinu frá 1762 eru dætur Hákonar Björnssonar á Gelti sagðar vera 20, 11 og 10 ára en þar eru nöfn þeirra hins vegar ekki nefnd.²³⁵ Mjög líklegt má samt telja að yngri systurnar tvær hafi verið Margrét, sem var húsfreyja á Stað árið 1801, sögð þá 51 árs gömul,

²²⁶ ÍB. 10^{4to}, Ættatölubækur Jóns Espólín, dálkur 1794.

²²⁷ Rtk. IV. 1. Skýrslur um sjávarútveg 1762.

²²⁸ Manntal 1762.

²²⁹ ÍB. 10^{4to}, Ættatölubækur Jóns Espólín, dálkar 1782-1786 og 1794.

²³⁰ Manntal 1816, 697 og 700. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1793, Norðureyri.

²³¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²³² Sama heimild.

²³³ Manntal 1762.

²³⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1801, vesturamt, 304.

²³⁵ Manntal 1762.

og Svanborg sem þá var vinnukona á Stað, talin 49 ára²³⁶ (sbr. hér Staður og Selárdalur).

Svo virðist sem sóknarpresturinn, séra Þorsteinn Þórðarson á Stað, hafi haft eitthvað við hegðun Ásdísar Hákonardóttur, húsfreyju á Gelti, að athuga því hann segir árið 1787 að hún hegði sér *sæmilega* þegar flestar aðrar konur í sókninni fá þá einkunn að þær hagi sér *vel*.²³⁷ Séra Þorsteinn tekur hins vegar fram að Ásdís sé *skýr í betra lagi*.²³⁸ Um Kristófer Kolbeinsson, eiginmann Ásdísar Hákonardóttur, segir prestur þetta sama ár, 1787, að hann hagi sér *skikkanlega* en sé *lítt fróður*.²³⁹ Kristófer hafði þá átt í nokkru stríði við yfirvöldin og haustið 1785 greindi séra Þorsteinn Þórðarson á Stað prófasti frá því að hann hefði hvorki *með blíðu né stríðu* getað fengið kotkarl þennan á Gelti til að greiða lögboðna tíund.²⁴⁰ Vera má að prestur hafi talið Ásdísi konu hans eiga sök á þeirri þvermóðsku. Þau Kristófer Kolbeinsson og Ásdís Hákonardóttir fóru frá Gelti vorið 1790 og settust að í Keflavík²⁴¹ en bjuggu síðar lengi í **Staðarhúsum ytri**, hjáleigu frá Stað í Súgandafirði, og hefur áður verið frá þeim sagt í þessu riti (sjá hér Staður, Staðarhús ytri þar).

Á árunum 1785-1790 voru jafnan þrjár fjölskyldur á Gelti því auk bændanna tveggja og þeirra fólks átti hér heima á þeim árum húsmaðurinn Ari Guðmundsson, ekkjumaður með tvö börn, sem í byrjun ársins 1786 voru 12 og 18 ára.²⁴² Sjálfur var Ari þá á sextugsaldur, *iðinn og frómur*, að sögn prestsins, en *fáfróður*.²⁴³ Börn Ara hétu Sigmundur og Þuríður og var Sigmundur eldri.²⁴⁴ Hann dó á Suðureyri 22. mars 1793.²⁴⁵ Þuríður lifði miklu lengur og hún eignaðist árið 1797 drenginn Sigurð Þuríðarson (sjá hér Staður, Staðarhús fremri þar) sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér Botn). Hann fæddist á Gelti en ólst að mestu leyti upp í Staðarhúsum ytri, hjá Kristófer Kolbeinssyni og Ásdísi Hákonardóttur sem áttu hér heima á uppvaxtarárum Þuríðar Aradóttur.²⁴⁶ Feðginin Ari Guðmundsson og Þuríður Aradóttir voru lengi viðloðandi hér á Gelti, fóru stundum burt en komu svo aftur.²⁴⁷ Á árunum 1786-1806 var Ari ýmist húsmaður eða vinnumaður.²⁴⁸ Þessi feðgin, Ari og Þuríður, voru bæði tvö enn á Gelti árið 1806.²⁴⁹ Presturinn segir þá um Þuríði að hún sé *ekki ófróð í andlegu*.²⁵⁰

²³⁶ Manntal 1801, vesturamt, 305.

²³⁷ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1787.

²³⁸ Sama heimild.

²³⁹ Sama heimild.

²⁴⁰ Skj.s. prófaste XIII. 1. A. 1. Vísitazíubók 1782-1789, Staður í Súgandaf. 13.9.1785.

²⁴¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁴² Sama heimild.

²⁴³ Sama heimild, 1786 og 1787.

²⁴⁴ Sama heimild.

²⁴⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁴⁶ Sömu heimildir.

²⁴⁷ Sömu heimildir.

²⁴⁸ Sömu heimildir.

²⁴⁹ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1806.

²⁵⁰ Sama heimild.

Vorið 1790 urðu mikil umskipti hér á Gelti en báðir bændurnir sem hér höfðu búið næstu árin á undan, þeir Þorkell Jónsson og Kristófer Kolbeinsson, urðu þá að víkja brott með allt sitt en nýtt fólk, sem kom norðan úr Jökulfjörðum, tók við jörðinni og hóf hér búskap.²⁵¹ Það voru hjónin Jón Bjarnason og Margrét Guðnadóttir sem þá voru bæði um fertugsaldur, Jón sagður 43ja ára í febrúar 1791 en Margrét 40 ára.²⁵² Þau komu frá Sléttu í Jökulfjörðum en þar höfðu þau búið í um það bil tíu ár og hafði Jón verið hreppstjóri í Sléttuhreppi á árunum 1786-1790.²⁵³

Vitneskja um ætterni og uppruna Jóns þessa Bjarnasonar liggur ekki fyrir en systur átti hann sem Kristín hét Bjarnadóttir og fluttist hún með honum að Gelti, fædd um 1740.²⁵⁴

Margrét Guðnadóttir, kona Jóns Bjarnasonar, var dóttir hjónanna Guðna Árnasonar og Rannveigar Jónsdóttur sem bjuggu á Tyrðilmýri á Snæfjallaströnd.²⁵⁵ Guðni, faðir Margrétar, var að sögn Jóns Espólínsonarsonur séra Halldórs Magnússonar í Árnasi á Ströndum²⁵⁶ en Rannveig, móðir hennar, var dóttir Jóns Einarssonar, lögréttumanns í Æðey, sem nefndur var Jón *hrekkur*, og konu hans, Guðrúnar Jónsdóttur frá Breiðavík í Rauðasandshreppi.²⁵⁷ Margrét, húsfreyja á Gelti, hefur því verið systurdóttir Halldóru Jónsdóttur, konu Bjarna Brynjólfssonar, bónda á Suðureyri í Súgandafirði (sjá hér Suðureyri).

Líklegt er að Jón Bjarnason hafi keypt jörðina Gölt um svipað leyti og hann fluttist hingað. Sannanlegt er að kona hans, Margrét Guðnadóttir, átti hana árið 1805 en hún var þá orðin ekkja.²⁵⁸ Næsti eigandi á undan, sem um er vitað með fullri vissu, var Jón Jónsson, lögréttumaður í Hnífsdal, en hann keypti Gölt árið 1767 (sjá hér bls. 16) og má vera að Jón Bjarnason hafi keypt af erfingjum hans.

Við komu sína að Gelti hófu Jón og Margrét, kona hans, strax búskap á allri jörðinni²⁵⁹ en áður hafði verið hér tvíbýli um nokkurt skeið (sjá hér bls. 8). Jón Bjarnason, bóndi á Gelti, druknaði sumarið 1800 (sjá hér bls. 25-26) en ekkja hans, Margrét Guðnadóttir, hélt búskapnum áfram og giftist í annað sinn á árunum 1808-1810.²⁶⁰ Hún andaðist í marsmánuði árið 1814 og hafði þá verið húsfreyja á Gelti í nær 24 ár. Að Margréti látinni bjó seinni eiginmaður hennar hér í sjö ár (sjá hér bls. 26-27 og 32-34) svo að samtals urðu búskaparár Margrétar og eiginmanna hennar hér á Gelti 31.²⁶¹ Á öllu því skeiði var hér einbýli (sjá hér bls. 8) og þetta fólk var tvímælalaust mun efnaðra en meginþorri almennings og verður hér

²⁵¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 345.

²⁵² Sömu heimildir.

²⁵³ Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 345.

²⁵⁴ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1791.

²⁵⁵ ÍB. 9^{4to}, Ættatölubækur Jóns Espólín, dálkar 959-968 og 3190-3193.

²⁵⁶ Sama heimild. Sbr. Ísl. æviskrár II, 265.

²⁵⁷ Sama heimild. Lögréttumannatal, 272.

²⁵⁸ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

²⁵⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁶⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁶¹ Sömu heimildir.

brátt vikið nánar að efnahag þess. Jörðin bar reyndar ekki stórt bú en Jón á Gelti bjó þó árið 1791 með fleiri sauðkindur en nokkur annar bóndi í Súgandafirði.²⁶² Þær voru 42, að lömbum frátöldum.²⁶³ Kýr hjónanna á Gelti voru hins vegar bara tvær þetta sama ár en fimm bændur í Súgandafirði, að prestinum meðtöldum, voru þá með þrjár kýr.²⁶⁴ Tveir áttæringar voru til í Súgandafirði árið 1791 og átti Jón Bjarnason á Gelti annan þeirra en hinn átti Guðmundur Ólafsson á **Kvíanesi**.²⁶⁵ Jón átti þá þrjá báta, áttæring, sexæring eða fjöggra mana far og einn minni bát.²⁶⁶ Enginn annar Súgfirðingur átti þá fleiri en tvo báta ef marka má búnaðarskýrslu sem fjórir hreppstjórar í Suðureyrarhreppi skrifuðu undir 21. desember 1791.²⁶⁷ Jón Bjarnason var sjálfur einn þessara hreppstjóra, þó aðeins væri liðið hálf árið frá því hann fluttist í hreppinn, en hinir þrír voru Erlingur Þorgilsson í Bæ, Bjarni Jónsson í **Ytri-Vatnadal** og Guðmundur Ólafsson á Kvíanesi.²⁶⁸

Allt sýnir þetta að Jón Bjarnason frá Sléttu var allvel efnaður á bændavísu er hann fluttist til Súgandafjarðar og jarðakaup hans fáum árum síðar staðfesta með enn skýrari hætti að svo muni hafa verið. Þann 9. mars 1797 keypti Jón bóndi á Gelti 15 hundruð í jörðinni Sæbóli á Ingjaldssandi af Jóni Jónssyni, sýslumanni í Strandasýslu, og galt fyrir þá jarðeign 180 ríkisdali í kúrantmynt.²⁶⁹ Þessum jarðarparti, sem var fjórðungur úr öllu Sæbóli, fylgdi eitt og hálf kúgildi og var andvirði þess innifalið í kaupverðinu.²⁷⁰ Í makaskiptum, sem fram fóru næsta ár, festi bóndinn á Gelti svo kaup á 12 hundruðum úr jörðinni Furufirði í Grunnavíkurhreppi með einu kúgildi en lét í staðinn af hendi 6 hundruð úr jörðinni Dvergasteini í Álftafirði við Djúp.²⁷¹ Frá þessum makaskiptasamningi var gengið 28. apríl 1798.²⁷² Hundruðin tólf sem Jón Bjarnason eignaðist þá í Furufirði voru hálf jörðin.²⁷³ Vera kann að Jón bóndi á Gelti hafi átt fleiri jarðeignir en þær sem hér hafa verið nefndar og fullvíst að ekkja hans átti árið 1805, auk háflendunnar í Furufirði og 15 hundraðanna úr Sæbóli, þrjár jarðeignir í Súgandafirði, það er að segja heimajörðina Gölt, hálfu Suðureyri og **Lauga**, og einnig tvær jarðir við Djúp, Bjarnastaði í Ísafirði og Birnustaði í Ögursveit²⁷⁴ (sjá hér bls. 27).

Þegar Jón Bjarnason og Margrét, kona hans, komu að Gelti vorið 1790 virðast þau aðeins hafa átt tvö börn á lífi, dæturnar Rannveigu sem sögð er 8 ára í sóknarmannatali frá 1791, og Guðrúnu sem þá var á fyrsta

²⁶² Rtk. Isl. Journal 9, nr. 34, búnaðarskýrslur 1791.

²⁶³ Sama heimild.

²⁶⁴ Sama heimild.

²⁶⁵ Sama heimild.

²⁶⁶ Sama heimild.

²⁶⁷ Sama heimild.

²⁶⁸ Sama heimild.

²⁶⁹ Alp.b. Íslands XVII, 333.

²⁷⁰ Sama heimild.

²⁷¹ Sama heimild, 467.

²⁷² Sama heimild.

²⁷³ Jarðab. Á. og P. VII, 312. Sóknalýs. Vestfj. II, 160.

²⁷⁴ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

ári.²⁷⁵ Fimm börn bættust við á næstu árum, öll fædd hér á Gelti á árunum 1792-1799.²⁷⁶ Á þessum árum voru yfirleitt um það bil tíu manneskjur í heimili hjá þeim Jóni og Margréti.

Um Jón Bjarnason frá Sléttu segir sóknarprestur Súgfirðinga árið 1791 að hann sé *atorkusamur* og *ei óskýr* en kona hans, Margrét húsfreyja á Gelti, fær þá einkunn við sama tækifæri að hún sé *vinnusöm* og kunnáttan *nokkurn veginn*.²⁷⁷ Fardagaárið 1798-1799 voru þrjú vinnuhjú hér á Gelti, Margrét Ögmundsdóttir, 30 ára, Bjarni Þorláksson, 27 ára, og Eiríkur Jónsson, 54 ára.²⁷⁸ Presturinn tekur fram að öll séu þau *dyggðug*.²⁷⁹ Annar þessara tveggja vinnumanna, sá eldri, fylgdi húsbónda sínum í hans hinstu för en upp í hana var lagt í júlilok árið 1800. Séra Þorsteinn Þórðarson á Stað greinir frá atburðum og orðar frásögn sína svo:

*30. júlí lögðu þessir uppskrifaðir 6 menn til hafs upp á hákarlafeng. Nú strax þar eftir féll upp á ógnarveður og stórsjór sem varaði í marga daga svo ekkert hefur síðan til þeirra eða skipsins spurst.*²⁸⁰

Séra Þorsteinn skráir nöfn manna sex sem fórust í þessari hákarlalegu og gerir grein fyrir þeim á þennan hátt:

*Jón Bjarnason frá Gelti, ríkur bóndi eigingiftur, 54 ára.
Þorkell Jónsson, eigingiftur bóndi frá Norðureyri, 40 ára.
Hákon Jónsson, hans stjúpsonur 20 ára.
Eiríkur Jónsson, vinnumaður frá Gelti, 54 ára.
Ólafur Guðmundsson, bóndasonur frá Suðureyri, 18 ára.
Einar Jónsson, vinnumaður frá Kvíanesi, 30 ára.*²⁸¹

Jón Espólín greinir líka frá drukknun Jóns á Gelti og skipverja hans í Árbókum sínum og ritar þar á þessa leið:

*Það bar enn til seint í Julio [1800] að Jón bóndi Bjarnason frá Gelti við Súgandafjörð, auðugur maður, fór í hákarlalegu við sjöunda mann og er þeir höfðu úti legið rúm tvö dægur fóru önnur skip í land en sáu það til að þeir lögðu dýpra. Kom þá veður með brimi um nokkur dægur og spurdist ei til þeirra síðan.*²⁸²

²⁷⁵ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁷⁶ Sömu heimildir.

²⁷⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁷⁸ Sama heimild.

²⁷⁹ Sama heimild.

²⁸⁰ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁸¹ Sama heimild.

²⁸² Jón Espólín / Árbækur Espólíns XI. deild, bls. 107.

Hér hefur áður verið greint frá undarlegri tilviljun sem varð þess valdandi að Þorkell bóndi á Norðureyri, sem áður hafði búið á Gelti, fór í þessa leguferð í stað Bergs Jónssonar, stjúpsonar síns (sjá hér Norðureyri), er átti langt líf fyrir höndum. Bróðir Bergs, Hákon Jónsson, druknaði hins vegar er hákarlaskipið frá Gelti týndist í hafi. Hann var þá rétt um tvítugt og átti heima á Norðureyri hjá móður sinni og stjúpföður.²⁸³

Um mannskaðann sem varð þegar hákarlaskipið frá Gelti fórst spunnust síðar ýmsar sögur eins og algengt var á fyrri tíð. Ein slík kynjasaga hefur varðveist og er á þessa leið:

Sagt er að einn maður í Súgandafirði hafi átt lífstein. Varð það Jón Bjarnason sem bjó á Gelti 1790-1800 Sögnin hermir að hann hafi flegið upp hársvörðinn aftan á hnakka sér og smeygt steininum þar undir svo hann gæti ekki týnst. Jón fór í hákarlalegu 30. júlí 1800 og kom aldrei að landi. Sagan segir að smalamaður frá Gelti hafi fundið höfuð hans rekið úti í Galtarlandi en greinir ekki hve löngu það var eftir drukknun hans.

Höfuðið var óskaddað og að öllu leyti sem lifandi að útliti. Það gat talað og bað það piltinn að losa sig við steininn. Gerði hann það þó nokkur geigur væri í honum að koma nærri þessu. Þegar hann hafði náð steininum hurfu öll lífsmerki af höfðinu. Kastaði hann honum í sjóinn en í þeirri svipan kom mikið ólag svo hann varð að forða sér undan því en báran tók höfuðið fram og sást það aldrei frammar.²⁸⁴

Þegar Margrét Guðnadóttir á Gelti missti eiginmann sinn í sjóinn var hún fimmtug að aldri og átti fimm börn á lífi, fjórar dætur og einn son.²⁸⁵ Elsta barnið var 18 ára en það yngsta 1 árs.²⁸⁶ Nú kom sér vel að efnin voru góð. Ekkjan gat því haldið áfram búskap og haft börnin hjá sér. Í fyrstu hafði hún stuðning af vinnumanninum, Bjarna Þorlákssyni, sem verið hafði á Gelti í nokkur ár²⁸⁷ en er allmörg ár voru liðin frá drukknun Jóns bónda Bjarnasonar kom til hennar annar Jón Bjarnason.²⁸⁸ Hann var frá Sandeyri á Snæfjallaströnd,²⁸⁹ fæddur þar um 1778 en foreldrar hans voru Bjarni Jónsson, bóndi á Sandeyri, og kona hans, Guðrún Gísladóttir.²⁹⁰ Föðurafi Bjarna þessa á Sandeyri mun hafa verið Þorkell Jónsson, bóndi í Arnardal við Skutulsfjörð, sem nefndur var Galdra-Keli.²⁹¹

²⁸³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁸⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 37.

²⁸⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1801, vesturamt, 301.

²⁸⁶ Sömu heimildir.

²⁸⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁸⁸ Sama heimild.

²⁸⁹ Manntal 1816, 700. Séra Jón Ólafsson 1961, 122-123 (Ársrit Sögufél. Ísf.).

²⁹⁰ Séra Jón Ólafsson 1961, 122. Sbr. Vestf. ættir I, 238 og Manntal 1801, vesturamt, 343.

²⁹¹ Theódór Árnason / Vestf. ættir IV, 364.

Ekki verður nú sagt með vissu hvaða ár Jón Bjarnason frá Sandeyri kom að Gelti en fullvíst að það var á árunum 1806-1810 og í marsmánuði árið 1811 var hann orðinn eiginmaður Margrétar húsfreyju.²⁹² Ljóst er að þau hafa gengið í hjónaband á árunum 1808-1810 en skrár yfir hjónavígslur á þeim árum vantar í prestsþjónustubækurnar frá Stað.²⁹³ Er Jón frá Sandeyri gekk að eiga Margrétu húsfreyju á Gelti var hann um þrítugt en brúðurin að verða sextug.

Ljóst er að prestinum á Stað hefur litist vel á þennan nýja eiginmann Margrétar á Gelti því hann segir í marsmánuði árið 1811 að Jón sé *driftarmaður mikill ... skynsamur og vel að sér*.²⁹⁴

Þau Jón Bjarnason frá Sandeyri og Margrét kona hans bjuggu saman hér á Gelti allt þar til hún andaðist 15. mars árið 1814.²⁹⁵

Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti fóru fram 22. apríl 1814 og var Ebenezer Þorsteinsson, sýslumaður í Ytri-Hjarðardal, skiptastjóri. Eignirnar sem Margrét og eiginmaður hennar áttu þegar hún dó eru allar skráðar í skiptabók sýslumanns og þar gefur heldur betur á að líta. Eignir búans voru virtar á 3.362 ríkisdali og 30 skildinga og það var algerlega skuldlaust.²⁹⁶ Vegna reikningsvillu, sem einn erfinginn naut góðs af, verður heildarupphæðin reyndar 100 ríkisdölum lægri í bókun sýslumanns²⁹⁷ en þar er um augljósan feil að ræða eins og hér verður brátt vikið nánar að (sjá bls. 32-33). Árið 1814 voru 3.362 ríkisdalir ærið fé því fyrir slíka upphæð var hægt að kaupa 186 kýr í góðu standi.²⁹⁸

Af heildareignum hjónanna á Gelti var nær helmingur jarðeignir en þau áttu er Margrét dó 10 jarðir eða jarðarparta.²⁹⁹ Allar til samans voru jarðeignir þessar, ásamt meðfylgjandi kúgildum, virtar á 1.664 ríkisdali³⁰⁰ en þær voru: Göltur 12 hundruð, hálf Suðureyri í Súgandafirði 10 hundruð, Laugar í Súgandafirði 4 hundruð, fjórðungur úr Bæ í Súgandafirði 6 hundruð, þriðjungur úr Þorfinnsstöðum í Valþjófsdal í Önundarfirði 8 hundruð, Tunga í Önundarfirði 18 hundruð, fjórðungur úr Sæbóli á Ingjaldssandi 15 hundruð, hálfir Birnustaðir í Ögursveit 6 hundruð, Bjarnastaðir í Ísafirði við Djúp 12 hundruð, og hálfur Furufjörður á Austurströndum 12 hundruð.³⁰¹ Samtals voru þetta 103 jarðarhundruð, að fornu mati, en til samanburðar má nefna að samanlagður dýrleiki allra jarðanna í Suðureyrarhreppi var 153 hundruð (sjá hér Suðureyrarhreppur, ingangskafli).

²⁹² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1802, 1804, 1806 og 1811.

²⁹³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁹⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁹⁵ Sama heimild. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

²⁹⁶ Sama skiptabók, skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

²⁹⁷ Sama heimild.

²⁹⁸ Sama heimild.

²⁹⁹ Sama heimild.

³⁰⁰ Sama heimild.

³⁰¹ Sama heimild.

Jarðeignum hjónanna á Gelti fylgdu árið 1814 92 leiguær³⁰² eða liðlega 15 kúgildi en hvert kúgildi var virt á 18 ríkisdali.³⁰³ Meðalverð á hverju jarðarhundraði, án leigukúgilda, hefur þá verið 13 og hálfur ríkisdalur.

Í skiptagerðinni frá 1814 er landskuld af jarðeignum hjónanna á Gelti ýmist gefin upp í landaurum eða ríkisdölum. Af jörðum sínum, öðrum en heimajörðinni, fengu þau greidda á ári hverju 8 ríkisdali og 64 skildinga og svo 8 vættir í landaurum³⁰⁴ en hafa ber í huga að 6 vættir voru í hverju kúrverði.

Helstu eignir búsins, aðrar en jarðir, voru búfénaður, bátar og peningar.³⁰⁵ Búpeningurinn var 3 kúr, 24 ær, 19 sauðir, þriggja vetra og eldri, 7 tveggja vetra sauðir, 29 gemlingar og einn hestur, *eldgamall* og haltur.³⁰⁶ Kúrnar voru virtar á 18, 14 og 10 ríkisdali, ærnar á 3 ríkisdali hver, fullorðnu sauðirnir á 4 ríkisdali og 48 skildinga hver, tvævetra sauðirnir á 2 ríkisdali og 48 skildinga hver, gemlingarnir á 1 ríkisdal og 80 skildinga hver og gamli hesturinn á 3 ríkisdali.³⁰⁷ Samanlagt verðmæti búfjárins reyndist því vera 273 ríkisdalir og 16 skildingar en þá tölu hefur Ebenezer sýslumaður af einhverjum ástæðum lækkað um 87 skildinga³⁰⁸ en 96 skildingar voru í hverjum ríkisdal.

Í skiptagerðinni sést því miður ekki hvað bátarnir á Gelti voru margir árið 1814 og ekki heldur hversu stórir þeir voru. Ljóst er þó að þeir hafa ekki verið færri en þrír því að í skiptagerðinni tekur sýslumaður svo til orða: *Öll skip og veiðarfæri með tilheyrandi 146 ríkisdalir og 20 skildingar.*³⁰⁹

Í peningum átti fókið á Gelti verulega fjármuni, þegar Margrét húsfreyja andaðist árið 1814, eða um 800 ríkisdali.³¹⁰ Nákvæma tölu er ekki unnt að nefna vegna þess að svólítill ruglingur hefur orðið í uppgjörinu hjá sýslumanni. Þetta er reyndar furðulega mikil peningaeign því fyrir 800 ríkisdali var unnt að kaupa 44 kúr í góðu standi eða 59 hundruð í jörð eins og sjá má í skiptagerðinni sem hér er til skoðunar. Ljóst er því að hjónin á Gelti hafa ekki náð að ráðstafa seðlum og mynt í arðvænlegar fjárfestingar áður en verðhrun peninganna skall á árið 1811.³¹¹

Aðrar eignir hjónanna á Gelti en þær sem hér hafa verið nefndar voru við uppgjör dánarbúsins virtar á um það bil 400 ríkisdali og kennir þar margra grasa³¹² en upp á nákvæma greinargerð um þær verður ekki boðið

³⁰² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³⁰³ Sama heimild.

³⁰⁴ Sama heimild.

³⁰⁵ Sama heimild.

³⁰⁶ Sama heimild.

³⁰⁷ Sama heimild.

³⁰⁸ Sama heimild.

³⁰⁹ Sama heimild.

³¹⁰ Sama heimild.

³¹¹ Sbr. Þorkell Jóhannesson 1950, 388-391.

³¹² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

hér. Rétt mun þó vera að nefna húsin sem hér stóðu vorið 1814 og getið er um í skiptagerðinni frá uppgjöri dánarbúsins. Þar er þá fyrst að nefna baðstofuhúsið sem var með þiljuðu lofti, hurð og skrá. Loftið í baðstofunni með rúmstæðum, þiljum, hurð og stiga var reyndar aðeins virt á 10 ríkisdali³¹³ svo húsakynnin hafa, að því er ætla má, ekki verið mjög frábrugðin því sem almennt var. Önnur hús sem á er minnst voru þessi: Eldhús, þrjú eða fleiri fjárhús, tvær hlöður, innri skemma og ytri skemma, kofi *innan við bæinn*, smiðja, bátsnaust og *búð fyrir skipshöfn*.³¹⁴ Verbúð þessi var *gömul og næstum fallin*³¹⁵ svo ætla má að árið 1814 hafi verið nokkuð langt um liðið frá því bátur í eigu annarra en heimafólks var gerður út héðan frá Gelti.

Forvitnilegt er að skoða bókakost fólksins sem hér bjó árið 1814 en prentaðar bækur í eigu þess voru fimmtán, allt guðsorðabækur nema tvær.³¹⁶ Guðsorðabækurnar voru þessar: Vídalínspostilla, grallari, Gerhardi hugvekjur, Gíslabók hálf, sálmabók séra Sigurðar í Presthólum, partur úr ritinu *kristindómur* eftir Johan Arndt, dómarasálmar, *krossins sálmar*, *stutta postilla*, *eintalið* og þrjú eintök af Hallgrímskveri.³¹⁷ Sjálfsagt er að gera stutta grein fyrir sumum þessara bóka. Um Vídalínspostillu og grallarann þarf vart að tala því flestir munu enn kannast við þær bækur. Aðeins skal þess getið að Vídalínspostilla, sem var í *bærilegu standi*, var virt til mun hærra verðs en aðrar bækur hjónanna á Gelti og talin tveggja ríkisdala virði.³¹⁸ Gerhardi hugvekjur, sem hér koma við sögu, eru án vafa hugvekjur þýska guðfræðingsins Johanns Gerhard en þær þýddi Þorlákur biskup Skúlason á íslensku og var þýðing hans fyrst gefin út árið 1630 (sjá hér Staður). Gíslabók, sem hjónin á Gelti áttu annan helminginn af, mun vera Húspostilla Gísla biskups Þorlákssonar, prentuð í fyrsta sinn á Hólum á árunum 1665-1670.³¹⁹ Sálmabókin, sem kennd er við séra Sigurð í Presthólum, kynni að hafa verið *Sálmar af daglegri iðkun guðrækninnar* eftir séra Sigurð Jónsson í Presthólum sem fæddur var árið 1590.³²⁰ Sú bók var fyrst prentuð árið 1743 en reyndar voru fleiri sálmabækur eftir sama höfund gefnar út á 17. og 18. öld.³²¹

Ritið eftir Johan Arndt, sem Ebenezer sýslumaður nefnir *kristindóm*, mun tvímælalaust vera það sem hét fullu nafni *Sannur kristindómur* og gefið var út í íslenskri þýðingu séra Þorleifs Árnasonar á Kálfafelli á árunum 1731-1732 (sjá hér Mýrar). *Eintalið*, sem svo er nefnt í skiptagerðinni, mun vafalítið vera önnur tveggja bóka sem báðar hétu *Eintal sálarinnar* og prentaðar voru á Hólum 1599 og 1661 (sjá hér

³¹³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³¹⁴ Sama heimild.

³¹⁵ Sama heimild.

³¹⁶ Sama heimild.

³¹⁷ Sama heimild.

³¹⁸ Sama heimild.

³¹⁹ Sbr. Ísl. æviskrár II, 83-84.

³²⁰ Sbr. Ísl. æviskrár IV, 232.

³²¹ Ísl. æviskrár IV, 232.

Mýrar). Eina bókin sem fólkið á Gelti átti í fleiri eintökum en einu var eins og fyrr hefur verið nefnt Hallgrímskver, það er bókin *Sálmar og kvæði* eftir séra Hallgrím Pétursson en hún var fyrst prentuð árið 1755 og síðan oft og mörgum sinnum.³²²

Af bókunum á Gelti er þá aðeins eftir að nefna þær veraldlegu. Þær voru tvær, Heimskringla og íslensk þýðing á *Norsku lögum*.³²³ Heimskringla Snorra Sturlusonar var fyrst gefin út á frummálinu, íslensku, í Stokkhólmi árið 1697 með sænskri og latneskri þýðingu en síðan í Kaupmannahöfn á árunum 1777-1783 með danskri og latneskri þýðingu.³²⁴ Nær fullvíst má þó telja að eintakið sem til var á Gelti árið 1814 hafi verið útgáfan frá 1804 en þá voru nokkrar konungasögur úr Heimskringlu prentaðar hérlendis í fyrsta sinn, á Leirárgörðum við Leirá í Borgarfirði.³²⁵ Um þessa útgáfu sá Magnús Stephensen dómstjóri³²⁶ en af henni kom aldrei nema fyrsta bindið.³²⁷ Í bindinu sem Magnús gaf út eru allar hinar sömu sögur og í fyrsta bindi Heimskringlu sem út kom á vegum Hins íslenska fornritafélags árið 1941 og líka Prologus, það er formálinn.³²⁸ Fremst er Ynglingasaga en aftast Ólafs saga Tryggvasonar.³²⁹

Í þessari útgáfu sinni lét Magnús Stephensen fylgja með *ágrip af ævisögu Snorra Sturlusonar og Tímatil til upplýsingar Noregskonungasögum*.³³⁰ Þar fræðir hann okkur meðal annars á því að Óðinn hafi fæðst 105 árum fyrir Kristsburð³³¹ og er líklegt að þær upplýsingar hafi fyrst borist hingað að Gelti með bókinni frá Leirárgörðum.

Burtséð frá aldri valföður er reyndar harla gott að mega gera ráð fyrir að Noregskonungasögur Snorra hafi verið lesnar á kvöldvökum hér á Gelti á dögum Napóleons Bonaparte og Jörundar hundadagakonungs.

Norsku lög í íslenskri þýðingu voru gefin út í Hrappsey árið 1779.³³² Bogi Benediktsson í Hrappsey sá um þá útgáfu en þýðendur voru ýmsir.³³³ Á átjándu öld og fyrri hluta hinnar nítjándu var oft vísað til Norsku laga þegar dæmt var í málum hérlendis. Löggilt þýðing á lögum þessum kom þó aldrei út á íslensku³³⁴ en ætla má að margir hafi stuðst við bókina frá Hrappsey. Líklega hefur komið sér vel fyrir Jón bónda Bjarnason á Gelti

³²² Sbr. Ísl. æviskrár II, 287-288.

³²³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³²⁴ Kulturhistorisk Leksikon for nordisk Middelalder VI, dálkar 299-302.

³²⁵ Heimskringla eður Noregskonungasögur, 1. bindi. Leirárgörðum við Leirá 1804.

³²⁶ Sama heimild.

³²⁷ Þorkell Jóhannesson 1950, 547.

³²⁸ Heimskringla eður Noregskonungasögur, 1. bindi, Leirárgörðum við Leirá 1804. Sbr. Ísl. fornrit XXVI.

³²⁹ Sama heimild.

³³⁰ Sama heimild.

³³¹ Sama heimild.

³³² Kongs Christians þess fimmta Norsku lög á íslensku útlögð. Hrappsey 1779.

³³³ Sama heimild.

³³⁴ Einar Arnórsson 1937, 310.

að hafa hana við hendina því hann var hreppstjóri eins og sjá má í títtnefndri skiptagerð.³³⁵

Fráleitt væri að telja hér upp alla þá margvíslegu hluti af breytilegu tagi sem komu til skipta við uppgjör dánarbúsins á Gelti vorið 1814 en að frátöldum skipum og jarðeignum var *gyllt silfurfesti með nisti* verðmætasta eign búsins.³³⁶ Hana virti Ebenezer sýslumaður á 32 ríkisdali,³³⁷ andvirði tveggja kúa, enda segir hann að festin sé *þing mesta*.³³⁸ Aðrir gull- og silfurmunir í eigu hjónanna á Gelti voru virtir á 20-30 ríkisdali, samtals, og er þá ekki talið með silfurskraut á fatnaði.³³⁹ Hér er einnig við hæfi að nefna danskan vefstól *með tilheyrandi* sem var einn dýrasti munurinn í innbúi Jóns og Margrétar, virtur á 14 ríkisdali.³⁴⁰

Merkilegt er að sjá í skiptagerðinni frá 1814 að þá var til kaffiketill á Gelti, virtur á 64 skildinga, og fólkið sem hér bjó átti líka fáeina tebolla með undirskálum.³⁴¹ Kaffiketillinn vekur athygli vegna þess að í riti sínu, *Íslenskum þjóðháttum*, segir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili að hérlendis hafi *kaffibrúkun* ekki orðið almenn *fyrir en eftir 1850 og jafnvel síðar*, nema helst í kaupstöðum og við *sjóinn*.³⁴² Kaffi fór fyrst að flytjast hingað til lands um 1760³⁴³ en vera má að fyrsti kaffisopinn hafi verið drukinn nokkuð snemma á Gelti vegna góðrar aðstöðu til launverslunar við framandi þjóðir.

Til nýjunga mátti líka flokka hverfisteinin sem til var hér á Gelti árið 1814 og var þá virtur á 32 skildinga.³⁴⁴ Í tíunda árgangi Rita þess konunglega íslenska Lærdóms-lista félags, sem út kom árið 1790, birtist ritgerð um ljáadengslu eftir Ólaf Ólafsson³⁴⁵ sem þá var lektor í Noregi.³⁴⁶ Þar hvetur Ólafur til þess að sem flestir íslenskir bændur fari að nota hverfistein en hætti að dengja ljáina³⁴⁷ eins og tíðkast hafði frá aldaöðli. Í nefndri ritgerð lýsir höfundur hverfisteininum og gerir grein fyrir hvílíkt þarfaping tæki þetta sé.³⁴⁸ Fáir íslenskir bændur munu þó hafa eignast hverfistein á næstu áratugum og flestir ekki fyrr en um 1870³⁴⁹ svo tíðindum sætir að slíkt brýnslutæki skuli hafa verið til hér á Gelti árið 1814.

³³⁵ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³³⁶ Sama heimild.

³³⁷ Sama heimild.

³³⁸ Sama heimild.

³³⁹ Sama heimild.

³⁴⁰ Sama heimild.

³⁴¹ Sama heimild.

³⁴² Jónas Jónasson 1961, 54.

³⁴³ Sama heimild.

³⁴⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³⁴⁵ Ólafur Ólafsson 1790, 149-160.

³⁴⁶ Ísl. æviskrár IV, 69.

³⁴⁷ Ólafur Ólafsson 1790, 149-160.

³⁴⁸ Sama heimild.

³⁴⁹ Sigurður Sigurðsson 1937, 219-220.

Erfingjar Margrétar Guðnadóttur á Gelti voru fjórir.³⁵⁰ Er þar fyrst að nefna bónda hennar, Jón Bjarnason hreppstjóra, en hinir erfingjarnir þrír voru börn Margrétar af hennar fyrra hjónabandi, Guðfinna, fædd 1794, Bjarni, fæddur 1795, og Málfríður, fædd 1799.³⁵¹ Eins og fyrr var getið báru báðir eiginmenn Margrétar nafnið Jón Bjarnason og með sínum fyrra Jóni hafði hún eignast að minnsta kosti sjö börn³⁵² en aðeins þrjú voru á lífi þegar móðir þeirra andaðist svo sem sjá má í skiptagerðinni. Með seinni manningnum eignaðist Margrét hins vegar ekkert barn, enda var hún komin hátt á sextugsaldur þegar þau tóku saman.

Hér var áður frá því greint að bú hjónanna á Gelti, sem tekið var til skipta við andlát Margrétar húsfreyju árið 1814, hefði verið virt á 3.362 ríkisdali og 30 skildinga en sú tala hefði lækkað um 100 ríkisdali áður en skiptin hófust vegna skekkju í meðferð skiptastjórans á tölum (sjá hér bls. 27). Af fjárhæðinni sem þá var eftir fóru liðlega 2%, það er 70 ríkisdalir og 73 skildingar, í laun skiptastjóra og lögboðna greiðslu til *kónsins kassa*.³⁵³ Til greiðslu á kostnaði fóru 40 ríkisdalir og 80 skildingar³⁵⁴ og að þessum tveimur liðum frádregnum stóðu eftir 3.150 ríkisdalir og 69 skildingar. Þá upphæð lækkar Ebenezer sýslumaður enn um 9 ríkisdali, að því er virðist vegna reikningsvillu, svo til skipta komu 3.141 ríkisdalur og 69 skildingar.³⁵⁵ Til greiðslu á föðurarfi systkinanna þriggja, sem staðið hafði inni hjá búinu, gengu 342 ríkisdalir og 24 skildingar.³⁵⁶ Af fjárhæðinni sem þá var eftir, 2.799 ríkisdöllum og 45 skildingum, fékk ekkjumaðurinn, Jón bóndi Bjarnason, réttan helming eða 1.399 ríkisdali og 70 skildinga.³⁵⁷ Hinn helmingurinn var móðurarfur stjúpbarna hans en þau fengu nú í hendur bæði móðurarf sinn og föðurarf. Erfðahlutur þeirra, allra til samans, var því 1.741 ríkisdalur og 94 skildingar.³⁵⁸ Sú upphæð skiptist eins og lögboðið var á þann veg að sonurinn, sem var einn, fékk jafn mikið og báðar dæturnar. Í sitt *bróðurlóð* fékk Bjarni því 870 ríkisdali og 77 skildinga en Guðfinna og Málfríður fengu 435 ríkisdali og 56 og ½ skilding hvor í *systurlóð*.³⁵⁹

Af jarðeignunum fékk Jón bóndi heimajörðina Gölt, 15 hundruðin í Sæbóli, 8 hundruðin í Þorfinnsstöðum og þau 6 hundruð sem hjónin höfðu átt í Birnustöðum.³⁶⁰ Bjarni Jónsson fékk Tungu í Firði og hundruðin 12 í Furufirði.³⁶¹ Guðfinna systir hans fékk Lauga, 10 hundruð í Suðureyri og 2

³⁵⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³⁵¹ Sama heimild. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁵² Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁵³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³⁵⁴ Sama heimild.

³⁵⁵ Sama heimild.

³⁵⁶ Sama heimild.

³⁵⁷ Sama heimild.

³⁵⁸ Sama heimild.

³⁵⁹ Sama heimild.

³⁶⁰ Sama heimild.

³⁶¹ Sama heimild.

hundrað í Bæ en Málfríður fékk 4 hundrað í Bæ og Bjarnastaði.³⁶² Það var Málfríður sem fékk líka 100 ríkisdali í eins konar *forgjöf* vegna skekkju í útreikningum sýslumanns (sjá hér bls. 27). Bjarnastaðir voru eins og fyrr var nefnt 12 hundraða jörð og þeim fylgdu 12 leiguær. Hvert hundrað í þeirri jörð, ásamt leiguánni er fylgdi með, virti sýslumaður á 18 ríkisdali.³⁶³ Verð þessarar jarðar og leiguánna sem henni fylgdu var því 216 ríkisdalir en sýslumaður gerði þann feil að skrifa 116 í stað 216 í samlagningardálkinn og þannig fékk Málfríður 100 ríkisdali í *forgjöf*.

Hér verður engin grein gerð fyrir skiptingu annarra eigna en jarðeignanna. Þó skal tekið fram að ekkjumaðurinn, Jón Bjarnason hreppstjóri, hélt öllum húsum á Gelti nema annarri skemmunni en hana fékk Bjarni.³⁶⁴ Kýrnar þrjár, bátarnir og veiðarfærin komu líka í hlut ekkjumannsins.³⁶⁵

Systkinin þrjú frá Gelti, Guðfinna, Bjarni og Málfríður Jóns börn, voru öll á aldrinum 14-20 ára þegar móðir þeirra andaðist í marsmánuði árið 1814. Þau fluttust á næstu árum burt úr Súgandafirði. Guðfinna, sem var elst, giftist haustið 1815 Kjartani Ólafssyni sem hér er sagt frá á öðrum stað.³⁶⁶ Þau bjuggu fyrst á Eyri í Önundarfirði en svo í Tröð í sama firði (sjá hér Tröð). Þar tók sonur þeirra við búi af foreldrunum og niðjar þeirra bjuggu í Tröð allt til ársins 1929 (sjá hér Tröð).

Bjarni Jónsson var enn á Gelti er hann kvæntist Herdísi Narfadóttur haustið 1821³⁶⁷ en þremur árum síðar fluttust þau að Tungu í Önundarfirði og hófu þar búskap³⁶⁸ (sbr. hér Tunga í Firði). Þá jörð hafði Bjarni erfð eftir móður sína og bjó hann lengi í Tungu. Eitt af börnum Bjarna og Herdísar, konu hans, var Margrét Bjarnadóttir³⁶⁹ sem varð húsfreyja í Efrihúsum í Hestþorpinu í Önundarfirði, fóstura Magnúsar Hjaltasonar (sjá hér Tunga í Firði og Hestur, Efrihús þar). Hún fæddist hér á Gelti 23. mars 1822³⁷⁰ og má ætla að hún hafi borið nafn ömmu sinnar, Margrétar Guðnadóttur.

Málfríður Jónsdóttir var yngst systkinanna frá Gelti, barna Margrétar Guðnadóttur. Hún giftist í fyllingu tímans Sigurði Hinrikssyni og varð húsfreyja á Seljalandi í Skutulsfirði³⁷¹ (sbr. hér Kvíanes).

Jón Bjarnason, síðari eiginmaður Margrétar Guðnadóttur á Gelti, bjó hér áfram að henni látinni.³⁷² Hann kvæntist í annað sinn haustið 1817 og gekk þá að eiga stúlkuna Margréti Bjarnadóttur sem verið hafði ráðskona

³⁶² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825, án bls.tals. Skipti á dánarbúi Margrétar Guðnadóttur á Gelti 22.4.1814.

³⁶³ Sama heimild.

³⁶⁴ Sama heimild.

³⁶⁵ Sama heimild.

³⁶⁶ Ól. Þ. Kr. 1948, 73 (Frá ystu nesjum IV).

³⁶⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁶⁸ Sama heimild.

³⁶⁹ Ól. Þ. Kr. 1948, 73.

³⁷⁰ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.. Sbr. Manntal 1845, vesturamt, 286.

³⁷¹ Ól. Þ. Kr. 1948, 73.

³⁷² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

hans um skeið.³⁷³ Elsta barn þeirra, dóttirin Sigríður, var þá komin nokkuð á annað ár, fædd 16. ágúst 1816.³⁷⁴

Margrét Bjarnadóttir, sem nú varð húsfreyja á Gelti, var bóndadóttir frá Sandeyri á Snæfjallaströnd, fædd um 1790, og munu þau Jón hafa verið gamalkunnug því hann var líka frá Sandeyri.³⁷⁵ Foreldrar Margrétar voru hjónin Bjarni Guðmundsson og Sigríður Bjarnadóttir sem bjuggu á Sandeyri árið 1801.³⁷⁶ Í sóknarmannatali frá árinu 1817 lætur prestur þess getið að Margrét Bjarnadóttir á Gelti sé *hægferðug og vel að sér*.³⁷⁷ Bróðir hennar var þá vinnumaður á Gelti.³⁷⁸ Hann hét Jón Bjarnason og bar því sama nafn og húsbóndinn.³⁷⁹ Jón Bjarnason frá Sandeyri, sem hér stýrði búi um skeið, var umsvifamaður og mun hafa gert nokkuð af því að kaupa og selja jarðir. Sumarið 1820 seldi hann Magnúsi Guðmundssyni í Bæ 9 hundruð í jörðinni Hóli í Önundarfirði og sama ár seldi hann Örnólfi Snæbjörnssyni á Suðureyri 8 hundruð í Tannanesi í Önundarfirði.³⁸⁰ Skrá yfir jarðeignir þessa bóndamanns við ævilok hans er að finna annars staðar í þessu riti (sjá hér Sæból).

Þau Jón bóndi Bjarnason og Margrét, seinni kona hans, bjuggu hér á Gelti til vorsins 1821 en fluttust þá að Sæbóli á Ingjaldssandi.³⁸¹ Er þau fóru héðan höfðu þau eignast að minnsta kosti þrjú börn.³⁸² Á Sæbóli stóðu þau fyrir búi í fullan þriðjung aldar en um búskap þeirra þar og stríð Jóns við Guðmund Guðmundsson norðlenska hefur áður verið rætt í þessu riti (sjá hér Nesdalur og Sæból).

Þegar Jón Bjarnason fór frá Gelti vorið 1821 lauk tímiskeiði sem hófst vorið 1790 er fyrri eiginkona hans og fyrri eiginmaður hennar, sem líka hét Jón Bjarnason, hófu hér búskap. Nýtt fólk tók nú við jörðinni en Bjarni Jónsson, stjúpsonur fráfarandi bónda, og kona hans voru þó hér í húsmennsku þrjú næstu ár.³⁸³ Í sóknarmannatölum frá þeim árum eru þau að vísu aldrei nefnd á nafn en prestsþjónustubókin sýnir að tvö börn þeirra fæddust hér á þessu skeiði, annað 1822 og hitt 1823.³⁸⁴

Hjónin sem tóku við búsföráðum á Gelti vorið 1821 hétu Jakob Guðmundsson og Hildur Kolbeinsdóttir.³⁸⁵ Þau komu frá Breiðabóli í Skálavík.³⁸⁶ Þar bjuggu þau árið 1816 með börn sín fjögur, Kolbein, sem þá var 9 ára og fæddist á Hvítanesi í Ögursveit, Valgerði, sem var 8 ára og fæddist á Ósi í Bolungavík, Jón sem var 6 ára og fæddist líka á Ósi, og

³⁷³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁷⁴ Sömu heimildir.

³⁷⁵ Séra Jón Ólafsson 1961, 122 (Ársrit S.Í.). Manntal 1801, vesturamt, 343. Manntal 1816, 700.

³⁷⁶ Sömu heimildir.

³⁷⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁷⁸ Sama heimild.

³⁷⁹ Sama heimild.

³⁸⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 6. Dóma- og þingbók 1817-1834. Manntalsþing á Suðureyri 13.8.1821.

³⁸¹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁸² Sömu heimildir.

³⁸³ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁸⁴ Sama heimild.

³⁸⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁸⁶ Sömu heimildir.

Jóhönnu, sem var 2ja ára og fæddist á Breiðabóli.³⁸⁷ Fæðingarstaðir barnanna sýna feril foreldranna.

Jakob Guðmundsson fæddist á Strandseljum í Ögursveit árið 1783 eða því sem næst en Hildur kona hans, sem var tveimur árum yngri en hann, er í manntalinu frá 1816 sögð hafa fæðst í Tungu.³⁸⁸ Óljóst er hvaða Tunga það muni vera en m.a. koma til greina Þjóðólfstunga í Bolungavík og Tunga í Skutulsfirði. Faðir Jakobs var Guðmundur Bjarnason sem árið 1801 var húsmaður í Vigur en þá var Jakob þar vinnumaður hjá Kára bónda Bjarnasyni.³⁸⁹ Líklegt er að eiginkona Guðmundar, Valgerður Helgadóttir, hafi verið móðir Jakobs.³⁹⁰ Hildur Kolbeinsdóttir, sem seinna varð eiginkona Jakobs Guðmundssonar, var árið 1801 hjá foreldrum sínum, Kolbeini Bjarnasyni og Guðrúnu Jónsdóttur, á einu býlanna í Fofafæti í Súðavíkurbreppi.³⁹¹ Hún var þá 17 ára.³⁹²

Auk barnanna sem hér hafa þegar verið nefnd áttu Jakob Guðmundsson og Hildur, kona hans, a.m.k. tvær dætur.³⁹³ Önnur þeirra var Guðrún, sem fæddist á Ósi í Bolungavík 21. október 1812.³⁹⁴ Hún mun ekki hafa alist upp hjá foreldrunum og var fósturbarn á Ósi árið 1816.³⁹⁵ Hin dóttirin, sem virðist ekki hafa verið hjá foreldrunum árið 1816, var Ragnhildur, sögð 12 ára í marsmánuði árið 1823.³⁹⁶ Aðeins fjögur þessara systkina fluttust með foreldrunum að Gelti, Kolbeinn, Jón, Jóhanna og Ragnhildur.³⁹⁷ Með þeim kom líka frá Breiðabóli faðir Jakobs, Guðmundur Bjarnason.³⁹⁸ Hann var þá kominn um áttætt³⁹⁹ og var fæddur í Litlu-Ávík í Árneshreppi á Ströndum.⁴⁰⁰

Fjórtán manneskjur voru í heimili hjá Jakobi og Hildi hér á Gelti haustið 1821⁴⁰¹ og bendir fjölmennið til þó nokkurra umsvifa í búskap. Bú þeirra var líka hið fjórða stærsta í hreppnum, 3 kýr, 53 sauðkindur, auk lamba, og 1 hestur.⁴⁰² Með stærri bú voru aðeins þeir séra Eiríkur Vigfússon á Stað, Magnús Guðmundsson í Bæ og Örnólfur Snæbjörnsson á Suðureyri.⁴⁰³ Við skoðun búnaðarskýrslunnar frá 1821 vekur þó einkum athygli að Jakob bóndi á Gelti átti þá tvo áttæringa.⁴⁰⁴ Aðeins þrír aðrir

³⁸⁷ Manntal 1816, 705.

³⁸⁸ Sama heimild.

³⁸⁹ Manntal 1801, vesturamt, 324 og nafnalykill þess. Sbr. Vestf. ættir I, 165.

³⁹⁰ Manntal 1801, vesturamt, 324.

³⁹¹ Sama heimild, 325 og nafnalykill sama manntals.

³⁹² Sama heimild.

³⁹³ Vestf. ættir I, 165. Sbr. þar IV, 684.

³⁹⁴ Sama heimild.

³⁹⁵ Manntal 1816, 701.

³⁹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1816, 705.

³⁹⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁹⁸ Sömu heimildir.

³⁹⁹ Sömu heimildir.

⁴⁰⁰ Manntal 1816, 705.

⁴⁰¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821.

⁴⁰² Sama heimild.

⁴⁰³ Sama heimild.

⁴⁰⁴ Sama heimild.

bændur í Súgandafirði áttu þá áttæring og Jakob var sá eini sem átti tvo.⁴⁰⁵
Auk þess átti hann svo lítinn bát sem var tveggja eða þriggja manna far.⁴⁰⁶

Hér hefur áður verið fest á blað sagan um illdeilu Jakobs við Lárentíus Hallgrímsson er var hjá honum í skiprúmi vorið 1821, þá ungur vinnumaður á Norðureyri (sjá hér Norðureyri). Sú saga er augljóslega byggð á orðum Lárentíusar en af henni má ráða að Jakob hafi verið maður einbeittur og ekki gefinn fyrir að láta aðra taka af sér ráðin.

Þessi merki bóndi varð ekki langlífur hér á Gelti því hann andaðist 6. febrúar 1822 úr *ókenndum sjúkdómi*⁴⁰⁷ og voru þá aðeins liðnir átta mánuðir frá því hann tók við jörðinni. Þegar Jakob bóndi dó var faðir hans, Guðmundur gamli Bjarnason, enn á lífi.⁴⁰⁸ Í sóknarmannatali frá marsmánuði árið 1822 segir presturinn að hegðun þessa öldungs á Gelti sé *guðrækileg* og tekur fram að hann sé *skýr og vel að sér í andlegu*.⁴⁰⁹ Er presturinn bókaði þessa umsögn sína var tengdafaðir ekkjunnar á Gelti þó kominn alveg á grafarbakkan því hann dó 22. mars 1822, 44 dögum síðar en sonur hans.⁴¹⁰

Ekkja Jakobs Guðmundssonar, Hildur Kolbeinsdóttir, bjó áfram á Gelti þó að bónda hennar missti við. Hún stóð hér enn fyrir búi haustið 1827 en þá var tvíbýli á jörðinni og búi hennar mun minna en búi þeirra hjóna hafði verið fyrir sex árum.⁴¹¹ Árið 1827 var ekkjan á Gelti þó með 2 kýr, 16 ær og hest og annan áttæringinn átti hún enn en í stað hins var kominn sexæringur.⁴¹² Er hér var komið sögu mun elsti sonurinn, Kolbeinn Jakobsson, hafa verið stoð hennar og stytta við búskapinn Hann var þá kominn um tvítugt og átti enn heima hér á Gelti.⁴¹³ Hundrað árum síðar kunnu niðjar þessa pilts frá því að segja að er hann var ungur maður á Gelti hafi Kolbeinn *stundað hákarlaveiðar á áttæringi frá Suðureyryarmölum* og verið formaður á skipinu.⁴¹⁴

Vorið 1828 hætti Hildur Kolbeinsdóttir búskapnum á Gelti og fluttist ásamt börnunum fjórum, sem hér höfðu verið í sjö ár, að Unaðsdal á Snæfjallaströnd.⁴¹⁵ Svo virðist sem sóknarpresturinn, séra Eiríkur Vigfússon á Stað, hafi ekki verið alveg sáttur við hegðun Hildar, húsfreyju á Gelti, síðustu árin sem hún var í Súgandafirði því hann segir árið 1825 að

⁴⁰⁵ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821.

⁴⁰⁶ Sama heimild.

⁴⁰⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴⁰⁸ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴⁰⁹ Sömu heimildir.

⁴¹⁰ Sömu heimildir.

⁴¹¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1827.

⁴¹² Sama heimild.

⁴¹³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴¹⁴ Kolbeinn Jakobsson, bóndi í Unaðsdal, fæddur 27.8.1862. Skrif hans um bændur á Snæfjallaströnd frá 1800 til 1874. Handrit í eigu Hjalta Jóhannssonar, komið úr fórum föður hans, Jóhanns Hjaltasonar, er um skeið var skólastjóri í Súðavík.

⁴¹⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

hegðun hennar sé *í meðallagi*.⁴¹⁶ Prestur gleymir þó ekki að taka fram að Hildur sé *ei óskýr í andlegu*.⁴¹⁷

Árið 1835 sat Hildur Kolbeinsdóttir, áður húsfreyja á Gelti, um kyrrt í Unaðsdal.⁴¹⁸ Þá bjuggu þar búi sínu tveir synir hennar, Kolbeinn og Jón, og var hún á heimili Kolbeins.⁴¹⁹ Fimm árum síðar var hún hjá dóttur sinni, Jóhönnu Jakobsdóttur, sem þá var orðin húsfreyja í Unaðsdal⁴²⁰ en árið 1845 var Hildur hjá Ragnhildi, dóttur sinni, er þá bjó með fyrri manni sínum í Bæjum á Snæfjallaströnd.⁴²¹ Ragnhildur Jakobsdóttir giftist síðar Rósinkar Árnasyni í Æðey og var lengi húsfreyja þar.⁴²² Hann var seinni eiginmaður hennar.⁴²³

Kolbeinn Jakobsson, sem fluttist liðlega tvítugur með móður sinni frá Gelti að Unaðsdal vorið 1828, átti þar enn heima árið 1840.⁴²⁴ Hann var þá kvæntur húsmáður og í manntali frá því ári er tekið fram að hann sé *skutlari*.⁴²⁵ Kolbeinn hefur því fengist við að skutla hvali sem bendir eindregið til þess að hann hafi verið vaskur maður og fær í flestan sjó. Seinna átti hann lengi heima á Stað á Snæfjallaströnd⁴²⁶ en sonarsonur Kolbeins þessa Jakobssonar og alnafni hans var Kolbeinn Jakobsson, sem fæddist 27. ágúst 1862 og var lengi bóndi og hreppstjóri í Unaðsdal,⁴²⁷ kunnur maður á sinni tíð og almennt nefndur *Kolbeinn í Dal*.

Síðustu árin sem Hildur Kolbeinsdóttir, langamma Kolbeins í Dal, bjó á Gelti var hér tvíbyli, allt frá vorinu 1824 er Hallgrímur Lárentíusson fékk part úr jörðinni til ábúðar.⁴²⁸ Hér hefur áður verið minnst stuttlega á Hallgrím en hann var sonarsonur Erlendar Ólafssonar, sýslumanns á Hóli í Bolungavík (sjá hér Ytri-Vatnadalur), fæddur um 1770 í Þjóðólfstungu í Bolungavík.⁴²⁹ Foreldrar Hallgríms voru hjónin Lárentíus Erlendsson og Steinunn Hallgrímsdóttir.⁴³⁰ Árið 1801 voru þeir feðgar, Hallgrímur og Lárentíus faðir hans, báðir búandi menn á Hóli,⁴³¹ þar sem afi Hallgríms hafði áður búið á sínum sýslumannsárum.⁴³² Eiginkona Hallgríms hét Þórdís Pálmadóttir og í desembermánuði árið 1816 bjuggu þau á Ósi í Bolungavík.⁴³³ Tveimur árum síðar dó hjá þeim niðursetningur og var talið

⁴¹⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴¹⁷ Sama heimild.

⁴¹⁸ Manntal 1835.

⁴¹⁹ Sama heimild.

⁴²⁰ Manntal 1840.

⁴²¹ Manntal 1845.

⁴²² Vestf. ættir I, 389.

⁴²³ Sama heimild, I, 329.

⁴²⁴ Manntal 1840. Sbr. Vestf. ættir I, 263.

⁴²⁵ Manntal 1840.

⁴²⁶ Manntöl 1855 og 1870.

⁴²⁷ Vestf. ættir I, 263 og 372-375. Kolb. Jakobsson, bóndi Unaðsdal, sjá tilv. nr. 414. Sbr. Kr. Jónsson frá Garðsst. 1962, 59-61 (Ársr. S.Í.).

⁴²⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴²⁹ Vestf. ættir I, 134. Manntal 1801, vesturamt, 315. Manntal 1816, 701.

⁴³⁰ Sömu heimildir.

⁴³¹ Manntal 1801, vesturamt, 314-315.

⁴³² Ísl. æviskrár I, 443-444.

⁴³³ Manntal 1816, 701.

að hungur og ill meðferð hefðu dregið hann til dauða (sjá hér Ytri-Vatnadalur). Vegna þessa var mál höfðað gegn Hallgrími og Þórdísi konu hans⁴³⁴ og þrengdist nú hagur þeirra.

Dómsniðurstöðunnar varð Hallgrímur að bíða á fjórða ár.⁴³⁵ Á því skeiði fór hann frá Ósi en fékk til ábúðar kotbýlið Keflavík norðan Galtar.⁴³⁶ Þangað komu Hallgrímur og Þórdís, kona hans, vorið 1820 og með þeim sex börn þeirra á aldrinum 4-24 ára.⁴³⁷ Þórdís andaðist voveiflega í Keflavík 21. janúar 1821 (sjá hér Keflavík) og var þá 43ja ára gömul eða því sem næst.⁴³⁸

Vorið 1821 fór ekkjumaðurinn, Hallgrímur Lárentíusson, burt frá Keflavík og settist aftur að á Ósi.⁴³⁹ Tvö af börnum hans fylgdu honum þangað og þar mun hann hafa verið næsta fardagaár.⁴⁴⁰ Dómur í máli Hallgríms var loks kveðinn upp í landsyfírrétti 15. apríl 1822 og var hann dæmdur til að þola 15 vandarhögg.⁴⁴¹ Vorið 1822 fluttist hinn dæmdi frá Ósi hingað að Gelti⁴⁴² svo óvíst er hvort hann hefur verið hýddur norðan eða vestan **Grárófu**.

Er Hallgrímur kom frá Ósi að Gelti vorið 1822 var hann liðlega fimmtugur en honum fylgdi þá vinnukona hans, Guðný Guðmundsdóttir að nafni, sem var 20 árum yngri.⁴⁴³ Ekkert barna hans kom hingað með föður sínum.⁴⁴⁴ Fyrstu árin á Gelti var Hallgrímur húsmáður⁴⁴⁵ og mun hafa hafst hér við í skjóli ekkjunnar, Hildar Kolbeinsdóttur, sem stóð fyrir búi og hafði umráð yfir jörðinni. Jón Kolbeinsson, sem var sambýlismaður Hallgríms á Ósi árið 1816, var bróðir Hildar⁴⁴⁶ og kynnu þau tengsl að hafa greitt fyrir hrakningsmanninum Hallgrími í samningum um verustað hjá húsfreyjunni á Gelti. Um þetta er þó ekkert hægt að fullyrða.

Ætla má að þröngt hafi verið í búi hjá Hallgrími þegar niðursetningurinn sem hjá honum var féll úr hor en eignalaus virðist hann þó aldrei hafa verið og hefur vafalítið fengið eitthvað af jarðeignum í arf. Við undirbúning þessa rits hefur engin úttekt verið gerð á efnahag Hallgríms en örfá dæmi nægja til að sýna að hann átti löngum nokkur hundruð í jörð. Árið 1805 átti hann Botn í Mjóafirði á móti öðrum manni⁴⁴⁷ og árið 1823 átti hann 24 hundruð í jarðeignum.⁴⁴⁸ Næsta ár seldi hann 4 hundruð úr jörðinni Þjóðólfstungu í Bolungavík fyrir 180

⁴³⁴ Landsyfírréttar- og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873, II, 315-322.

⁴³⁵ Sama heimild.

⁴³⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴³⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1816, 701 og Manntal 1845, vesturamt, 287.

⁴³⁸ Sömu heimildir.

⁴³⁹ Sömu heimildir.

⁴⁴⁰ Sömu heimildir.

⁴⁴¹ Landsyfírréttar- og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873, II, 315-322.

⁴⁴² Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴⁴³ Sama heimild.

⁴⁴⁴ Sama heimild.

⁴⁴⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁴⁶ Manntal 1801, vesturamt, 325, og nafnalykill sem því fylgir. Manntal 1816, 701 og 705.

⁴⁴⁷ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁴⁴⁸ Ársrit Sögufél. Ís.f., 14. árg. 1970, 124.

ríkisdali⁴⁴⁹ og árið 1839 lét hann af hendi í makaskiptum 6 hundruð úr jörðinni Hóli í Bolungavík en fékk í staðinn Lónseyri í Snæfjallahreppi.⁴⁵⁰ Hallgrímur átti líka um skeið a.m.k. 6 hundruð í jörðinni Grafargili í Valþjófsdal (sjá hér bls. 40) og vel getur verið að jarðeignir hans hafi verið nokkru fleiri en þær sem hér hafa verið nefndar. Engin heimild hefur fundist fyrir því að hann hafi átt eitthvað í Gelti en hugsanlegt er þó að svo hafi verið (sbr. hér bls. 17-18).

Vorið 1824 hafði Hallgrímur verið hér í húsmennsku í tvö ár en fékk þá einhvern part úr jörðinni til ábúðar og komst þar með í bændatölu á ný.⁴⁵¹ Næstu þrjú árin taldist hann vera bóndi og bjó hér í tvíbýli á móti Hildi Kolbeinsdóttur.⁴⁵² Í marsmánuði árið 1825 er Guðný Guðmundsdóttir, sem kom með Hallgrími frá Ósi árið 1822, sögð vera bústýra hans en einu ári síðar var hann kominn með aðra bústýru.⁴⁵³ Sú hét Guðrún Hákonardóttir og var liðlega fertug að aldri.⁴⁵⁴ Hún var ekkja og fluttist hingað frá Dýrafirði.⁴⁵⁵ Henni fylgdu tveir drengir sem hún átti, sex og fjórtán ára.⁴⁵⁶ Um þessa bústýru Hallgríms segir séra Eiríkur á Stað að hún sé *siðsöm*⁴⁵⁷ en þegar presturinn reynir að lýsa hegðun og háttsemi Hallgríms Lárentússonar er eins og honum verði orða vant og lætur duga að skrifa: *Þannig svo*.⁴⁵⁸ Líklega eru það dauði sveitarómagans og hin 15 vandarhögg sem hafa vafist fyrir sálusorganum en hann tekur fram að Hallgrímur sé *ei ógreindur í andlegu*.⁴⁵⁹

Ekki hélst Hallgrími vel á bústýrunum því vorið 1826 fór Guðrún Hákonardóttir frá honum og fór sjálf að bolloka í húsmennsku með drengi sína á hinu býlinu á Gelti, hjá Hildi Kolbeinsdóttur.⁴⁶⁰ Fardagaárið 1826-1827 lafði Hallgrímur enn við bú hér á Gelti, ráðskonulaus með tvö vinnuhjú, og hjá honum var þá líka sextugur húsmaður, Ísleifur Jóseppson.⁴⁶¹ Á þessum árum, 1824-1827, var bústofn Hallgríms yfirleitt ein kýr og um það bil tíu sauðkindur.⁴⁶² Árið 1824 átti hann hvorki hest né bát en tveimur árum síðar var hann kominn með litla fleytu sem líklega hefur verið tveggja manna far.⁴⁶³

Vorið 1827 gafst Hallgrímur upp á búskapnum en næstu árin var hann hér í húsmennsku, oftast kvenmannslaus.⁴⁶⁴ Það átti þó fyrir karlinum að

⁴⁴⁹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 6. Dóma- og þingbók 1817-1834, bls. 153.

⁴⁵⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 1. Veðmálabók 1804-1844, bls. 144-145.

⁴⁵¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁵² Sama heimild.

⁴⁵³ Sama heimild.

⁴⁵⁴ Sama heimild.

⁴⁵⁵ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴⁵⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁵⁷ Sama heimild.

⁴⁵⁸ Sama heimild.

⁴⁵⁹ Sama heimild.

⁴⁶⁰ Sama heimild.

⁴⁶¹ Sama heimild.

⁴⁶² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1824 og 1826.

⁴⁶³ Sama heimild.

⁴⁶⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

liggja að kvænast í annað sinn því 2. september 1838 gekk hann að eiga ekkjuna Kristjönu Jónsdóttur⁴⁶⁵ sem var liðlega 20 árum yngri en hann.⁴⁶⁶ Hún var fædd í Hrauni í Hnífsdal en bjó lengi í Búð í sömu sveit með fyrri eiginmanni sínum, Jóni Guðmundssyni.⁴⁶⁷

Árið 1835 var Kristjana ekkja í Búð með fjögur börn.⁴⁶⁸ Hallgrímur var þá enn á Gelti⁴⁶⁹ en fluttist síðar norður til hennar og bæði áttu heima í Búð er þau gengu í hjónaband haustið 1838.⁴⁷⁰ Um svipað leyti og Hallgrímur kvæntist Kristjönu gaf hann henni 6 hundruð í jörðinni Grafargili í Valþjófsdal.⁴⁷¹ Þeirri ráðstöfun andmælti Lárentíus, sonur Hallgríms, á manntalsþingi sem haldið var á Suðureyri 24. júní 1840 og lét bóka að hann teldi slíka gjöf ólögmdæta *án samþykkis myndugra erfingja föður síns*.⁴⁷²

Vorið 1840 kom Hallgrímur aftur hingað að Gelti og Kristjana með honum.⁴⁷³ Þau hófu þá búskap á einhverjum parti úr jörðinni og bjuggu hér næstu ár.⁴⁷⁴

Árið 1840 eða mjög skömmu síðar mun Hallgrímur hafa keypt sér kúna er hann fékk flutta úr Valþjófsdal yfir Önundarfjörð og leiddi síðan eða rak yfir **Klofningsheiði** (sjá hér Eyri). Haustið 1840 bjó Hallgrímur í tvíþýli á Gelti og var með eina belju, tíu ær og eitt lamb.⁴⁷⁵ Hann átti þá líka lítinn bát, tveggja eða þriggja manna far.⁴⁷⁶

Þegar prestur kom að húsvitja í marsmánuði árið 1842 voru Hallgrímur og Kristjana kona hans enn við búskap hér á Gelti.⁴⁷⁷ Hjá þeim voru þá þrjú af börnum Kristjönu frá hennar fyrra hjónabandi.⁴⁷⁸ Þau voru á aldrinum 13-23ja ára, öll fædd í Búð í Hnífsdal.⁴⁷⁹ Einu ári síðar kom prestur aftur í húsvitjunarferð og þá var Hallgrímur bóndi enn á lifi en farið að stytast í endalokin því hann andaðist 20. nóvember 1843 og var þá kominn á áttræðisaldur.⁴⁸⁰

Með fyrri konu sinni, Þórdísi Pálmadóttur, hafði Hallgrímur eignast tíu börn eða jafnvel enn fleiri (sjá hér Keflavík) og komust flest þeirra upp. Sumarið 1844 voru sjö þessara systkina á lífi, fimm bræður og tvær

⁴⁶⁵ Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsf.

⁴⁶⁶ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1843. Manntal 1816, 712. Manntal 1835, Búð í Hnífsdal.

⁴⁶⁷ Sömu heimildir. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, 311.

⁴⁶⁸ Manntal 1835.

⁴⁶⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁷⁰ Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsf.

⁴⁷¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 8. Dóma- og þingbók 1835-1841. Manntalsþing á Suðureyri 24.6.1840.

⁴⁷² Sama heimild.

⁴⁷³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

⁴⁷⁴ Sömu heimildir.

⁴⁷⁵ Sömu heimildir.

⁴⁷⁶ VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

⁴⁷⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁷⁸ Sama heimild.

⁴⁷⁹ Sama heimild.

⁴⁸⁰ Sama heimild. Vestf. ættir I, 134.

systur.⁴⁸¹ Tveir af sonum Hallgríms, þeir Pálmi og Kári, voru þá búsettir erlendis,⁴⁸² líklega í Danmörku. Pálmi var fæddur 1799 en Kári 1808.⁴⁸³

Ekkja Hallgríms, Kristjana Jónsdóttir, og börn hennar frá fyrra hjónabandi fóru frá Gelti vorið 1845 og fluttust þá að Grafargili í Valbjófsdal⁴⁸⁴ en aðra hálfölduna þar, 6 hundruð, hafði Hallgrímur gefið henni eins og fyrr var nefnt. Á Grafargili stóð Kristjana fyrir búi í eitt ár en sonur hennar, Guðmundur Jónsson, tók þá við og bjó lengi á þeirri jörð og síðan niðjar hans (sjá hér Grafargil). Á þeim árum sem þessi stjúpsonur Hallgríms Lárentíussonar var á Gelti kom upp sá kvittur að hann hefði orðið manni að bana á **Galtarfjörum** (sjá hér Keflavík) en ekkert sannaðist í því máli.

Um Hallgrím Lárentíusson verður tæplega sagt að hann hafi náð sér á strik í búskapnum á Gelti því hann lafði hér aðeins við bú í fáein ár, 1824-1827 og 1840-1843 og jafnan í tvíþýli. Annað mál er hitt að eftir hans dag bjuggu niðjar hans hér góðu búi um langt skeið eins og brátt verður rakið á þessum blöðum. Næst liggur þó fyrir að segja stuttlega frá fólkinu sem hér var samtíða Hallgrími og enn hefur ekki verið getið um.

Þegar Hallgrímur hætti að búa og fór í húsmennsku vorið 1827 tóku hjónin Borgar Jónsson og Júðith Brynjólfsdóttir við jarðarpartinum sem Hallgrímur hafði búið á.⁴⁸⁵ Þau bjuggu hér í fjögur ár⁴⁸⁶ og fyrsta árið á móti Hildi Kolbeinsdóttur en það var síðasta ár hennar á Gelti (sjá hér bls. 36). Frá Borgari og Júðith, konu hans, hefur áður verið sagt í riti þessu (sjá hér Botn, Klúka þar). Sambylismaður Borgars hér á Gelti á árunum 1828-1831 var Björn Eiríksson, sonur séra Eiríks Vigfússonar á Stað í Súgandafirði og konu hans, Ragnheiðar Halldórsdóttur.⁴⁸⁷ Kona Björns var Valgerður Benediktsdóttir frá Blámýrum í Ögursveit.⁴⁸⁸ Þau hjónin voru systrabörn og móðir Valgerðar, Solveig Halldórsdóttir, var seinni kona séra Eiríks Vigfússonar, föður Björns, eiginmanns Valgerðar.⁴⁸⁹

Er Björn og Valgerður komu hingað að Gelti vorið 1828 voru þau bæði um þrítugsaldur og höfðu áður búið í örfá ár á Stað á móti séra Eiríki.⁴⁹⁰ Hér stöldruðu þau aðeins við í þrjú ár⁴⁹¹ en bjuggu síðan um skeið á Meiri-Bakka í Skálavík og svo á Mosvöllum í Önundarfirði.⁴⁹² Síðast stóðu þau fyrir búi í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði og hefur áður verið frá þeim sagt í þessu riti (sjá hér Neðri Breiðadalur).

⁴⁸¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 9. Dóma- og þingbók 1841-1847, bls. 197-198.

⁴⁸² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 9. Dóma- og þingbók 1841-1847, bls. 197-198.

⁴⁸³ Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsf.

⁴⁸⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴⁸⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁸⁶ Sama heimild.

⁴⁸⁷ Sama heimild. Ól. Þ. Kr. 1945, 156-157 (Frá ystu nesjum III).

⁴⁸⁸ Ól. Þ. Kr. 1945, 156-157.

⁴⁸⁹ Sama heimild, 148 og 156-157.

⁴⁹⁰ Sama heimild.

⁴⁹¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁹² Ól. Þ. Kr. 1945, 156-157.

Búin hjá sambylismönnunum Birni Eiríkssyni og Borgari Jónssyni, sem bjuggu hér á Gelti árið 1830, voru þá álíka stór.⁴⁹³ Þeir áttu þá sína kúna hvor og þá þriðju báðir saman.⁴⁹⁴ Að auk átti Björn kelfda kvígu.⁴⁹⁵ Haustið 1830 var Björn með 16 ær, 4 lömb og 9 aðrar sauðkindur en Borgar með 12 ær, 6 lömb og 10 aðrar sauðkindur.⁴⁹⁶ Að Björn væri betur settur en Borgar mátti helst merkja á því að hann átti lítinn bát og einnig folald en Borgar átti hvorki bát né hest.⁴⁹⁷

Björn Eiríksson frá Stað, sem bjó hér á Gelti frá 1828 til 1831, andaðist í Neðri-Breiðadal vorið 1864⁴⁹⁸ og þar bjuggu niðjar hans lengi (sjá hér Neðri-Breiðadalur).

Á árunum 1824-1831 var hér jafnan tvíbýli en auk bændanna og þeirra skylduliðs voru hér oftast ein eða tvær manneskjur í húsmennsku á þeim árum.⁴⁹⁹ Um Hallgrím Lárentíusson, sem var allengi húsmaður á Gelti, hefur áður verið rætt en auk hans má nefna Ísleif Jósepsson, sem hafðist hér við fardagaárið 1826-1827, þá sagður sextugur, Guðrúnu Guðlaugsdóttur, sem var hér í húsmennsku fardagaárið 1827-1828, þá um fertugt, Bjarna Bjarnason, sem var húsmaður á Gelti í nokkur ár um 1830, þá liðlega sjötugur, og Guðnýju Oddsdóttur, sem var hér í húsmennsku fardagaárið 1829-1830, sögð 53ja ára.⁵⁰⁰

Vorið 1831 fóru hjónin Níels Jónsson og Kristín Þorkelsdóttir að búa á Gelti en Borgar Jónsson og Björn Eiríksson viku báðir frá.⁵⁰¹ Þau Níels og Kristín komu hingað frá Norðureyri og fengu strax alla jörðina til ábúðar.⁵⁰² Þau bjuggu hér búi sínu í tólf ár, frá 1831 til 1843, síðustu þrjú árin í tvíbýli á móti Hallgrími Lárentíussyni.⁵⁰³

Níels var fæddur í Hrauni í Keldudal í Dýrafirði 29. mars 1791, sonur hjónanna Jóns Jónssonar og Ólafar Níelsdóttur sem þar bjuggu.⁵⁰⁴ Hann kom þrítugur að aldri til ekkjunnar Kristínar Þorkelsdóttur sem þá bjó á Norðureyri í tvíbýli á móti móður sinni, Kristínu Bergsdóttur (sjá hér Norðureyri). Haustið 1822 gekk Níels að eiga Kristínu Þorkelsdóttur, húsmóður sína á Norðureyri, sem var sex árum eldri en hann.⁵⁰⁵ Þau bjuggu á Norðureyri allt til vorsins 1831 er þau fluttust hingað að Gelti.⁵⁰⁶ Tvö af börnum Kristínar Þorkelsdóttur og fyrri eiginmanns hennar, Sigfúsar Erlingssonar, fylgdu móður sinni og stjúpa í þeim

⁴⁹³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1830.

⁴⁹⁴ Sama heimild.

⁴⁹⁵ Sama heimild.

⁴⁹⁶ Sama heimild.

⁴⁹⁷ Sama heimild.

⁴⁹⁸ Ól. Þ. Kr. 1945, 156-157 (Frá ystu nesjum III).

⁴⁹⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁰⁰ Sama heimild.

⁵⁰¹ Sama heimild.

⁵⁰² Sama heimild.

⁵⁰³ Sama heimild. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1840.

⁵⁰⁴ Vestf. ættir I, 378. Manntal 1801, vesturamt, 274. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁰⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁰⁶ Sömu heimildir.

búferlaflutningum.⁵⁰⁷ Þau hétu Kristján og Ástríður og voru bæði um fermingaraldur.⁵⁰⁸ Eitt barn áttu þau Níels og Kristín á lífi er þau komu að Gelti, drenginn Níels Níelsson sem þá var 4 ára.⁵⁰⁹ Börnum þeirra fjölgaði ekki síðar, enda var Kristín orðin 46 ára er hún fór frá Norðureyri.⁵¹⁰

Um Níels Jónsson, bónda á Gelti, segir prestur vorið 1832 að hann sé *skikkanlegur* og *í meðallagi að sér* en Kristín húsfreyja fær við sama tækifæri þá einkunn hjá sálusorgaranum að hún sé líka *skikkanleg* í hegðun, *vel að sér og skýr í andlegu*.⁵¹¹ Eitthvað mun Níels hafa fengist við að banga saman vísur og hann var *rímmaður*, það er fékkst við að skrifa almanök⁵¹² (sbr. hér Selárdalur).

Til að geta búið til almanök þurftu menn að kunna dálítið fyrir sér í reikningi og á því sviði mun Níels hafa verið mörgum fremri. Um 1840 var hann annar tveggja úttektarmanna í Suðureyrarhreppi en hinn var Þorleifur Þorkelsson, mágur hans, sem þá var bóndi og hreppstjóri á Suðureyri.⁵¹³ Níels, bóndi á Gelti, mun líka hafa verið gefinn fyrir framkvæmdir því megi taka mark á búnaðarskýrslu frá árinu 1840 var hann þá einn þeirra fimm bænda í Súgandafirði sem reynt höfðu að auka heyfeng sinn með því að grafa áveituskurði.⁵¹⁴ Skurðurinn sem Níels hafði þá grafið á Gelti var 40 faðmar á lengd.⁵¹⁵

Bústofn Níelsar vorið 1834 var 3 kýr, 24 ær, 7 sauðir tvævetra og eldri, 9 gemlingar og 15 lömb.⁵¹⁶ Hann átti þá engan hest og aðeins lítinn bát sem var tveggja eða þriggja manna far.⁵¹⁷ Svo virðist sem Níels hafi orðið fyrir áföllum í búskapnum á árunum kringum 1835 því árið 1837 var bú hans mun minna en verið hafði þremur árum fyrr, aðeins 1 kýr, 10 ær og 6 aðrar sauðkindur, auk lamba.⁵¹⁸

Um verklag Níelsar við að halda fé sínu til beitar að vetrarlagi heyrði Kristján G. Þorvaldsson merkilega sögu, líklega á árunum kringum aldamótin 1900, og færði hana í letur. Sú saga er á þessa leið:

Á bökkunum fyrir utan Land er stór steinn sem kallast Níelsarsteinn. Nafnið er sagt þannig til orðið. Níels Jónsson hét maður sem bjó á Gelti frá 1831 til 1848 [rétt til 1843 – innsk. K.Ó.]. Hann þótti frekar linur að afla heyja en afburðamaður í að halda fé til beitar. Síðari hluta vetra rak hann fé sitt upp Búðargil, upp á Skakkarból. Mun enginn

⁵⁰⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁰⁸ Sömu heimildir.

⁵⁰⁹ Sömu heimildir. Vestf. ættir I, 378.

⁵¹⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵¹¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵¹² Lbs. 4407⁴⁰, Valdimar Þorvaldsson, bls. 31.

⁵¹³ Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846, úttekt á Stað í Súgandaf. 7.6.1839.

⁵¹⁴ VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

⁵¹⁵ Sama heimild.

⁵¹⁶ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1834.

⁵¹⁷ Sama heimild.

⁵¹⁸ Sama askja, búnaðarskýrslur 1837.

*annar hafa gert það. En hann gætti þess jafnan að ná því niður áður en sólbráðin frysí. Sauði sína rak hann ekki til húsa en gaf þeim hey við stein þennan og þá jafnan í skjóli hans, eftir vindstöðu. Steinninn var síðan kenndur við hann.*⁵¹⁹

Landið sem Kristján G. Þorvaldsson nefnir í þessari frásögn er Galtarlandið, sem svo heitir, en það er 500-700 metrum fyrir utan túnið á Gelti. Þaðan reru Galtarbændur til fiskjar á síðari hluta 19. aldar og höfðu þar uppsátur fyrir báta sína (sjá hér bls. 74-75). Á sjávarbökkunum rétt fyrir utan Land eru margir allstórir steinar en einn þeirra er stærstur og sker sig úr. Þarf vart að efa að sá sé **Nielsarsteinn**, enda er lögunin með þeim hætti að við hann getur fé fundið sér skjól í flestum áttum. Ofantil við stein þennan er reyndar tótt og er hún um það bil tveir metrar á lengd og hálfur annar metri á breidd. Líklegast er að þar hafi á fyrri tíð verið byrgi sauðamanns og kynni Niels að hafa reist sér það til skjóls er hann gætti sauða í vetrarhríðum.

Á árunum 1831-1840 var Niels Jónsson nær alltaf eini bóndinn á Gelti.⁵²⁰ Fardagaárið 1833-1834 taldist frænka hans, Þuríður Gísladóttir, þó búa hér á móti honum.⁵²¹ Hún var systurdóttir Nielsar, fædd árið 1800 eða því sem næst, og var nýlega orðin ekkja.⁵²² Þuríður hafði verið gift Þórði Hákonarsyni og voru þau í Vatnadal haustið 1831⁵²³ en hann sagður vera búandi í Botni þegar hann dó, 24 ára gamall, 12. ágúst 1832.⁵²⁴ Foreldrar Þórðar voru Hákon Þórðarson, sem drukknaði ungur árið 1814, og kona hans, Arnfríður Þórðardóttir, er fluttist með tengdadóttur sinni hingað að Gelti⁵²⁵ (sbr. hér Bær og Suðureyri). Með Þuríði komu líka tvær kornungar dætur þeirra Þórðar, Ragnhildur og Guðrún.⁵²⁶ Búskapur Þuríðar Gísladóttur hér stóð aðeins í eitt ár en prestur hitti hana að máli í marsmánuði á því ári og segir að hún sé *sköruleg*.⁵²⁷ Vorið 1834 gafst Þuríður upp á búskapnum og gerðist vinnukona hjá Guðmundi Úlfssyni á Laugum.⁵²⁸

Næstu ár og allt til 1840 bjó Niels Jónsson jafnan einn á allri jörðinni en á því skeiði var hér stundum húsfólk.⁵²⁹ Hjónin Jón Hallsson og Vilborg Þorsteinsdóttir voru hér í húsmennsku fardagaárið 1836-1837⁵³⁰ en hófu búskap í Keflavík vorið 1837 (sjá hér Keflavík).

⁵¹⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 148.

⁵²⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵²¹ Sama heimild.

⁵²² Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súg.f. Manntal 1801, vesturamt, 273-274. Sbr. Manntal 1816, 693.

⁵²³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵²⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵²⁵ Manntal 1816, 698. Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵²⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵²⁷ Sama heimild.

⁵²⁸ Sama heimild.

⁵²⁹ Sama heimild.

⁵³⁰ Sama heimild.

Niels og Kristín kona hans fóru frá Gelti vorið 1843 og fluttust þá út í Keflavík.⁵³¹ Þar stóðu þau fyrir búi í sjö ár en Niels Jónsson dó í Keflavík 5. júní 1850 og tók þá sonur þeirra, Niels Nielsson, við búsför ráðum.⁵³² Síðustu þrjú árin sem Niels Jónsson bjó hér á Gelti hafði hann aðeins hálfa jörðina til ábúðar en á hinni hálfendunni bjó þá Hallgrímur Lárentíusson⁵³³ sem áður var frá sagt. Hallgrímur dó haustið 1843 (sjá hér bls. 40), sama ár og Niels fór frá Gelti, en ekkja Hallgríms, Kristjana Jónsdóttir, bjó hér áfram til vorsins 1845 og hafði alla jörðina til ábúðar.⁵³⁴ Frá Kristjönu, sem var seinni kona Hallgríms, hefur áður verið sagt (sjá hér bls. 39-41 og Grafargil) en þau höfðu aðeins verið gift í fimm ár þegar Hallgrímur andaðist.

Vorið 1845 fóru hjónin Lárentíus Hallgrímsson og Sigurborg Bergsdóttir að búa á Gelti og tók Lárentíus við af Kristjönu, stjúpmóður sinni.⁵³⁵ Hjón þessi komu hingað frá Ytri-Vatnadal en þar höfðu þau verið við búskap í 20 ár og hefur áður verið frá þeim sagt á þessum blöðum (sjá hér Ytri-Vatnadalur og Norðureyri).

Lárentíus var elsti sonur Hallgríms Lárentíussonar og fyrri konu hans, Þórdísar Pálmadóttur, fæddur 23. ágúst 1796.⁵³⁶ Árið 1801 var Lárentíus fósturbarn hjá afa sínum og ömmu, Lárentíusi Erlendssyni og Steinunni Hallgrímsdóttur, konu hans, á Hóli í Bolungavík⁵³⁷ (sbr. hér bls. 37). Er Lárentíus Hallgrímsson hóf búskap hér á Gelti vorið 1845 var hann kominn undir fimmtugt en Sigurborg, eiginkona hans, var tólf árum yngri. Þau stýrðu hér búi í 17 ár, frá 1845 til 1862, og bjuggu jafnan ein á allri jörðinni.⁵³⁸

Með Lárentíusi og Sigurborgu komu hingað frá Ytri-Vatnadal synir þeirra þrír, Ólafur, fæddur 1827, Sigurður, fæddur 1833, og Pálmi, fæddur 1835.⁵³⁹ Allir urðu þeir síðar bændur í Suðureyrarhreppi, Ólafur á Gelti (sjá hér 48-51), Sigurður í Botni en áður á Gelti og á Norðureyri (sjá hér Botn) og Pálmi í Keflavík en síðar í Botni (sjá hér Keflavík og Botn). Elsti sonur þessara sömu hjóna, Bergur Lárentíusson, kom hins vegar ekki hingað með foreldrum sínum.⁵⁴⁰ Hann var haustið 1845 vinnumaður hjá prestinum á Stað⁵⁴¹ og hafði alist upp hjá móðurafa sínum, Bergi Jónssyni, bónda í Staðarhúsum (sjá hér Staður, Staðarhús ytri þar).

Í hópnum sem fluttist búferlum frá Ytri-Vatnadal að Gelti vorið 1845 var líka amma Sigurborgar húsfreyju, Kristín Bergsdóttir, sem komin var á

⁵³¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵³² Sama heimild. Vestf. ættir I, 378.

⁵³³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

⁵³⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵³⁵ Sama heimild.

⁵³⁶ Sama heimild 1821, Keflav. Vestf. ættir II, 497. Manntal 1801, vesturamt, 314-315. Manntal 1816, 701.

⁵³⁷ Manntal 1801, vesturamt, 314-315.

⁵³⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵³⁹ Manntal 1845, vesturamt, 294. Prstsbj.b. Staðar í Súgandaf. Vestf. ættir I, 134 og II, 497.

⁵⁴⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁴¹ Manntal 1845, vesturamt, 290.

tíræðisaldur.⁵⁴² Síðustu 20 árin hafði hún dvalist hjá sonardóttur sinni og eiginmanni hennar í Ytri-Vatnadal en áður hafði hún verið húsfreyja á Norðureyri í 35 ár (sjá hér Norðureyri). Þangað fluttist hún á sínum tíma héðan frá Gelti vorið 1790 og kom nú aftur hingað eftir 55 ár.⁵⁴³ Kristín var fædd á Sæbóli á Ingjaldssandi skömmu eftir 1750 en kom hingað ung að árum og giftist syni bóndans sem þá bjó á Gelti (sjá hér Norðureyri). Þann mann, Jón Hákonarson, missti hún snemma en hafði þó eignast með honum þrjá syni sem allir náðu að verða tvítugir. Einn þeirra var faðir Sigurborgar.

Er Kristín gamla Bergsdóttir staulaðist hér upp sjávargötuna vorið 1845 voru liðin 70 ár frá því hún fæddi sitt fyrsta barn hér á Gelti og yfir 60 ár frá því hún giftist hér í annað sinn (sjá hér Norðureyri). Á þessari jörð, hinni ystu við norðanverðan Súgandafjörð, hafði hún verið húsfreyja í tíu eða tólf ár í fyrri daga og búið hér með þeim tveimur mönnum sem hún játaðist í blóma lífisins, fyrst Jóni Hákonarsyni og síðan Þorkeli Jónssyni. Báðir féllu þeir frá áður en átjándu öldinni lauk. Nú var hún komin hingað aftur undir lok langrar ævi, sátt við að bíða hér sinnar hinstu stundar. Í huga sér geymdi hún minningu um dýrð morgunsólarinnar á Sæbóli og frá Gelti er fagurt að líta til hafs við sólarlag. Hér náði Kristín að lifa enn eitt ár en 7. október árið 1846 kvaddi hún lífið⁵⁴⁴ því þá var stundaglas hennar runnið út.

Bú Lárentíusar Hallgrímssonar og Sigurborgar, konu hans, var á búskaparárum þeirra hér nokkuð stórt sé tekið mið af því sem þá var almennt í Súgandafirði.⁵⁴⁵ Árið 1850 var kýrin þó aðeins ein en hjónin á Gelti áttu þá líka kálf og 59 sauðkindur, auk lamba.⁵⁴⁶ Fleira fé var þá aðeins á tveimur býlum í Súgandafirði. Tíu árum síðar voru hér tvær kýr og einnig kvíga eða naut en tala sauðfjár var þá nær óbreytt frá því sem verið hafði 1850.⁵⁴⁷ Aðeins einn bóndi í Súgandafirði var með fleira fé en Lárentíus árið 1860, ekkjan Guðrún Ólafsdóttir sem þá bjó með börnum sínum í Selárdal.⁵⁴⁸ Bæði 1850 og 1860 átti Lárentíus hest og lítinn bát sem var tveggja eða þriggja manna far.⁵⁴⁹

Ýmsar vísbendingar gefa til kynna að Lárentíus Hallgrímsson hafi náð að eignast þessa ábýlisjörð sína og hefur áður verið gerð grein fyrir þeim (sjá hér bls. 17-18). Fullar sannanir fyrir því að svo hafi verið liggja þó ekki á lausu. Aftur á móti liggur ljóst fyrir að á árunum upp úr 1860 keypti Lárentíus 6 hundruð í jörðinni Bæ í Súgandafirði og hálfa Norðureyri⁵⁵⁰ sem var talin sex hundraða jörð.

⁵⁴² Manntal 1845, vesturamt, 294. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁴³ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁴⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁴⁵ VA III, 412 og 417, búnaðarskýrslur 1850 og 1860.

⁵⁴⁶ Sömu heimildir.

⁵⁴⁷ Sömu heimildir.

⁵⁴⁸ Sömu heimildir. Sbr. Manntal 1860.

⁵⁴⁹ Sömu heimildir.

⁵⁵⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 2. Veðmálabók 1856-1869, bls. 147.

Hjónin Lárentíus og Sigurborg fóru frá Gelti vorið 1862 og hófu þá búskap á jarðarparti í Bæ.⁵⁵¹ Búskaparar Lárentíusar þar urðu aðeins fjögur því hann andaðist vorið 1866 (sjá hér Bær). Að bónda sínum önduðum bjó Sigurborg Bergsdóttir áfram í Bæ en aðeins í tvö ár.⁵⁵² Sextug að aldri hætti hún að búa, vorið 1868, og fluttist þá til Ólafs, sonar síns, sem bjó hér á Gelti.⁵⁵³ Hún átti þá 37 ár ólifuð og var orðin 97 ára gömul er hún andaðist hér 30. júní 1905,⁵⁵⁴ enn eldri en amma hennar, Kristín Bergsdóttir, sem fyrr var frá sagt. Frá árinu 1868 og allt til dauðadags var Sigurborg nær alltaf á Gelti, fyrst hjá Ólafi syni sínum og konu hans, Guðrínu Þórðardóttur, en seinna hjá sonardóttur sinni, Guðrínu Ólafsdóttur, og eiginmanni hennar, Guðmundi bónda Ásgrímssyni.⁵⁵⁵

Löngu áður en Sigurborg andaðist hafði hún látið smíða sér líkkistu og kistu hennar urðu reyndar fleiri en ein og fleiri en tvær áður en yfir lauk því bæri nauðsyn til gaf hún kost á að önnur lík færu í kistu sem hún hafði þó ætlað sjálfri sér en lét þá jafnan smíða aðra nýja í staðinn. Fyrst lánaði hún kistu, svo kunnugt sé, í nóvembermánuði árið 1889 við andlát Þuríðar Markúsdóttur, húsfreyju í Bæ.⁵⁵⁶ Aftur var gripið til líkkistu í eigu Sigurborgar vorið 1894 og enn um mitt sumar á því ári (sjá hér bls. 51).

Þegar Sigurborg gamla dó voru þrír af fjórum sonum hennar andaðir.⁵⁵⁷ Aðeins sá yngsti, Pálmi Lárentíusson, var á lífi, nær sjötugur að aldri.⁵⁵⁸ Allir synir hennar áttu hins vegar niðja⁵⁵⁹ og munu barnabörnin, sem á lífi voru þegar gamla konan andaðist, hafa verið tíu.⁵⁶⁰

Svo virðist sem Sigurborg Bergsdóttir hafi alltaf verið bjargálma í sínu langvarandi ekkjustandi. Þegar hún dó átti hún enn 9 hundruð í jörðinni Bæ í Súgandafirði og allt til 96 ára aldurs taldist hún eiga hálfa jörðina hér á Gelti.⁵⁶¹ Þessa hálfleudu sína, sex hundruð, lét hún af hendi við Guðmund Ásgrímsson sumarið 1904 *með því skilyrði að hann veitti sér sömu hjálp til lífsframfaris til dauðadags og hann hafi gjört að undanförmu.*⁵⁶²

Jarðarhundruðin sem Sigurborg átti í Bæ voru við uppgjör á dánarbúi hennar virt á 765,- kr. en aðrar eignir á 121,15 kr.⁵⁶³ Við mat á þessum fjárhæðum má hafa til hliðsjónar að árið 1905 var tímakaup karlmannna í fiskvinnu hjá útibúi Ásgeirsverslunar á Suðureyri 25 aurar en 12 og ½ eyrir hjá kvenfólkinu (sjá hér Suðureyri). Sonardóttir Sigurborgar hefði því þurft að strita í liðlega 7000 klukkustundir til að vinna sér inn andvirði þeirra

⁵⁵¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁵² Sama heimild.

⁵⁵³ Sama heimild og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁵⁴ Sömu heimildir.

⁵⁵⁵ Sömu heimildir.

⁵⁵⁶ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar á Suðureyri 6.11.1889.

⁵⁵⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyriarhreppur 3. *Uppskrifta- og uppboðsbók*, löggilt 28.7.1881. Uppskrift frá 14.7.1905 á dánarbúi Sigurborgar Bergsdóttur á Gelti.

⁵⁵⁸ Sama heimild.

⁵⁵⁹ Sama heimild.

⁵⁶⁰ Sama heimild. Sbr. Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁶¹ Sama heimild.

⁵⁶² Sama heimild.

⁵⁶³ Sama heimild.

eigna sem gamla konan lét eftir sig. Ef frá eru talin jarðarhundruðin í Bæ voru þessar eignir þó sáralitlar. Þær voru 48,60 kr. í peningum, fatnaður sem var virtur á 34,05 kr., rúmfatnaður virtur á 26,25 kr., ýmsir lausamunir virtir á 10,75 kr. og eitt pund af neftóbaki sem metið var á 1,50 kr.⁵⁶⁴ Líklega hefur gamla konan tekið í nefið fram á síðustu stund og viljað eiga tóbakið á vísu stað eins og líkkistuna.

Svo virðist sem Sigurborg Bergsdóttir hafi oftast verið bláklædd undir lok sinnar löngu ævi því hún átti þrjú pils sem öll voru blá og einnig bláa treyju, bláan bol og bláa sokka. Um aðra liti á flíkum hennar er ekki getið en ein af fjórum svuntum sem hún átti var röndótt.⁵⁶⁵ Tvær skrálæstar kistur átti þessi gamla kona við lok ævinnar og koffortið hennar var líka skrálæst.⁵⁶⁶ Aðrar hirslur átti hún ekki nema kistil sem í voru halasnælda og einn diskur.⁵⁶⁷ Annars staðar lá askurinn hennar og skaftpottur sem hún átti líka.⁵⁶⁸ Að flíkum og rúmfatnaði frátöldum voru þetta hennar einu lausamunir.⁵⁶⁹

Hér var áður frá því greint að Sigurborg Bergsdóttir og eiginmaður hennar, Lárentíus Hallgrímsson, hefðu búið á Gelti frá 1845 til 1862. Við brottför þeirra vorið 1862 tóku tveir synir þessara hjóna við jörðinni, Ólafur og Sigurður, og bjuggu hér í tvíbýli næstu þrjú ár.⁵⁷⁰ Þeir voru þá báðir kvæntir menn og var Ólafur orðinn 36 ára er hann komst í bændatölu en Sigurður var sjö árum yngri.⁵⁷¹ Frá Sigurði Lárentíussyni og konu hans, Sigríði Árnadóttur, er sagt hér á öðrum stað (sjá Botn), enda stóðu þau aðeins í skamman tíma fyrir búi hér á Gelti.

Ólafur Lárentíusson, bróðir Sigurðar, var aftur á móti bóndi á Gelti í 17 ár, frá 1862 til 1879,⁵⁷² og verður því sagt hér nokkru nánar frá honum. Ólafur fæddist í Ytri-Vatnadal 15. janúar 1826.⁵⁷³ Þar ólst hann upp hjá foreldrum sínum og fluttist með þeim hingað að Gelti vorið 1845.⁵⁷⁴ Næstu 17 ár vann hann að búi foreldra sinna en tók eins og fyrr var nefnt sjálfur við búsforráðum vorið 1862.⁵⁷⁵ Haustið 1859 hafði hann gengið að eiga stúlkuna Guðrúnu Þórðardóttur sem þá hafði verið vinnukona á Gelti í níu ár.⁵⁷⁶ Guðrún var dóttir hjónanna Þórðar Hákonarsonar og Þuríðar Gísladóttur og fæddist í **Fremri-Vatnadal** 24. nóvember 1831.⁵⁷⁷ Hún missti föður sinn er hún var á fyrsta ári (sjá hér bls. 44) og ólst frá 1834

⁵⁶⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðreyrarhreppur 3. *Uppskrifta- og uppboðsbók*, löggilt 28.7.1881. Uppskrift frá 14.7.1905 á dánarbúi Sigurborgar Bergsdóttur á Gelti.

⁵⁶⁵ Sama heimild.

⁵⁶⁶ Sama heimild.

⁵⁶⁷ Sama heimild.

⁵⁶⁸ Sama heimild.

⁵⁶⁹ Sama heimild.

⁵⁷⁰ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁷¹ Sömu heimildir.

⁵⁷² Sömu heimildir.

⁵⁷³ Prestsþj.b.Staðar í Súgandaf.

⁵⁷⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁷⁵ Sama heimild.

⁵⁷⁶ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁷⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1845, vesturamt, 282 og nafnalykill þess.

upp í Staðarhúsum hjá Bergi Jónssyni bónda þar.⁵⁷⁸ Er tökustúlka þessi í Staðarhúsum náði 13 ára aldri fór hún að vinna fyrir sér og var haustið 1845 vinnukona á Hvilft í Önundarfirði, hjá Magnúsi Einarssyni og Ragnheiði Finnsdóttur.⁵⁷⁹

Guðrún Þórðardóttir kom aftur í Súgandafjörð vorið 1849 og var vinnukona í Ytri-Vatnadal næsta fardagaár en fór 1850 að Gelti.⁵⁸⁰ Næstu tólf ár var hún vinnukona á Gelti og síðan húsfreyja hér í sautján ár.⁵⁸¹ Undir lok ævinnar var hún svo hér í horninu hjá dóttur sinni í þrettán ár.⁵⁸² Í sóknarmannatali frá árinu 1849 er tekið fram að Guðrún Þórðardóttir, sem þá var 18 ára vinnukona í Ytri-Vatnadal, sé fædd í Fremri-Vatnadal.⁵⁸³ Að það hafi verið hún sem fór að Gelti árið 1850 og ílentist þar má heita öldungis víst því engin önnur Guðrún Þórðardóttir var þá í Suðureyrarhreppi á líkum aldri og engin með því nafni fluttist inn í hreppinn það ár ef marka má skrá sóknarprestsins á Stað yfir *innkomna*.⁵⁸⁴ Hér verður samt að taka fram að í manntölunum frá 1855 og 1860 er Guðrún Þórðardóttir á Gelti sögð vera fædd í Hólssókn í Bolungavík.⁵⁸⁵ Ætla má að þar sé um skort á réttum upplýsingum eða misritun að ræða, enda er þessi sama kona jafnan sögð fædd í Súgandafirði í manntölunum frá 1870, 1880 og 1890.⁵⁸⁶

Fyrstu fjögur árin sem Ólafur Lárentíusson stýrði búi hér á Gelti hafði hann aðeins hálfu jörðina til ábúðar.⁵⁸⁷ Á hinni háflendunni bjó Sigurður bróðir hans frá 1862 til 1865 en fardagaárið 1865-1866 voru hjónin Sigurður Guðmundsson og Salbjörg Sigurðardóttir sambýlisfólk Ólafs og Guðrúnar hér á Gelti.⁵⁸⁸ Sigurður var sonur Guðmundar Úlfssonar, sem lengi bjó á Laugum (sjá hér Laugar), en Salbjörg var dóttir Sigurðar Bjarnasonar sem búíð hafði á Norðureyri á árunum 1838-1854 (sjá hér Norðureyri).

Við brottför Sigurðar og Salbjargar vorið 1866 fengu Ólafur Lárentíusson og Guðrún kona hans ábúð á allri jörðinni og bjuggu hér ein þaðan í frá.⁵⁸⁹ Bústofn Ólafs árið 1870 var 2 kýr, 26 ær, 4 sauðir og hrútar, 20 gemlingar og 1 hestur.⁵⁹⁰ Baturinn sem hann átti þá var lítill, aðeins tveggja eða þriggja manna far.⁵⁹¹ Ólafur mun jafnan hafa komist sæmilega

⁵⁷⁸ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1845, vesturamt, 282 og nafnalykill þess.

⁵⁷⁹ Manntal 1845, vesturamt, 282, og nafnalykill þess. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁸⁰ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁸¹ Sömu heimildir.

⁵⁸² Sömu heimildir.

⁵⁸³ Sömu heimildir.

⁵⁸⁴ Sömu heimildir.

⁵⁸⁵ Manntöl 1855 og 1860.

⁵⁸⁶ Manntöl 1870, 1880 og 1890, Göltur og Bær í Súgandaf.

⁵⁸⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁸⁸ Sama heimild.

⁵⁸⁹ Sama heimild.

⁵⁹⁰ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

⁵⁹¹ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

af þó að bú hans væri ekki mjög stórt.⁵⁹² Frá nýtni Ólafs segir Gunnar M. Magnúss með þessum orðum:

Ólafur Lárentíusson var dugnaðar bóndi og ákaflega nýtinn maður. Hann var vel í eignum. Sagt var að hann hefði ekki mátt sjá neitt fara forgörðum. Hann tók upp af götu sinni smáhluti og stakk þeim á sig. Þótti mörgum þessi hirðusemi hans ganga fulllangt. En orðtak hans var: „Taktu hlutinn upp og hirtu hann en ef þú getur ekki notað hann í 20 ár, þá skaltu fleygja honum.“⁵⁹³

Frá villunni sem Ólafur lenti í á Grárófu er sagt hér á öðrum stað (sjá Selárdalur). Þau Ólafur Lárentíusson og Guðrún, kona hans, náðu að koma upp tveimur börnum, Helga og Guðrúnu.⁵⁹⁴ Helgi, sonur þeirra, drukknaði af bát frá Bolungavík í febrúarmánuði árið 1888 og var þá rétt liðlega tvítugur.⁵⁹⁵ Þó skammlífur yrði lét hann samt eftir sig son, drenginn Magnús, sem fæddist á Gelti 6. september 1887 og ólst hér upp.⁵⁹⁶ Barnsmóðir Helga var Guðrún Sigurlína Guðmundsdóttir sem árið 1887 var vinnukona á Gelti en seinna húsfreyja á Góustöðum í Skutulsfirði.⁵⁹⁷ Frá Guðrúnu Ólafsdóttur, systur Helga, segir hér síðar.

Vorið 1879 fluttust Ólafur Lárentíusson og fjölskylda hans frá Gelti í Bæ⁵⁹⁸ og fetaði hann þá sömu slóð og faðir hans hafði farið 17 árum fyrr (sjá hér bls. 47) en stutt varð í búskap beggja þessara feðga í Bæ.⁵⁹⁹ Ólafur bjó þar aðeins í tvö ár og þá í tvíbýli á móti Magnúsi Jónssyni⁶⁰⁰ sem drukknaði með Sturlu Jónssyni á Stað árið 1898.

Þegar Ólafur fór frá Gelti vorið 1879 hafði hann jarðaskipti við Hálfmán Brynjólfsson sem búið hafði í Bæ næstu ár á undan en fluttist nú að Gelti.⁶⁰¹ Á Hálfmán hefur áður verið minnst í þessu riti (sjá hér Bær) og um hann verður fjallað hér litlu aftar (sjá bls, 51-53).

Vorið 1881 fóru Ólafur Lárentíusson og kona hans, Guðrún Þórðardóttir, aftur að Gelti og dvöldust hér þaðan í frá til æviloka í skjóli dóttur sinnar og tengdasonar sem hófu hér búskap þetta sama vor.⁶⁰² Guðrún dó 19. apríl 1894 og Ólafur þremur eða fjórum dögum síðar.⁶⁰³ Bæði voru þau jörðuð sama daginn, 29. apríl.⁶⁰⁴ Einar Jónsson á Suðureyri

⁵⁹² Gunnar M. Magnúss 1977, 53.

⁵⁹³ Sama heimild.

⁵⁹⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁹⁵ Sömu heimildir.

⁵⁹⁶ Sömu heimildir.

⁵⁹⁷ Sömu heimildir. Lbs. 2217^{4to}, Dagbók M. Hjaltas. 28.10.1898. Vestf. ættir II, 622 og 669 og III, 296.

⁵⁹⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁹⁹ Sama heimild.

⁶⁰⁰ Sama heimild.

⁶⁰¹ Sama heimild.

⁶⁰² Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁶⁰³ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁶⁰⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

getur um andlát Ólafs Lárentíussonar í dagbók sinni og segir hann hafa dáíð 22. apríl⁶⁰⁵ en prestur segir hann hafa látist einum degi síðar.⁶⁰⁶

Þann 24. apríl þetta sama vor hafði Einar fréttir að færa og kemst svo að orði í dagbókinni: *Sturli, Eiríkur Egilsson og Jens komu hér eftir líkkistu sem Sigurborg á Gelti átti hér. Þeir fóru með hana út að Gelti og „ötludu“ hana um Ólaf sáluga.*⁶⁰⁷

Þessi frásögn Einars sýnir að Sigurborg Bergsdóttir, móðir Ólafs Lárentíussonar, átti geymda líkkistu á Suðureyri vorið 1894 en gamla konan var þá 86 ára. Kistuna hafði hún ætlað sjálfri sér en nú var hún notuð sem grafarbúnaður sonar hennar. Þau mæðginin höfðu löngum fylgst að og svo fór að Ólafur kvaddi á undan móður sinni.

Á efri árum mun Sigurborg Bergsdóttir jafnan viljað hafa vaðið fyrir neðan sig og hún var fljót að koma sér upp annarri líkkistu. Þá kistu geymdi hún líka á Suðureyri en þegar þrír mánuðir voru liðnir frá útför Ólafs, sonar hennar, kom annað kall og lét hún þessa kistu líka góðfúslega af hendi.⁶⁰⁸ Í hana fór lík Bjarna Ólafssonar, bónda á Kvíanesi, sem dó 30. júlí 1894 (sjá hér Kvíanes). Hvort Sigurborg fékk að halda þriðju kistunni fyrir sig er ekki vitað en þessi háaldrada kona á Gelti sofnaði ekki svefninum langa fyrr en sumarið 1905 eins og hér hefur áður verið frá greint.

Frá 1840 til 1909 bjuggu Hallgrímur Lárentíusson og hans niðjar jafnan á Gelti ef frá eru talin fardagaárin 1879-1880 og 1880-1881.⁶⁰⁹ Þetta tveggja ára frávík er erfitt að skýra en svo virðist sem Ólafur Lárentíusson eða yngra fólkið í fjölskyldu hans hafi fengið þá hugmynd að betri framtíð biði þeirra í Bæ.

Hér var áður sagt nokkuð frá Hálfadáni Brynjólfssyni, sem hóf búskap á Gelti vorið 1879, og konu hans, Helgu Þórarinsdóttur (sjá hér Bær) en búskapartími þeirra hér varð aðeins tvö ár og reyndar skemmri hjá Hálfadáni því hann dó, 32ja ára að aldri, 22. janúar 1881.⁶¹⁰ Hann var sonur Brynjólfs Jónssonar, hreppstjóra í Bæ, sem drukknaði 18. desember 1873, og fyrri konu hans, Sigríðar Guðmundsdóttur (sjá hér Bær) en Helga, eiginkona Hálfáðnar, var dóttir Kristínar Þórarinsdóttur, sem lengi bjó á Stað í Súgandafirði, og eiginmannsins sem hún skildi við, Þórarins Sigurðssonar, bónda á Látrum í Mjóafirði við Djúp (sjá hér Staður, Botn og Innri-Hjarðardalur).

Vorið 1880 virðist allt hafa verið í eðlilegu horfi hjá Hálfadáni og Helgu á Gelti. Þau bjuggu þá með 1 kú, 20 ær, 12 gemlinga og 1 hest.⁶¹¹ Hálfadán átti þá líka hálfan bát en meðeigandi hans að bátnum var Jón

⁶⁰⁵ Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar á Suðureyri 23.4.1894.

⁶⁰⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁶⁰⁷ Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar á Suðureyri 24.4.1894.

⁶⁰⁸ Sama dagbók 31.7.1894.

⁶⁰⁹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶¹⁰ Vestf. ættir II, 416.

⁶¹¹ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

Jónsson á Norðureyri.⁶¹² Þetta var allstór bátur, sexæringur eða fjögura manna far.⁶¹³

Óljóst er nú hvernig dauða Hálfðánar bónda bar að en hann andaðist í vetrarhörkunum miklu í janúarmánuði árið 1881.⁶¹⁴ Pétur Guðmundsson, sem þá var prestur í Grímsey, lýsir tíðarfarinu í þessum mánuði svo:

*Níunda janúar, að kveldi, skall á ofsaleg norðanhríð um allt Norðurland og Vestfirði. Næstu daga fyllti hafís hverja vík, fönn hlóð niður norðanlands en um Suðurland geisudu stormar og gaddviðri. Frosthart var um allt land, 18-24°R nyrðra en 12-18° syðra [þ.e. 22,5-30 gráður á Celsíus nyrðra en 15-22,5 gráður syðra – innsk. K.Ó.]. Þar sem hafís rak að landi fraus allt í eina hellu. Um miðjan janúar var Reykjavíkurböfn frosin langt út fyrir eyjar. Í lok janúar ... var ríðið yfir Hvalfjörð, gengið úr Reykjavík upp á Kjalarnes og þaðan upp á Akranes.*⁶¹⁵

Í þessum gaddhörkum dó Hálfðán Brynjólfsson, 22. janúar 1881.⁶¹⁶ Ekkja hans stóð hér uppi með sex börn, hið elsta 6 ára en það yngsta tæplega hálfis árs.⁶¹⁷ Þann 15. mars komu hreppstjórinn og annar virðingarmaður í þeim erindagerðum að skrifa upp eignir búans og meta þær til verðs.⁶¹⁸ Búið var virt á 619,45 krónur en talið þrotabú því skuldir þess námu 709,85 krónum.⁶¹⁹ Hér verður ekki gerð grein fyrir eignum búans en skuldirnar voru þessar:

1. Við Tómas Eiríksson fyrir búáhöld	kr. 146,70
2. Við Halldór Guðmundsson	kr. 32,00
3. Við Sigurð Lárentíusson fyrir grjón og rúg	kr. 27,00
4. Við versl. Ásg. Ásgeirssonar á Ísafirði	kr. 47,86
5. Við versl. Hjálmars Jónssonar á Flateyri	kr. 139,79
6. Við Geir Gíslason, vinnumann á Gelti	kr. 40,00
7. Við Guðmund Sveinsson fyrir kú	kr. 100,00
8. Við Suðureyrahrepp fyrir grjón og rúg	kr. 14,50
9. Við Ólaf Lárentíusson	kr. 64,00
10. Við Albert Brynjólfsson, bróður Hálfðánar, óborgað af ómyndugra arfi	kr. 36,00
11. Útfararkostnaður sem ekkjan hafði greitt	kr. 62,00 ⁶²⁰

⁶¹² VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

⁶¹³ Sama heimild.

⁶¹⁴ Vestf. ættir II, 416.

⁶¹⁵ Pétur Guðmundsson / Annáll níttjándu aldar IV, 344.

⁶¹⁶ Vestf. ættir II, 416.

⁶¹⁷ Sóknarm.tal Staðar í Súg., nóv. 1880. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrahrr. 3. Uppskrifta- og uppboðsbók, löggilt 28.7.1881, bls. 2. Vestf. ættir II, 416.

⁶¹⁸ Sama Uppskrifta- og uppboðsbók, bls. 2-11.

⁶¹⁹ Sama heimild.

⁶²⁰ Sama heimild.

Við uppskriftina 15. mars 1881 voru skuldir búsins umfram eignir taldar nema 90 krónum og 40 aurum⁶²¹ en þetta réttist af á uppboðinu sem haldið var hér á Gelti 13. júní sama ár. Þar fengust 738,42 kr. fyrir það sem selt var af eignunum en hið selda hafði verið virt á 545,33 kr.⁶²² Mismunurinn á söluverði og virðingarverði nam því 193,09 kr. svo ætla má að allir lánardrottnar búsins á Gelti hafi fengið sitt. Það sem ekkjan átti eftir, þegar allar skuldir höfðu verið greiddar, var hins vegar nánast ekki neitt nema þessi sex börn sem öll þurftu bæði fæði og klæði til að geta lifað. Allt um kring þrengdu harðindin að mannfólkinu og ekki sjáanleg nokkur úrræði til að halda barnahópnum saman.

Helga Þórarinsdóttir og öll börn hennar fóru frá Gelti vorið 1881.⁶²³ Sjálf fór hún til móður sinnar, Kristínar Þórarinsdóttur, sem enn stóð fyrir búi á Stað í Súgandafirði þó að komin væri á áttræðisaldur (sjá hér Staður) og þangað fylgdu ekkjunnunni ungu dætur hennar þrjár, Ingibjörg, Soffía og Kristín.⁶²⁴ Sonunum, Guðmundi, Brynjólfi og Hannibal, varð hún hins vegar að sleppa úr höndum sér.⁶²⁵ Guðmundur fór að Kvíanesi, Brynjólfur í Önundarfjörð og Hannibal í Ytri-Vatnadal.⁶²⁶ Dætra sinna naut Helga ekki lengi. Þær dóu allar hjá ömmu sinni á Stað í mislingunum sumarið 1882, tvær sama daginn, 26. ágúst, og sú þriðja 23. september.⁶²⁷ Synirnir komust hins vegar allir upp.⁶²⁸ Yngstur þeirra var Hannibal Hálfðánarson, síðar bóndi á Kotum í Önundarfirði, fæddur á Gelti 2. ágúst 1880.⁶²⁹ Helga Þórarinsdóttir, sem missti eiginmann sinn hér á Gelti 22. janúar 1881, fluttist fáum árum síðar burt úr Súgandafirði, fyrst til Skutulsfjarðar og síðar í Önundarfjörð.⁶³⁰ Hún giftist í annað sinn 20. desember 1889 en seinni eiginmaður hennar var Guðmundur Andrésson⁶³¹ sem á árunum 1923-1944 átti heima í **Hraunakoti** í Vatnadal (sjá hér Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar).

Þegar Helga Þórarinsdóttir fór frá Gelti vorið 1881 tóku hjónin Guðmundur Ásgrímsson og Guðrún Ólafsdóttir við jörðinni.⁶³² Guðrún var dóttir Ólafs Lárentíussonar og konu hans, Guðrúnar Þórðardóttur, sem búið höfðu á Gelti frá 1862 til 1879 en þau komu nú hingað aftur með dóttur sinni og tengdasyni⁶³³ (sbr. hér bls. 49-51).

⁶²¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrarhr. 3. *Uppskrifta- og uppboðsbók*, löggilt 28.7.1881, bls. 2-11.

⁶²² Sama heimild.

⁶²³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶²⁴ Sama heimild.

⁶²⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶²⁶ Sömu heimildir.

⁶²⁷ Sömu heimildir.

⁶²⁸ Ól. Þ. Kr. / *Önfirðingar* I, 56 og 145. Vestf. ættir II, 416.

⁶²⁹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Vestf. ættir II, 416.

⁶³⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Eyjólfur Jónsson 1967, 50 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁶³¹ Eyjólfur Jónsson 1967, 30 og 50.

⁶³² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶³³ Sama heimild.

Guðmundur Ásgrímsson, sem gerðist bóndi á Gelti vorið 1881, var fæddur í verslunarstaðnum á Skutulsfjarðareyri 24. febrúar árið 1850.⁶³⁴ Foreldrar hans voru hjónin Ásgrímur Guðmundsson skútuskipstjóri og Guðrún Einarasdóttir.⁶³⁵ Þau voru bræðrabörn og var Ásgrímur Bárðarson í Fremri-Arnardal afi beggja.⁶³⁶ Ásgrímur Guðmundsson, faðir Guðmundar Ásgrímssonar á Gelti, var frá Meirihlíð í Bolungavík en átti lengi heima í verslunarstaðnum við Skutulsfjörð þar sem nú er Ísafjarðarkaupstaður.⁶³⁷ Árið sem Guðmundur fæddist var Ásgrímur skipstjóri á þilskipinu Ingólfi sem hann átti í félagi við Össur Magnússon frá Bæ í Súgandafirði.⁶³⁸

Við fæðingu Guðmundar segir séra Hálfðan Einarsson foreldra hans eiga heima á *Tanganum*⁶³⁹ en byggðin neðantil á Skutulsfjarðareyri gekk lengi undir því nafni í máli manna. Tíu árum síðar bjuggu Ásgrímur og Guðrún, kona hans, þar sem nú er Skipagata 7 á Ísafirði og stóð hús þeirra þar allt til ársins 1966.⁶⁴⁰ Guðmundur Ásgrímsson ólst ekki upp hjá foreldrum sínum.⁶⁴¹ Haustið 1855 var hann fósturbarn hjá hjónunum Árna Árnasyni og Elínu Jónsdóttur í Meirihlíð í Bolungavík⁶⁴² og fimm árum síðar var hann fósturbarn hjá hjónunum Friðfinni Kærnested snikkara og Rannveigu Magnúsdóttur, konu hans, sem þá réðu húsum í Meirihlíð.⁶⁴³ Systir Rannveigar var Sesselja Magnúsdóttir sem giftist Þorbirni Gissurarsyni í Selárdal haustið 1861⁶⁴⁴ (sbr. hér Selárdalur og Suðureyri). Til Þorbjörns og Sesselju í Selárdal kom Guðmundur Ásgrímsson 1862 eða 1863, þegar hann var 12 eða 13 ára gamall, og átti þar heima uns hann fluttist með þessum sömu hjónum yfir að Suðureyri vorið 1868.⁶⁴⁵ Frá 1868 til 1875 var Guðmundur vinnumaður hjá Þorbirni Gissurarsyni á Suðureyri en fór þá til Ólafs Lárentússonar á Gelti.⁶⁴⁶

Er Guðmundur kom að Gelti var hann 25 ára gamall. Svo fór að hann ílentist hér og haustið 1877 gekk hann að eiga Guðrúnu Ólafsdóttur, sem þá var rétt liðlega tvítug að aldri, en hún var einkadóttir Ólafs bónda Lárentússonar og konu hans, Guðrúnar Þórðardóttur, húsbænda á Gelti.⁶⁴⁷ Líklega hefur brúðkaupsveislan verið vegleg því fáum vikum fyrir hjónavígsluna fór Guðmundur til Flateyrar og keypti þar 10 potta af brennivíni og 12 potta af rommi.⁶⁴⁸ Brennivínspotturinn kostaði þá 75 aura

⁶³⁴ Vestf. ættir II, 496-497.

⁶³⁵ Sama heimild.

⁶³⁶ Sama heimild, 453 og 496-497.

⁶³⁷ Sama heimild, 496-497.

⁶³⁸ Jón Þ. Þór 1984, 165.

⁶³⁹ Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsf.

⁶⁴⁰ Jón Þ. Þór 1984, 229.

⁶⁴¹ Sbr. Manntal 1.10.1850, Ísafjarðarverslunarstaður.

⁶⁴² Manntal 1.10.1855.

⁶⁴³ Manntal 1.10.1860.

⁶⁴⁴ Vestf. ættir I, 318-327.

⁶⁴⁵ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁶⁴⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁴⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁴⁸ Hsk. á Ísaf. nr. 089. Höfuðbók nr. 5 frá Verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri, bls. 7.

hjá Hjálmari kaupmanni Jónssyni á Flateyri en pottur af rommi 1,33 kr.⁶⁴⁹ Til veislunnar keypti Guðmundur sitthvað fleira í þessari sömu ferð og má þar nefna tvö snapsglös, vindlakassa, kaffi og sykur, kanil, skonrok og rúsínur.⁶⁵⁰ Veisluföngin sýna að brúðhjónin og nánustu vandamenn þeirra voru bjargálna fólk sem tekist hafði að koma sér upp nokkrum eignum.

Við lok ársins 1875 segir prestur hinn unga vinnumann á Gelti, Guðmund Ásgrímsson, vera *vel að sér*.⁶⁵¹ Tilvonandi eiginkona hans og foreldrar hennar fá þá líka þessa sömu einkunn hjá prestinum.⁶⁵² Guðmundur Ásgrímsson var vinnumaður á Gelti í fjögur ár, frá 1875 til 1879, en fluttist þá með tengdforeldrum sínum yfir í Bæ og vann á búi þeirra þar næstu tvö árin.⁶⁵³ Sinn eigin búskap hóf hann svo hér á Gelti vorið 1881 eins og fyrr var nefnt og stóð hér fyrir búi í 28 ár eða allt til ársins 1909.⁶⁵⁴ Nær allan þann tíma hafði hann alla jörðina til ábúðar en bjó þó þrjú síðustu árin í tvíþýli á móti syni sínum.⁶⁵⁵ Fardagaárið 1902-1903 var Guðmundur Ásgrímsson líka með ábúð á þremur hundruðum úr jörðinni Norðureyri og nýtti þá hálfendu frá Gelti.⁶⁵⁶ Líklegt er að svo hafi aðeins verið þetta eina ár (sbr. hér Norðureyri) en þó má vera að hann hafi oftast haft þar einhver jarðarafnot. Síðustu árin sem Guðmundur stóð fyrir búi á Gelti heyjaði hann líka í Keflavík og þeir feðgar báðir, hann og Jón sonur hans, sem þá bjó hér á móti föður sínum.⁶⁵⁷ Á þeim árum var Keflavík í eyði (sjá hér Keflavík) en heyið var flutt heim að Gelti.⁶⁵⁸ Á búskaparárum Guðmundar Ásgrímssonar voru heimilismenn á Gelti sjaldan færri en tíu þó að börn þeirra hjóna, Guðmundar og Guðrúnar, konu hans, væru aðeins tvö.⁶⁵⁹

Guðmundur Ásgrímsson var umsvifamaður í búskap og ekki síður við sjósókn eins og hér verður síðar vikið nánar að. Sumarið 1888 bjó Guðmundur með 1 kú, 1 kvígu, 22 lambær, 3 geldær eða sauði, 20 gemlinga og 1 hest.⁶⁶⁰ Hið framtalda lausafé hans var þá 7 hundruð og 70 álnir á landsvísu en aðeins þrír bændur í hreppnum töldu þá fram meira lausafé.⁶⁶¹ Það voru Jón Ólafsson á Stað, Jóhannes Hannesson í Botni og Kristján Albertsson á Suðureyri.⁶⁶²

⁶⁴⁹ Hsk. á Ísaf. nr. 089. Höfuðbók nr. 5 frá Verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri, bls. 7.

⁶⁵⁰ Sama heimild.

⁶⁵¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁵² Sama heimild.

⁶⁵³ Sama heimild.

⁶⁵⁴ Sama heimild.

⁶⁵⁵ Sama heimild.

⁶⁵⁶ Hsk. á Ísaf. nr. 227. Skýrsla um ábúðarhundruð bænda í Suðureyrarhreppi, dags. 29.10.1902.

⁶⁵⁷ Lbs. 3152⁴⁰, Halldór Guðmundsson, bls. 233.

⁶⁵⁸ Sama heimild.

⁶⁵⁹ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁶⁶⁰ Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, skýrsla um framtal til lausafjártúndar, dags. 23.6.1888.

⁶⁶¹ Sama heimild.

⁶⁶² Sama heimild.

Árið 1891 hafði Guðmundur Ásgrímsson búið í 10 ár á Gelti. Framtalið lausafé hans var þá 10 hundruð og 69 álnir.⁶⁶³ Aðeins einn bóndi í Suðureyrarhreppi taldi þá fram meira lausafé og var það Jón Ólafsson á Stað sem átti hlut í þilskipi.⁶⁶⁴ Við slíka röðun framteljenda í Suðureyrarhreppi mun Guðmundur oftast hafa verið í öðru eða þriðja sæti á næstu árum.⁶⁶⁵ Sumarið 1895 bjó hann með 1 kú, 1 kvígu og 92 sauðkindur, auk lamba, en sumarið 1900 með 2 kúr, 56 sauðkindur, að lömbum frátöldum, 1 hest og tryppi.⁶⁶⁶ Þessar tölur um fjölda búfjár eru allar fengnar úr hinum opinberu tíundarskýrslum og gefa ef til vill ekki alveg hárrétta mynd af bústofninum.

Tvær aðrar heimildir eru til um fjölda búfjár á Gelti í tíð Guðmundar Ásgrímssonar. Magnús Hjaltason, sem var um skeið heimiliskennari þar veturinn 1898-1899, segir að þar hafi *vanalega* verið alið *um 100 sauðfjár, 2 kúr og 2 hestar*⁶⁶⁷ en Halldór Guðmundsson, sem baðaði sauðfé á Gelti í desembermánuði árið 1904, greinir svo frá að bústofninn þar hafi þá verið *nálægt 100 kindum, 2 kúr og tarfar, ásamt 2 hestum*.⁶⁶⁸

Bæði Magnús og Halldór virðast telja að á árunum kringum aldamótin 1900 hafi búið á Gelti verið nokkru stærra en fram kemur í tíundarskýrslunum sem hér var áður vitnað til. Tölur þeirra má samt alls ekki taka bókstaflega því Magnús gætti ekki alltaf fyllstu nákvæmni í slíkum sökum og Halldór skrifaði frásögnina af böðunarferð sinni ekki fyrr en 45 ár voru liðin frá því ferðin var farin (sjá hér Gilsbrekka).

Að hluta til gæti mismunurinn líka legið í því að Magnús og Halldór eru báðir að tala um heildarfjölda fjár á viðkomandi býli en Guðmundur bóndi telur aðeins fram sitt eigið fé. Á þessu tvennu gat verið nokkur munur eins og sjá má í skýrslu frá árinu 1897 um fjárfjölda í Suðureyrarhreppi. Skýrslan sýnir að í marsmánuði á því ári átti Guðmundur sjálfur 90 sauðkindur, að leiguánum sem jörðinni fylgdu meðtöldum en þær munu hafa verið 12.⁶⁶⁹ Veturinn 1896-1897 ól Guðmundur þar að auki 12 kindur sem aðrir áttu svo alls reyndust sauðkindurnar á Gelti vera 102.⁶⁷⁰ Ætla má að þessar tólf tókukindur hafi flestar verið í eigu annars heimilisfólks á Gelti. Eitthvað af þess konar *tökufé* var þá á nær hverju býli í Suðureyrarhreppi⁶⁷¹ en því má ekki rugla saman við leiguærnar, sem enn fylgdu sumum jörðum, en þær voru eign landeigandans. Skýrslan frá 1897 sýnir að Guðmundur á Gelti var þá

⁶⁶³ Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, skýrsla um framtal til lausafjártúndar, dags. 23.6.1891.

⁶⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁶⁵ Sama hreppsþók, skýrslur um framtal til lausafjártúndar, dags. 22.6.1895, 23.6.1900 og 22.6.1901.

⁶⁶⁶ Sömu heimildir.

⁶⁶⁷ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 62.

⁶⁶⁸ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 233.

⁶⁶⁹ Skjöl Suðureyrarhr. varðv. þar. *Fundabók fyrir Suðureyrarhrepp* 1889-1919, skýrsla um fjárfjölda í Suðureyrarhreppi 29.3.1897. Sbr. Fasteignamatsskj. Gjörðab. undirmatsnefndar í V-Ís., lögg. 26.3.1919.

⁶⁷⁰ Sama heimild.

⁶⁷¹ Sama heimild.

fjárflesti bóndinn í Súgandafirði, hvort sem aðeins var litið á hans eigin kindur eða heildartölu fjárins sem hann ól.⁶⁷²

Á árunum 1888-1901 átti Guðmundur Ásgrímsson á Gelti oftast bát sem var sexæringur eða fjöggra manna far eins og sjá má í tíundarskýrslum.⁶⁷³ Í hinum opinberu skýrslum frá 1888, 1891, 1895 og 1901 er hann jafnan sagður eiga aðeins einn bát en Halldór Guðmundsson, sem reri frá Gelti vorið 1899, fullyrðir að bátar Guðmundar hafi þá verið tveir.⁶⁷⁴ Kristján G. Þorvaldsson segir líka að Guðmundur hafi átt tvo báta, *mismunandi að stærð*, og verða orð hans ekki skilin á annan veg en svo að bátar bóndans á Gelti hafi lengi verið tveir.⁶⁷⁵ Hér verður að taka mark á orðum þeirra Halldórs og Kristjáns en vera má að bátunum á Gelti hafi ekki fjölgað úr einum í tvo fyrr en komið var alveg undir aldamót. Hitt er svo líka hugsanlegt að Guðmundur hafi löngum haft umráð yfir tveimur bátum en annar þeirra þó verið í eigu tengdforeldra hans eða annarra venslamanna á Gelti.

Tvímælalaust er að Guðmundur Ásgrímsson var kappsamur sjósóknari og í Galtarlandinu, hér út með sjónum, byggði hann naust fyrir tvo báta.⁶⁷⁶ Þau mannvirki þóttu merkileg á sínum tíma og mun nánar verða frá þeim greint er við stöldrum þar við og skoðum hinn forna lendingarstað (sjá hér bls. 73-76). Líklega hefur Guðmundur róið þaðan vorið 1881 en hann var þá að hefja búskap á Gelti. Þann 30. júlí 1881 lagði hann inn hjá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri 381 pund af málfiski.⁶⁷⁷ Allt mun þetta hafa verið saltaður fiskur. Skiptaverð fyrir þennan afla var 210,47 kr. og skiptist í sex staði.⁶⁷⁸ Hásetahluturinn var því 35,07 kr.⁶⁷⁹ Sjálfur fékk Guðmundur tvo og hálfan hlut⁶⁸⁰ sem sýnir að hann hefur verið formaður og átt bátinn að hálfu. Hásetar hans vorið 1881 voru Ólafur Lárentíusson, sem var tengdafaðir formannsins, Friðbert Guðmundsson í Fremri-Vatnadal og Sveinn Jónsson á Vífilsmýrum í Öfundarfirði⁶⁸¹ (sbr. hér Vífilsmýrar). Ólafur fékk einn og hálfan hlut⁶⁸² og mun því hafa átt bátinn að hálfu á móti tengdasyni sínum. Þessir þrír hásetar Guðmundar vorið 1881 voru allir rosknir menn. Elstur var Friðbert, fyrrverandi hreppstjóri í Vatnadal, sem orðinn var 58 ára (sjá hér Fremri-Vatnadalur), en yngstur Sveinn á Vífilsmýrum sem var 47 ára.⁶⁸³ Hann var tengdasonur Kristínar Þórarinsdóttur á Stað í Súgandafirði (sjá hér Vífilsmýrar).

⁶⁷² Skjöl Suðreyrarhr. varðv. þar. *Fundabók fyrir Suðreyrarhrepp* 1889-1919, skýrsla um fjárfjölda í Suðreyrarhreppi 29.3.1897. Sbr. Fasteignamatsskj. Gjörðab. undirmatsnefndar í V-Ís., lögg. 26.3.1919.

⁶⁷³ Skjöl Suðreyrarhr. varðv. þar. *Fundabók fyrir Suðreyrarhrepp* 1888-1902, skýrslur um framtal til lausafjártúndar 1888, 1891, 1895 og 1901.

⁶⁷⁴ Gunnar M. Magnúss / Halldór Guðmundsson 1977, 54.

⁶⁷⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðreyrar og Suðreyrarkauptúns*, bls. 299.

⁶⁷⁶ Sama heimild.

⁶⁷⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 240. Verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri, skiptabók 1881-1886.

⁶⁷⁸ Sama heimild.

⁶⁷⁹ Sama heimild.

⁶⁸⁰ Sama heimild.

⁶⁸¹ Sama heimild.

⁶⁸² Sama heimild.

⁶⁸³ Eyjólfur Jónsson 1967, 16 (Niðjatal Sveins á Hesti).

Í verslunarbókum Hjálmars kaupmanns á Flateyri sést líka að Guðmundur Ásgrímsson hefur farið í hákarlaróðra á fyrstu búskaparárum sínum á Gelti því 8. ágúst 1882 lagði hann inn 181 pund af hákarlalýsi og fékk fyrir það 37,00 kr.⁶⁸⁴ Aðeins einn formaður í Ísafjarðarsýslu fór enn í hákarlalegur að vetrarlagi á opnu skipi á árunum kringum 1890 (sjá hér Lokinhamrar) en vera má að Guðmundur bóndi á Gelti hafi verið einn í hópi þeirra sem síðastir stunduðu slíkan veiðiskap á opnum bátum úti á djúpmiðum.

Guðmundur sótti sjó frá Gelti bæði að vetrinum og á vorvertíð.⁶⁸⁵ Þann 1. maí 1897 fór hann í fiskiróður, einu sinni sem oftast, og lenti þá í hrakningi.⁶⁸⁶ Að því sinni náði hann landi í verstöð Önfirðinga á Kálfeyri.⁶⁸⁷ Hún er skammt fyrir utan Flateyri en bóndinn á Gelti og menn hans voru í 5 klukkustundir að berja til lands inn með **Sauðanesinu**.⁶⁸⁸ Magnús Hjaltason var einn vermannanna á Kálfeyri vorið 1897 og segir í dagbók sinni að þennan dag hafi verið *sviðrandi sortabylur*.⁶⁸⁹

Líklegt er að Guðmundur Ásgrímsson hafi oft komist í hann krappan á sjó. Hann var einn fjögurra formanna sem fóru í róður frá Súgandafirði 28. febrúar 1898. Þrír bátanna náðu landi með naumindum en sá fjórði fórst með allri áhöfn (sjá hér Staður). Af formönnunum sem reru frá Súgandafirði þann góudag var Guðmundur Ásgrímsson fyrstur í land en þegar hann og menn hans höfðu rétt lokið við að setja bátinn hér út í Galtarlandinu skall fárviðrið á.⁶⁹⁰ Sturla Jónsson á Stað og skipverjar hans lögðu síðastir af stað í land og drukknuðu allir sex er bátur þeirra fórst í því mikla hafróti fram undan fjallinu Öskubak, sem rís snarbratt úr sjó milli Keflavíkur og Skálavíkur (sjá hér Staður). Hásetar Guðmundar Ásgrímssonar þennan fárviðrisdag, er hurð skall svo nærri hælum, voru að sögn frá Norðureyri og Keflavík og gengu þeir heim um kvöldið.⁶⁹¹

Á fyrstu vikum ársins 1899 var alþýðuskáldið Magnús Hjaltason við barnakennslu hér á Gelti en hann hafði þá kennt í Keflavík fyrir áramótin.⁶⁹² Á Gelti kenndi Magnús aðeins í þrjár vikur, frá 3. janúar til 24. janúar og nemendurnir voru bara þrír.⁶⁹³ Elstur þeirra var Magnús Helgason, 11 ára gamall,⁶⁹⁴ en hann var fóstursonur húsbændanna á Gelti (sjá hér bls. 50). Hinir tveir nemendurnir voru María Helga Guðmundsdóttir, 10 ára, og Guðrún Oddný Guðnadóttir, 6 ára.⁶⁹⁵ María Helga var dóttir Guðmundar Ásgrímssonar, bónda á Gelti, og Guðrúnar,

⁶⁸⁴ Hsk. á Ísaf. nr. 240. Verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri, skiptabók 1881-1886.

⁶⁸⁵ Gunnar M. Magnúss 1977, 286.

⁶⁸⁶ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 1.5.1897.

⁶⁸⁷ Sama heimild.

⁶⁸⁸ Sama heimild.

⁶⁸⁹ Sama heimild.

⁶⁹⁰ Valdimar Þorvaldsson 1963, 65 (Ársrit S.Í.).

⁶⁹¹ Sama heimild, 65-66.

⁶⁹² Lbs. 2217^{4to}, Dagbók M. Hjaltasonar 28.10. – 31.12.1898. Lbs. 2218^{4to}, Sama dagbók 2.1. – 24.1.1899.

⁶⁹³ Lbs. 2218^{4to}, Sama dagbók 2.1. – 24.1.1899.

⁶⁹⁴ Sama dagbók 3.1.1899.

⁶⁹⁵ Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 3.1.1899.

konu hans, en Guðrún Oddný var dóttir Helgu Pétursdóttur, vinnukonu á Gelti, og fyrrverandi eiginmanns hennar, Guðna Jónassonar á Ísafirði.⁶⁹⁶

Hjónunum Guðmundi Ásgrímssyni á Gelti og konu hans, Guðrúnu Ólafsdóttur, lýsti Magnús síðar með þessum orðum:

*Guðmundur var mikill maður vexti, hár og gildur og breiðvaxinn, fríður sýnum og stillingarmaður með afbrigðum, sjósóknarmaður einhver sá mesti og hraustmenni mikið, skýr vel, gætinn og tillagagóður og trúmaður mikill. Kona hans var skapstærðarkona mikil en þó drengur góður.*⁶⁹⁷

Annar heimildarmaður, sem líka var kunnugur á Gelti í tíð Guðmundar, lýsir honum svo:

*Guðmundur Ásgrímsson var mikill atorku- og dugnaðarmaður. Hann bjó jafnan góðu búi á Gelti. ... Hann átti alltaf skip fyrir landi og reri sjálfur og var formaður á því, jafnt vetur, vor og haust. Enda var hann talinn einn með allra gildustu bændum sveitarinnar þegar ég kom hér fyrst í fjörðinn.*⁶⁹⁸

Um bústofn Guðmundar og báta hefur áður verið fjallað (sjá hér bls. 55-57) en hann átti líka jarðeignir. Einhvern part úr Gelti mun hann hafa fengið með konu sinni⁶⁹⁹ eða við andlát foreldra hennar árið 1894 og sex hundruð, það er hálfu jörðina, fékk hann með próventusamningi við Sigurborgu Bergsdóttur sem andaðist hér á Gelti árið 1905 (sjá hér bls. 47). Bæði Valdimar Þorvaldsson og Halldór Guðmundsson staðhæfa að síðustu árin sem Guðmundur bjó á Gelti hafi hann átt þessa ábýlisjörð sína einn⁷⁰⁰ og má ætla að þeir fari þar rétt með. Í heimild frá árinu 1901 eru *Guðmundur Ásgrímsson og fleiri* sagðir eiga jörðina Bæ í Súgandafirði og árið 1916 áttu börn Guðmundar og makar þeirra 6 hundruð úr þeirri jörð (sjá hér Bær). Bóndinn á Gelti átti líka Norðureyri á árunum kringum aldamótin 1900 en þá jörð seldi hann árið 1911 (sjá hér Norðureyri). Með vísun til þess sem hér hefur verið sagt má slá því föstu að síðustu árin sem Guðmundur Ásgrímsson bjó á Gelti hafi hann átt a.m.k. 24 jarðarhundruð en vera kann að þau hundruð hafi verið fleiri.

Valdimar Þorvaldsson hefur lýst torfbænum sem Guðmundur Ásgrímsson og Guðrún, kona hans, bjuggu í hér á Gelti. Bæjardyrnar sneru fram á fjörðinn og fyrir þeim var timburþil svo sem venja var.⁷⁰¹ Innan við

⁶⁹⁶ Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 3.1.1899.

⁶⁹⁷ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 60-61.

⁶⁹⁸ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 106.

⁶⁹⁹ Gunnar M. Magnúss / Halldór Guðmundsson 1977, 54.

⁷⁰⁰ Sama heimild. Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 10.

⁷⁰¹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9-10.

dyrnar tóku við mjó göng og í þeim voru sperrur undir risinu.⁷⁰² Eldhús var inn af göngunum en úr þeim var gengið inn í baðstofuna um dyr sem voru til hægri handar þegar gengið var inn göngin.⁷⁰³ Gólflötur baðstofunnar var 11 x 22 fet,⁷⁰⁴ það er tæplega 24 fermetrar. Loft var í baðstofunni. Niðri var hæðin 6,5 fet eða rétt liðlega 2 metrar en á baðstofuloftinu var hæðin, frá gólfi og upp í mæni, 8 fet eða um það bil 2,5 metrar.⁷⁰⁵ Baðstofan var með torfgöflum upp úr, í báða enda.⁷⁰⁶ Loftið í henni var þiljað innan en niðri voru torfveggirnir óþiljaðir.⁷⁰⁷ Engin skilrúm voru í baðstofunni, hvorki uppi né niðri.⁷⁰⁸

Úr göngunum var líka gengið inn í búrið og voru búrdyrnar beint á móti baðstofudyrnum.⁷⁰⁹ Samhliða búrinu var fjósið og eldhúsið, sem fyrr var nefnt, á aðra hlið. Það hafði verið byggt yfir bæjarlækinn og rann hann þar í farvegi sínum⁷¹⁰ svo ekki þurfti að fara langt til að sækja vatn.

Sömu megin og búrdyrnar voru aðrar dyr í bæjargöngunum, nær sjálfum bæjardyrnum.⁷¹¹ Um þær dyr var gengið inn í timburhús sem stóð utan við torfbæinn og var áfast honum.⁷¹² Grunnflötur timburhússins var 12 x 24 fet⁷¹³ eða 28,4 fermetrar og vegg hæðin 8 fet,⁷¹⁴ 2,5 metrar. Í þessari byggingu var loft⁷¹⁵ svo hún hlýtur að hafa verið með risi og þar uppi var þiljað herbergi.⁷¹⁶ Timburhús þetta var reyndar alls ekki allt úr timbri því að á hliðinni sem sneri að búrinu var torf og grjót *upp að lofti*.⁷¹⁷ Gaflinn sem sneri frá bænum var líka úr torfi og grjóti en *framhliðin var sem framhald af bæjarþili*.⁷¹⁸

Valdimar gerir líka grein fyrir útihúsunum, sem stóðu hér á Gelti í tíð Guðmundar Ásgrímssonar, og nefnir fjögur fjárhús, þrjár hlöður, hesthús, hjall og smiðju.⁷¹⁹ Í veiðistöðinni út í Galtarlandi voru svo verbúð og hjallur uppi á sjávarbökkunum en undir bökkunum voru tvö bátanaust og kró til að salta fisk í.⁷²⁰ Valdimar nefnir reyndar einnig verbúð undir bökkunum⁷²¹ en líklegt er að þar sé um misritun að ræða.

⁷⁰² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9-10.

⁷⁰³ Sama heimild.

⁷⁰⁴ Sama heimild.

⁷⁰⁵ Sama heimild.

⁷⁰⁶ Sama heimild.

⁷⁰⁷ Sama heimild.

⁷⁰⁸ Sama heimild.

⁷⁰⁹ Sama heimild.

⁷¹⁰ Sama heimild.

⁷¹¹ Sama heimild.

⁷¹² Sama heimild.

⁷¹³ Sama heimild.

⁷¹⁴ Sama heimild.

⁷¹⁵ Sama heimild.

⁷¹⁶ Sama heimild.

⁷¹⁷ Sama heimild.

⁷¹⁸ Sama heimild.

⁷¹⁹ Sama heimild.

⁷²⁰ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 9-10.

⁷²¹ Sama heimild.

Ætla má að á búskaparárum Guðmundar Ásgrímssonar hafi húsum verið haldið vel við hér á Gelti. Halldór Guðmundsson á Suðureyri, sem var hér við róðra árið 1899 (sjá hér bls. 75-83) og kom hingað í opinberum erindagerðum á jólaföstu árið 1904 (sjá hér bls. 56), segir í ritgerð frá árinu 1949 að Guðmundur Ásgrímsson hafi lagt *allan sinn metnað í að byggja upp, bæði bæjarhús og peningshús, eftir því sem þá gerðist.*⁷²²

Allt bendir til þess að Guðmundur Ásgrímsson á Gelti hafi verið fyrirbyggjamaður og lítið gefinn fyrir að rasa um ráð fram. Hann virti fordæmi Sigurborgar gömlu Bergsdóttur, ömmu konu sinnar, og lét eins og hún smíða sér líkkistu á miðjum aldri eða smíðaði hana sjálfur.⁷²³ Fullvíst er að Guðmundur á Gelti var búinn að koma sér upp kistu vorið 1898⁷²⁴ en hann var þá 48 ára gamall. Þessi líkkista hans var þá geymd í nausti bændanna á Suðureyri.⁷²⁵ Hana lét Guðmundur góðfúslega af hendi þegar lík Sturlu Jónssonar á Stað fannst rekið í Illubót undir Öskubak í aprílbyrjun⁷²⁶ en Sturla druknaði 28. febrúar þetta sama ár eins og hér var áður nefnt. Var hann jarðaður í kistu Guðmundar.⁷²⁷

Vart þarf að efa að bóndinn á Gelti hafi fljótlega komið sér upp annarri kistu en þjóðsagnablær er á frásögn sem Gunnar M. Magnúss birti árið 1977 um sama efni. Hann ritaði þá á þessa leið: *Guðmundur Ásgrímsson smíðaði líkkistu sína og átti hann að sitja uppi í kistunni. Hann geymdi hana í tótt úti í Landi. En kistan hvarf þaðan á einhvern dularfullan hátt.*⁷²⁸

Tala heimilisfólks á Gelti á búskaparárum Guðmundar var oftast á bilinu frá tíu og upp í fjórtán.⁷²⁹ Þau hjónin, Guðmundur og Guðrún Ólafsdóttir, eignuðust átta börn en úr þeim hópi náðu aðeins þrjú að vaxa úr grasi.⁷³⁰ Þau voru Jón Hálfðan, fæddur 1880, María Helga, fædd 1889 og Ólöf Guðrún, fædd 1894.⁷³¹ Dæturnar giftust ungum mönnum í þorpinu á Suðureyri og fluttust burt með þeim en Jón Hálfðan átti alla ævi heima í Súgandafirði.⁷³² Hann kvæntist Arnfríði Guðmundsdóttur frá Laugum árið 1901⁷³³ og voru þau fyrstu hjúskapararin í húsmennsku hér á Gelti.⁷³⁴ Vorið 1906 fékk Jón part úr jörðinni til ábúðar og bjó hann hér í tvíbýli á móti föður sínum frá 1906 til 1909 en á því ári fór allt þetta fólk frá Gelti

⁷²² Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 233.

⁷²³ Lbs. 3860^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar á Suðureyri 3.4.1898. Gunnar M. Magnúss 1977, 58.

⁷²⁴ Lbs. 3860^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar á Suðureyri 3.4.1898.

⁷²⁵ Sama heimild.

⁷²⁶ Sama heimild.

⁷²⁷ Sama heimild.

⁷²⁸ Gunnar M. Magnúss 1977, 58.

⁷²⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷³⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷³¹ Vestf. ættir II, 497-502.

⁷³² Sama heimild.

⁷³³ Sama heimild.

⁷³⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

og settist að í þorpinu á Suðureyri, handan fjarðarins.⁷³⁵ Jón Hálfðan Guðmundsson frá Gelti dó á Suðureyri 4. nóvember 1954.⁷³⁶

Guðmundur Ásgrímsson og Guðrún, kona hans, ólu líka upp, að meira eða minna leyti, nokkur tókubörn.⁷³⁷ Við tveimur slíkum tóku þau úr höndum foreldra Guðrúnar við upphaf búskapar síns en önnur komu síðar til sögunnar. Segja má að á árunum 1875-1905 hafi þrjú tókubörn alist hér upp að nær öllu leyti.⁷³⁸ Elst þeirra var Gróa Sigurðardóttir, fædd á Laugum árið 1872⁷³⁹ (sbr. hér Laugar). Næstur í aldursröðinni var Kristján Sigurðsson, fæddur 1875, en han var bróðursonur Ólafs Lárentíussonar, bónda á Gelti.⁷⁴⁰ Yngstur tókubarnanna, sem ólust að mestu eða öllu leyti upp á Gelti í tíð Guðmundar Ásgrímssonar, var svo Magnús Helgason, fæddur 1887, en hann var bróðursonur Guðrúnar Ólafsdóttur, eiginkonu Guðmundar bónda.⁷⁴¹ (sbr. hér bls. 50 og 58).

Hér hefur áður verið sagt frá barneigninni sem tókubörnin hér á Gelti, þau Gróa og Kristján, efndu til í æsku en dóttirin sem þau eignuðust fæddist hér sumarið 1893 (sjá hér Norðureyri). Það barn varð skammlíft en 8. júní 1895 eignaðist Gróa aðra dóttur sem einnig fæddist hér. Sú stúlka var skírð Konkordía Vegmey⁷⁴² og kölluð *Eiríksdóttir* að sögn Magnúsar Hjaltasonar.⁷⁴³

Presturinn sem bókaði fæðingu þessa stúlkubarns segir Eirík Björnsson, 53ja ára vinnumann í Bæ, hafi verið föður þess⁷⁴⁴ en Magnús gefur í skyn að barnið hafi ekki verið rétt feðrað. Nafnið Konkordía, sem merkir samlyndi, mun komið úr Felsenborgarsögunum⁷⁴⁵ en þær þýddi langafi Magnúsar Hjaltasonar, séra Þórður Þorsteinsson, prestur í Ögurþingum, úr dönsku á árunum kringum 1800.⁷⁴⁶ Systir Gróu Sigurðardóttur á Gelti hét Konkordía en hún dó tæplega 24 ára gömul á Eyri í Önundarfirði haustið 1891 (sjá hér Eyri). Ætla má að Gróa hafi haft þessa systur sína í huga er hún valdi dóttur sinni nöfn en hvaðan hún hafði nafnið Vegmey er óljóst og kynni að hafa verið hennar eigin hugarsmið.

Um Konkordíu Vegmey segir Magnús Hjaltason að hún hafi verið *gott barn og efnilegt*.⁷⁴⁷ Þetta góða barn var hér á Gelti með móður sinni til fimm ára aldurs⁷⁴⁸ en andaðist á sjöunda aldursári á Hafrafelli í Skutulsfirði.⁷⁴⁹ Eftir Konkordíu Vegmey orti Magnús eitt af sínum mörgu

⁷³⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷³⁶ Vestf. ættir II, 497.

⁷³⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷³⁸ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁷³⁹ Sömu heimildir.

⁷⁴⁰ Sömu heimildir.

⁷⁴¹ Sömu heimildir.

⁷⁴² Sömu heimildir.

⁷⁴³ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 62.

⁷⁴⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷⁴⁵ Sbr. Halldór Kiljan Laxness 1937, 124-142.

⁷⁴⁶ Ísl. æviskrár V, 125-126.

⁷⁴⁷ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 62.

⁷⁴⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷⁴⁹ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 62. Lbs. 2220^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 9.3.1902.

erfiljóðum⁷⁵⁰ og þess má minnst að bæði nöfnin, Konkordía og Vegmey, rötuðu inn í *Ljós heimsins* og *Höll sumarlandsins* hjá Halldóri Laxness.⁷⁵¹ Þar er reyndar líka Gróa sem sungið var um á kirkjugarðsballinu í Sviðinsvík – *Haldið ún Gróa hafi skó ...*, en lag og ljóð kenndi Vegmey Hansdóttir ástvini sínum, Ólafi Kárasyri Ljósvíkingi.⁷⁵²

Konkordía Vegmey, sem fæddist hér á Gelti árið 1895 og var í fyrstu kölluð Eiríksdóttir, var síðar nefnd Hansdóttir. Þannig er nafn hennar skráð í manntalinu frá 1901 og *Hansdóttur* segir prestur hana hafa verið er hún burtkallaðist á Hafrafelli 8. mars 1902.⁷⁵³ Hér á Gelti fæddist því og ól nær allan aldur sinn sú eina Vegmey Hansdóttir sem lífsanda dró fyrir daga nöfnu hennar í *Höll sumarlandsins*.

Gróa Sigurðardóttir frá Gelti, móðir Konkordíu Vegmeyjar, giftist síðar manni sem hét Jón Kristjánsson og áttu þau árið 1910 heima í húsinu númer 24 við Tangagötu á Ísafirði⁷⁵⁴ en Gróa andaðist í Hafnarfirði árið 1936.⁷⁵⁵

Um annað heimilisfólk á Gelti í tíð Guðmundar Ásgrímssonar verður ekki rætt hér en minnt skal á að *útilegumaðurinn* Steindór Sigurðsson frá Botni var hér oft til lengri eða skemmri dvalar á árunum 1901-1909 (sjá hér Botn).

Þau Guðmundur Ásgrímsson og Guðrún Ólafsdóttir, kona hans, fóru frá Gelti vorið 1909 og lauk þá langri búskaparsögu Hallgríms Lárentíussonar og niðja hans er setið höfðu jörðina nær óslitið frá 1840 en Hallgrímur var langafi Guðrúnar.⁷⁵⁶ Er Guðmundur Ásgrímsson fór frá Gelti var hann 59 ára gamall (sjá hér bls. 54) og hafði staðið hér fyrir búi í 28 ár.⁷⁵⁷ Hann settist nú að í þorpinu á Suðureyrarmölum.⁷⁵⁸ Þar tóku þau hjónin herbergi á leigu, vorið 1909, uppi á lofti í húsi Jóns Pálmasonar⁷⁵⁹ þar sem nú er Aðalgata 36.⁷⁶⁰ Þetta herbergi var aðeins *hálf önnur rúmlengd* og 2,5 metrar á breidd⁷⁶¹ svo húsplássið mátti vart minna vera. Í þessari kytru munu gömlu hjónin frá Gelti aðeins hafa hirst í nokkrar vikur eða örfáa mánuði því sumarið 1909 lét Guðmundur reisa nýtt íbúðarhús, sem enn stendur, við Rómarsstíg á Suðureyri og er númer eitt við þá götu.⁷⁶²

Öll árin sem Guðmundur Ásgrímsson bjó á Gelti var sjór sóttur héðan á árabátum. Árið 1908 lagði hann hins vegar fé í kaup á mótorbát sem

⁷⁵⁰ Lbs. 2220^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 11.4.1902.

⁷⁵¹ Halldór Kiljan Laxness 1937, 175. Sami 1938, 52-75.

⁷⁵² Halldór Kiljan Laxness 1938, 18-23, 48-52 og 331-332.

⁷⁵³ Manntal 1901, Hafrafell í Skutulsf. Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsf. Sbr. Lbs. 2736^{4to}, M. Hjaltason bls. 62.

⁷⁵⁴ Manntal 1910.

⁷⁵⁵ Morgunblaðið 25.7. 1997 (minningargrein um Guðmund Jónsson).

⁷⁵⁶ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁷⁵⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷⁵⁸ Sama heimild.

⁷⁵⁹ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 281.

⁷⁶⁰ Skrá yfir húseignir á Suðureyri, rituð á árunum upp úr 1940 af Kristjáni Albert Kristjánssyni, bls. 60.

Skráin er í eigu Sparisjóðsins á Suðureyri.

⁷⁶¹ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 281.

⁷⁶² Nýnefnd skrá yfir húseignir á Suðureyri ... , bls. 112. Skráin er í eigu Sparisjóðsins á Suðureyri.

smíðaður var á Ísafirði á því ári.⁷⁶³ Þann bát keypti Guðmundur í félagi við Helga Sigurðsson, ungan mann á Suðureyri, og varð Helgi formaður á honum.⁷⁶⁴ Bátinum gáfu þeir nafnið Hallvarður súgandi og var hann frá því fyrsta gerður út frá Suðureyri.⁷⁶⁵ Hann var með 4 hestafla Alphavél.⁷⁶⁶ Árið 1913 áttu þeir félagar Hallvarð súganda enn.⁷⁶⁷ Árið 1912 keypti Guðmundur annan mótorbát og þá í félagi við Sigurð E. Hallbjarnarson sem kvæntist nokkrum mánuðum síðar dóttur hjónanna frá Gelti.⁷⁶⁸ Þessi bátur hét Aldan og var smíðaður í Önundarfirði.⁷⁶⁹ Sigurður varð formaður á Öldunni.⁷⁷⁰

Síðustu árin sem Guðmundur Ásgrímsson lifði var hann lamaður.⁷⁷¹ Hann andaðist 68 ára gamall í spönsku veikinni 4. desember 1918.⁷⁷² Guðrún Ólafsdóttir, eiginkona Guðmundar, lifði lengur og fluttist með Ólöfu, dóttur þeirra, og eiginmanni hennar, Sigurði E. Hallbjarnarsyni, suður á Akranes árið 1927.⁷⁷³

Við brottför Guðmundar Ásgrímssonar og hans fólks frá Gelti vorið 1909 tóku hér við búsforráðum hjónin Guðmundur Brynjólfur Guðmundsson og María Júlía Gísladóttir en þau bjuggu hér aðeins í tvö ár.⁷⁷⁴ Guðmundur Brynjólfur var frá Mýrum í Dýrafirði, sonur hjónanna Guðmundar Hagalíns Guðmundssonar og Rósamundu Oddsdóttur⁷⁷⁵ sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér Mýrar). Hann kom að Gelti frá Haukadal í Dýrafirði og var þá liðlega þrítugur að aldri, fæddur 1876.⁷⁷⁶

María Júlía, eiginkona Guðmundar Brynjólfs, var fimm árum eldri en hann⁷⁷⁷ en hún var dóttir Gísla ríka Oddssonar í Lokinhömrum í Arnarfirði og konu hans, Guðrúnar Guðmundsdóttur frá Mýrum⁷⁷⁸ (sjá hér Lokinhamrar). Hjón þessi, sem hófu búskap á Gelti vorið 1909, áttu því bæði rætur á Mýrum, enda voru þau systkinabörn í báðar ættir.⁷⁷⁹ Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur, sem var systursonur Guðmundar Brynjólfs, segir að hann hafi numið verslunarfræði erlendis og stundað *verslunarstörf og kaupmennsku lengst ævi sinnar*.⁷⁸⁰ Guðmundur Brynjólfur og María Júlía bjuggu þó í fáein ár á Hrafnabjörgum í

⁷⁶³ Gunnar M. Magnúss 1977, 276.

⁷⁶⁴ Sama heimild.

⁷⁶⁵ Sama heimild.

⁷⁶⁶ Sama heimild.

⁷⁶⁷ Sama heimild, 276-277.

⁷⁶⁸ Sama heimild, 277 og 300. Vestf. ættir II, 497-502.

⁷⁶⁹ Sama heimild, 277 og 300.

⁷⁷⁰ Sama heimild.

⁷⁷¹ Sama heimild, 392.

⁷⁷² Sama heimild. Vestf. ættir II, 497.

⁷⁷³ Gunnar M. Magnúss 1977, 58 og 302. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁷⁷⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷⁷⁵ Guðm. G. Hagalín 1951, 44.

⁷⁷⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. og Dýrafj.þinga.

⁷⁷⁷ Manntal 1910, Göltur. Sóknarm.töl Álftamýrar.

⁷⁷⁸ Guðm. G. Hagalín 1951, 44.

⁷⁷⁹ Sama heimild, 27-30 og 44.

⁷⁸⁰ Sama heimild, 44.

Arnarfirði, á sínum yngri árum, og svo hér á Gelti.⁷⁸¹ Héðan fluttust þau til Bolungavíkur vorið 1911.⁷⁸² Þar var Guðmundur Brynjólfur kaupmaður um skeið og rak síðan verslun á Ísafirði til æviloka.⁷⁸³ Þau hjónin gáfu að lokum mest af eignum sínum til smíði björgunarskútu fyrir Vestfirði.⁷⁸⁴

Vorið 1911 fór Guðmundur Guðmundsson frá Vatnadal að búa hér á Gelti og mun hafa keypt jörðina um svipað leyti.⁷⁸⁵ Er Guðmundur hóf búskap á Gelti var hann 35 ára gamall og kona hans, Sigríður Magnúsdóttir frá Naustum í Skutulsfirði, var á sama aldri.⁷⁸⁶ Frá Guðmundi og Sigríði hefur áður verið sagt lítið eitt í þessu riti en þau komu að Gelti frá Hraunakoti í Vatnadal og höfðu verið þar í húsmennsku um skeið (sjá hér Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar).

Guðmundur Guðmundsson og Sigríður Magnúsdóttir stóðu hér fyrir búi í 25 ár, frá 1911 til 1936 er sonur þeirra tók við forstöðu búsins (sjá Firðir og fólk 1900-1999, 456). Þau dvöldust áfram hér á Gelti allt til ársins 1952 en þá fór jörðin í eyði (sjá Firðir og fólk 1900-1999,456). Er Guðmundur og Sigríður hættu að búa voru öll börn þeirra komin upp en þau voru átta, fædd á árunum 1901-1919.⁷⁸⁷ Búskaparsaga þessara hjóna verður ekki rakin hér því komið var fram á tuttugustu öld er þau tóku við jörðinni. Engu að síður skal þess getið að vorið 1915 varð Guðmundur að láta jörðina af hendi við Ásgeirsverslun upp í skuldir⁷⁸⁸ og var því leiguliði næstu ár. Fyrir jörðina með húsum og 12 leiguám greiddi Ásgeirsverslun 1.800,- krónur⁷⁸⁹ en Guðmundi var gert að greiða 180,- krónur á ári í jarðarafgjald.⁷⁹⁰ Árleg landskuld var því einn títundi hluti jarðarverðsins og sýnast það hafa verið afarkostir (sbr. hér bls. 18).

Skýringin á hinu háa afgangi liggur, að ætla má, í því að árið 1915 var allt verðlag að fara úr böndunum af styrjaldarástæðum en mælt á kvarða vísitölu vöru og þjónustu var almennt verðlag hérlendis nær þrefalt hærra 1918 en verið hafði 1915.⁷⁹¹ Vera má að útíbússtjóri Ásgeirsverslunar á Suðureyri hafi búið við slíkum verðlagsbreytingum og hin háa krónutala í leigusamningnum skýrist fyrst og fremst af því. Upphæðin mun ekki hafa verið verðtryggð og fyrir Guðmund var samningurinn því orðinn viðunandi árið 1918.

Með útsjónarsemi og dugnaði tókst Guðmundi bónda Guðmundssyni að eignast ábylissjörð sína á ný. Ekki hefur verið kannað hvenær frá þeim

⁷⁸¹ Guðm. G. Hagalín 1951, 44.

⁷⁸² Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁷⁸³ Guðm. G. Hagalín 1951, 44.

⁷⁸⁴ Sama heimild.

⁷⁸⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Lbs. 2233^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 8.4.1915.

⁷⁸⁶ Eyjólfur Jónsson 1967, 73-74 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁷⁸⁷ Sama heimild, 73-84.

⁷⁸⁸ Lbs. 2233^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 8.4.1915. Sbr. Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók fasteignamatsskjalnefndar í V-Ís., löggilt 9.3.1916, bls. 2 og 256-257.

⁷⁸⁹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók fasteignamatsskjalnefndar í V-Ís., löggilt 9.3.1916, bls. 2.

⁷⁹⁰ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsskjalnefndar í V-Ís. löggilt 26.3.1919, bls. 212. Sbr. Lbs. 2233^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 8.4.1915.

⁷⁹¹ Tölfræðihandbók 1984, 165.

kaupum var gengið en í opinberri heimild frá árinu 1932 er hann sagður vera sjálfseignarbóndi.⁷⁹²

Valdimar Þorvaldsson segir fólkið á Gelti hafa búið í torfbænum, sem hér var áður lýst (sjá hér bls. 59-60), allt til ársins 1941 en tekur fram að húsið sem stóð utan við hann og var að hálfu úr timbri hafi verið tekið burt.⁷⁹³ Valdimar nefnir ekki hvenær sú bygging var fjarlægð en líklegast er að Guðmundur Ásgrímsson hafi rifið húsið og farið með timbrið er hann fluttist burt héðan árið 1909 því hann var réttur eigandi þess.

Húsin sem stóðu hér árið 1916 voru baðstofa, geymsluhús með hjalli, fjós og tvö fjárhús.⁷⁹⁴ Að sögn opinberra matsmanna, sem þá voru að störfum, var baðstofan á Gelti 12 x 5 álnir⁷⁹⁵ eða tæplega 24 fermetrar. Svo má heita að þau mál komi heim við lýsingu Valdimars Þorvaldssonar á baðstofu Guðmundar Ásgrímssonar (sjá hér bls. 60). Matsmennirnir frá 1916 nefna hvorki eldhús né búr á Gelti⁷⁹⁶ en líklegt er að þau hús hafi þó verið uppistandandi, að minnsta kosti eldhúsið frá dögum Guðmundar Ásgrímssonar.

Í manntali frá árinu 1940 er tekið fram að á Gelti búi fólkið í torfbæ og hann sagður vera 40-50 ára gamall.⁷⁹⁷ Áður var þess getið að húsið sem hér stendur nú (1996) var byggt árið 1941. Það er ein hæð, byggt úr steinsteypu, og láta mun nærri að grunnflöturinn sé 6 x 8 metrar. Í þessu húsi var aðeins búið árið um kring í ellefu ár því jörðin fór í eyði árið 1952. Seinna mun fólk þó oft hafa dvalist hér um okkurt skeið að sumarlagi.

Gamli torfbærinn á Gelti stóð alveg rétt fyrir innan og ofan nýnefnt íbúðarhús (sjá hér bls. 4). Rústir hans sjást nú ekki lengur en allmargar útihúsatóttir standa enn hér og þar í túninu.

Aðalbjörn Guðmundsson, síðasti bóndinn á Gelti, fæddur 1912, teiknaði á sínum efri árum mynd sem sýnir hvar í túninu hin ýmsu útihús stóðu þegar hann var að alast upp.⁷⁹⁸ Eldhúsið var þá áfast við baðstofuna og stóð fyrir utan hana eins og fyrrum hafði verið. Bæði húsin náðu jafn langt í átt til fjalls en baðstofan náði lengra í átt til sjávar og fram úr henni lágu göng að bæjardyrum.⁷⁹⁹

Skammt neðan við ytra hornið á eldhúsinu, á móts við bæjardyrnar, var lítið geymsluhús og þar beint fyrir neðan, spölkorn frá var hjallur.⁸⁰⁰ Nokkru utar og að heita má beint út af bænum stóðu fjós, hlaða og lambhús í einni sambyggingu.⁸⁰¹ Fjósið var fyrir utan lambhúsið en hlaðan ofan við

⁷⁹² Fasteignabók 1932, 52. Sbr. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷⁹³ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 52.

⁷⁹⁴ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

⁷⁹⁵ Sama heimild.

⁷⁹⁶ Sama heimild.

⁷⁹⁷ Manntal 1940.

⁷⁹⁸ Teikning Aðalbjörns Guðmundssonar af grunnfleti baðstofunnar á Gelti og hinna helstu útihúsa þar. Eigandi Jóhannes Aðalbjörnsson á Suðureyri.

⁷⁹⁹ Sama heimild.

⁸⁰⁰ Teikning Aðalbjörns Guðmundssonar Eig. Jóhannes Aðalbjörnsson, Suðureyri.

⁸⁰¹ Sama heimild.

hinar byggingarnar tvær.⁸⁰² Ofan við ytra hornið á þessari hlöðu var smiðja, örskammt frá.⁸⁰³ Öll þessi hús voru fyrir neðan bæjarlækinn en fyrir ofan hann og beint upp af bænum voru fjárhús og hlaða.⁸⁰⁴ Svolítið innar og álíka langt frá læknum var annað fjárhús og fylgdi því líka hlaða.⁸⁰⁵ Þar fyrir innan og neðan var fjárrétt en enn innar og nokkru ofar var sumarfjós.⁸⁰⁶

Yst í túninu er Hesthúshóll⁸⁰⁷ og þar mun hesthús hafa staðið um lengri eða skemmri tíma. Innan við þann hól er Lambhúshóll, *út og upp af bænum* en bæjarlækurinn rennur inn og niður ofan við báða þessa hóla.⁸⁰⁸ Hóllinn fram af bænum, nær sjávarbökkunum, heitir Hjallhóll en hólarnir innan og ofan við bæinn, þar sem fjárhúsin stóðu, voru aðeins nefndir Hólar.⁸⁰⁹ Þar nærri var *stór þúfa með steini í* og var um aldamótin 1900 nefnd Karlsþúfa.⁸¹⁰ Flatlendi í túninu innan við bæinn heitir Skriða og nær hún alveg niður á sjávarbakkana.⁸¹¹ Líklegt má telja að örnefnið eigi rætur að rekja til hinnar miklu skriðu sem féll hér á túnið árið 1695 eða 1696 (sjá hér bls. 6 og 10). Innan við Skriðu og ofarlega í túninu eru tveir litlir hólar og heita þeir Stífinshólar.⁸¹² Upp af þeim er Kvíarhóll.⁸¹³ Þar fyrir innan er Innsthúshóll og niður af honum Mður sem einnig voru nefndar Innstipartur.⁸¹⁴ Þar fyrir innan er Ból og síðan Bólmyrar.⁸¹⁵ Gamla Galtartúnið mun hafa náð inn undir kvíabólið sem í daglegu tali var nefnt Ból. Fyrir innan Bólmyrar og nokkuð ofarlega var stekkur og heitir þar Stekkjarkví.⁸¹⁶ Lítið eitt innar eru svo Rauðaskriða og Fornabæjarhryggur sem hér hefur áður verið sagt frá (sjá hér bls. 3-4).

Við höfum nú rölt um túnið á Gelti, skoðað tóttirnar og gömlu kvína. Skamma stund dokum við enn heima hjá bænum og lítum til fjalls. Bærinn tekur nafn af fjallinu Gelti sem rís úr hafi við ystu voga norðan Súgandafjarðar. Skjól sitt í norðanveðrum átti fólkið á Gelti fjallinu að þakka. Fjallsbrúnin ofan við bæinn liggur í um það bil 460 metra hæð yfir sjávarmáli en hún lækkar lítið eitt þegar utar dregur og allra yst er hæðin 445 metrar. Þar heitir **Galtarnípa**.⁸¹⁷ Frá brúninni beint upp af bænum eru aðeins um 1300 metrar út á Nípuna. Uppi á fjallinu er allmikið flatlendi sem breikkar þó til muna þegar komið er inn undir Norðureyrargil og fyrir

⁸⁰² Teikning Aðalbjörns Guðmundssonar (sjá tilvísun 798) Eig. Jóhannes Aðalbjörnsson, Suðureyri.

⁸⁰³ Sama heimild.

⁸⁰⁴ Sama heimild.

⁸⁰⁵ Sama heimild.

⁸⁰⁶ Sama heimild.

⁸⁰⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 151-152.

⁸⁰⁸ Sama heimild.

⁸⁰⁹ Sama heimild.

⁸¹⁰ Sama heimild.

⁸¹¹ Sama heimild.

⁸¹² Sama heimild.

⁸¹³ Sama heimild.

⁸¹⁴ Sama heimild.

⁸¹⁵ Sama heimild.

⁸¹⁶ Sama heimild.

⁸¹⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 149.

botn **Sunnalds** í Keflavík. Uppi á fjallinu, rétt innan við sjálfa Galtarnípu er flöt sem heitir **Leikvöllur**⁸¹⁸ eða **Leikmannavöllur**.⁸¹⁹ Á nafninu var gefin sú skýring að þarna hefðu fornmenn átt leika⁸²⁰ en líklegast er að sú hugmynd hafi kviknað í kolli einhvers góðs sögumanns á síðari öldum og þá hafi nafnið orðið til. Kristján G. Þorvaldsson segir að Leikvöllur nái inn að **Búðargili** að vestanverðu og inn að **Stúfsgili** að norðanverðu.⁸²¹ Þessi afmörkun vallarins virðist þó vafasöm því gilin tvö eru alls ekki hvort á móti öðru⁸²² (sbr. hér Keflavík). Líklegast er að fyrir Stúfsgil hafi átt að standa **Uppgöngugil** því það er beint á móti Búðargili.⁸²³

Út að gilin sem hér var síðast nefnt er aðeins hálfur kílómetri eða svo frá bænum á Gelti. Gilið klýfur hamravegginn sem mest ber á í fjallshlíðinni og er fært gangandi manni alveg upp á brún. Ætla má að hið mikla Búðargil sé kennt við fyrstu verbúðina sem reist var í Galtarlandinu en sú forna veiðistöð er mjög skammt fyrir utan gilið.

Hin sterklegu hamrabelti utan við Búðargil fanga hug allra sem hingað koma. Þau heita **Bjarg**⁸²⁴ og er það réttnefni. Ofan við Bjarg er **Breiðhilla**.⁸²⁵ Hún er allbrött og nær upp undir klettana sem liggja með brún fjallsins.⁸²⁶ Breiðhilla nær fyrir *allan Gölt*.⁸²⁷ Út við fjarðarmynnið er í Breiðhilla lóðréttur hryggur sem nær upp að brúnarklettunum og heitir hann **Rönd**.⁸²⁸ Bjarg, sem fyrr var nefnt, nær frá Búðargili og út að Rönd.⁸²⁹ Nokkuð fyrir innan Rönd er á Breiðhilla allstór bunga. Hún heitir **Skakkarból**.⁸³⁰ Engin skýring á nafninu liggur fyrir. Upp á Skakkarból rak Níels Jónsson á Gelti fé sitt til beitar margan vetrardag á árunum 1831-1843 (sjá hér bls. 43-44). Þetta var þá nýjung og ekki er til þess vitað að aðrir hafi iðkað slíkt síðar.

Ofan við bæinn á Gelti er brött hlíð með klettum og grasgeirum en ofan við hana eru Ufsir.⁸³¹ Þær eru í álíka hæð og Breiðhilla, sem fyrr var nefnd, og ná út að Búðargili.⁸³² Grasteigurinn beint upp af bænum heitir **Bæjarteigur**.⁸³³ Utar í hlíðinni er **Fjósteigur** og enn utar **Músarteigur**.⁸³⁴ Uppi á Ufsunum og beint upp af Bæjarteig er hnúkur sem heitir

⁸¹⁸ Uppdr. Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁸¹⁹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 150.

⁸²⁰ Sama heimild.

⁸²¹ Sama heimild.

⁸²² Uppdr. Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁸²³ Birkir Friðbertsson. - Viðtal K.Ó. við hann 23.9. 1998.

⁸²⁴ Örn.st. Kr. G. Þorv. 1949, 150.

⁸²⁵ Sama heimild, 149-150.

⁸²⁶ Sama heimild.

⁸²⁷ Sama heimild.

⁸²⁸ Sama heimild.

⁸²⁹ Sama heimild.

⁸³⁰ Sama heimild.

⁸³¹ Sama heimild, 150-151.

⁸³² Sama heimild. Sbr. Uppdr. Suðureyrarhr. eftir J. Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁸³³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 150-151.

⁸³⁴ Sama heimild.

Bæjarhnúkur en ofan við Fjósteig er **Fjóshnúkur**.⁸³⁵ Innan við Bæjarhnúk er **Bæjarlág** en fyrir innan hana Svörtuklettar⁸³⁶ sem hér hafa áður verið nefndir (sjá hér bls. 4). Bæjarlækurinn rennur niður innri jaðar Fjósteigs en **Langhilla**, sem er neðarlega í hlíðarklettunum, nær frá bæjarlæknum og inn fyrir Bæjarteig.⁸³⁷

Rétt neðan vð meginkletta hlíðarinnar og utantil við Fjósteig er stakur klettur sem heitir **Karl**⁸³⁸ en fólkið sem síðast bjó á Gelti mun hafa kallað hann **Hrútamæni**.⁸³⁹ Klettur þessi, sem blasir við frá bæjarhlaðinu, er augnayndi. Hann er *hulinn jörð og grasi gróinn nema að neðan* og myndar lítinn bala.⁸⁴⁰ Utan við þennan klett er Músarteigur, sem fyrr var nefndur, og nær út að **Sniðgili ytri**.⁸⁴¹ Gil þetta í hlíðarklettunum, liggur eins og nafnið bendir til á ská og er nokkru innar en Búðargil. Milli þessara tveggja gilja liggur **Lambhúshilla**, neðst í klettabeltinu undir Ufsum.⁸⁴²

Við höfum nú rifjað upp helstu kennileiti í hlíð og fjalli utan og ofan við túnið á Gelti. Flest þeirra blasa við augum frá gamla bæjarhlaðinu. Senn er mál að tygja sig til brottferðar og kveðja tún og tóttir. Ferð okkar er heitið til Keflavíkur og ætlunin sú að fara fjörurnar. Þeir sem leggja leið sína milli þessara tveggja eyðibýla, Galtar og Keflavíkur, geta reyndar valið um þrjár leiðir og allar voru þær farnar á fyrri tíð.⁸⁴³

Ein þessara leiða lá *yfir fjall* og var þá farið um Galtarskarð sem er að heita má beint upp af bænum á Gelti.⁸⁴⁴ Skarð þetta í fjallsbrúninni ofan við bæinn er klettalaust og leiðin talin fær með stórgrip⁸⁴⁵ en harðsótt hlýtur slíkt ferðalag að hafa verið vegna brattans. Þeir sem fóru yfir fjallið með hest, naut eða kú hafa, að því er ætla má, sneitt hjá klettunum í hlíðinni upp af bænum og farið Hestaskarð sem er hér svolítið innar og hefur áður verið nefnt (sjá hér bls. 1 og 4). Úr Hestaskarði er leiðin greið upp í Galtarskarð og þaðan beint í norður. Spölurinn milli brúna er um það bil 400 metrar og sæmilega greiðfært niður í Keflavík fyrir lausgangandi fólk sé farið á réttum stað. Á vetrum var leiðin yfir fjall þó oft ófær vegna harðfennis og háلكu.⁸⁴⁶

Önnur leið, sem stundum var farin frá Gelti út í Keflavík, lá um Breiðhillu.⁸⁴⁷ Hillan liggur allhátt í fjallinu eins og fyrr var nefnt (sjá hér bls. 68) og um hana ætti enginn að fara nema vanir fjallamenn sem ekki láta sér bregða við hengiflug í klettum. Sagt er að bræður tveir úr Keflavík hafi eitt sinn farið með kálf norður Breiðhillu og þótti glæfracör (sjá hér

⁸³⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 150-151.

⁸³⁶ Sama heimild.

⁸³⁷ Sama heimild.

⁸³⁸ Sama heimild. Uppdr. Suðureyrarhr. eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930.

⁸³⁹ Jóhannes Aðalbjörnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.8.1995.

⁸⁴⁰ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 151.

⁸⁴¹ Sama heimild.

⁸⁴² Sama heimild.

⁸⁴³ Sama heimild, 14-16.

⁸⁴⁴ Sama heimild, 16. Uppdr. Suðureyrarhr. eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930.

⁸⁴⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 150.

⁸⁴⁶ Sama heimild, 16.

⁸⁴⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 14-15.

Keflavík). Grenjaskyttur munu líka hafa lagt leið sína um þær slóðir, þegar nauðsyn bar til, en lágfóta á þar heimkynni og heitir **Ytra-Gren**.⁸⁴⁸ Það er skammt fyrir utan Röndina sem hér hefur áður verið minnst á (sjá bls. 68).

Þriðja leiðin frá Gelti út í Keflavík og sú sem oftast var farin lá um fjörunnar norðan við mynni Súgandafjarðar en þær voru ýmist nefndar Galtarfjörur eða **Keflavíkurfjörur**.⁸⁴⁹ Sú leið er þó ófær með hesta⁸⁵⁰ og fremur ill yfirferðar gangandi fólki vegna stórgrýtis, einkum að vetrarlagi. Undir Geltinum er líka ein **Ófæra**, skammt fyrir norðan Galtartanga en þeir eru við fjarðarmynnið.⁸⁵¹ Við Ófæruna þarf að sæta sjávarföllum eða sneiða hjá henni og fara sem leið liggur neðst í hlíðinni fyrir ofan hana. Að sumarlagi er þar jafnan þokkalega fært vönu og vel skóuðu göngufólki en í vetrarhörkum, þegar landið er í klakaböndum, getur leiðin ofan við Ófæru orðið gjörsamlega ófær. Á fjörunni er hins vegar jafnan fært fyrir klettinn og oft um hálfvallinn sjó en hér er brimasamt og í miklu hafróti þurfa menn að hafa vara á sér af þeim ástæðum. Skriður og grjótkast úr fjallinu geta líka orðið þeim sem Fjörunar ganga til baga. Samt leggjum við nú af stað fyrir en varir en hyggjum þó fyrst að hinum fornu eyktamörkum fólksins á Gelti. Þau voru þessi: Dagmál – **Ásfjall** í landi Selárdals. Hádegi – **Kleif** í landi Suðureyrar. Nón - Jaðar innan við Kleifarskál í landi Staðar en á Gelti var Jaðar þessi nefndur Kleifarskálarnhorn. Miðaftann – **Slotsker (Slorsker)**, skammt norðan við **Nestá** á Sauðanesi. Náttmál – Breiðhilla í Geltinum.⁸⁵²

Leiðin frá Gelti og út að Galtartöngum, sem eru við mynni Súgandafjarðar, er um það bil einn og hálfur kílómetri en nærri lætur að spölurinn frá Töngunum að eyðibýlinu Keflavík sé þrjú kílómetrar.

Gönguna til Keflavíkur hefjum við frá sjávarbökkunum neðan við bæinn en förum hægt yfir og gefum gaum að ýmsu sem á vegi okkar verður. Klettabakkarnir neðan við túnið eru víða um 20 metrar á hæð⁸⁵³ og ófærir mönnum og skepnum nema á stöku stað. Skammt innan við bæinn er þó fært niður í fjöruna og þar leggjum við örlitla lykkju á leið okkar til að líta á **Básana**, er svo heita, en þeir eru í fjörunni niður af Fornabæjarhrygg⁸⁵⁴ sem hér hefur áður verið nefndur (sjá hér bls. 3-4). Básarnir eru þrjú. Yst er **Stóribás**, þá kemur **Litlibás** en innstur er **Standabás**⁸⁵⁵ og dregur nafn af lögun klettanna sem marka honum svið.

Skammt fyrir utan Bása er **Kerlingarbali**⁸⁵⁶ í bakkabrúninni eða við hana en utan við hann er í bökkunum sérkennilegt mannvirki, *grafnir stallar með hleðslu fyrir ofan*.⁸⁵⁷ Kristján G. Þorvaldsson segir að *um tíma*

⁸⁴⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 149-150.

⁸⁴⁹ Sama heimild, 14 og 158. Sóknalýs. Vestfj. II, 116.

⁸⁵⁰ Sóknalýs. Vestfj. II, 116.

⁸⁵¹ Kristján G. Þorvaldsson 1949, 146-147.

⁸⁵² Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 146.

⁸⁵³ Gunnar M. Magnúss 1977, 50.

⁸⁵⁴ Uppdr. Suðureyrarhr. eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁸⁵⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 148-149.

⁸⁵⁶ Sama heimild.

⁸⁵⁷ Sama heimild.

hafi menn lent hér neðan við bakkana og þá hafi fiskifang verið þurrkað á þessum manngerðu stöllum.⁸⁵⁸ Aðeins utar eru svo náttúrlegir klettastallar í sjávarbökkunum og heita þeir Stallar.⁸⁵⁹ Mjög neðarlega í klettabökkunum undir túninu á Gelti er svolítill hilla er jafnan var nefnd **Sjóarhilla**.⁸⁶⁰ Hillan nær út undir gamla lækjarfarveginn, þar sem bæjarlækurinn féll áður fram af bökkunum.⁸⁶¹ Þar rétt fyrir utan og að heita má beint niður af bænum er gjá í bakkana, grasi vaxin efst, og heitir hún **Bæjargangur**.⁸⁶² Niður af ytri túnjaðrinum er svo önnur gjá sem heitir **Hundagjá**.⁸⁶³ Úr fjörunni geta menn gengið upp báðar þessar gjár en fyrir óvana eru þær torfærar og Hundagjá verri en Bæjargangur.⁸⁶⁴

Skammt utan við túnið lækka bakkarnir. Áður var frá því greint að hóllinn yst í Galtartúninu heiti Hesthúshóll en rétt utan við túnjaðarinn eru **Tröllhólar**.⁸⁶⁵ Nafnið gefur til kynna að hér ættu að vera tveir eða fleiri hólar en svo virðist sem hóllinn sé bara einn. Mjög skammt fyrir utan Tröllhóla og innan við klettinn Karl (Hrútamæni), sem hér var áður nefndur (sjá bls. 69), er hryggur sem ber hið undarlega heiti **Gyltungshryggur**.⁸⁶⁶ Bæði Tröllhólar og Gyltungshryggur voru taldir álagablettir og þar var algerlega bannað að bera ljá í gras.⁸⁶⁷ Að sögn Kristjáns G. Þorvaldssonar var talið að þarna byggju álfar⁸⁶⁸ en heimildarmaður hans um þetta var Jón H. Guðmundsson sem fluttist fárra mánaða gamall að Gelti með foreldrum sínum vorið 1881 og átti þar heima til 1909.⁸⁶⁹

Ein álfasaga frá Gelti komst í hendur Jóns Árnasonar og er prentuð í hinu mikla þjóðsagnasafni hans. Sú saga hljóðar svo:

Sami piltur [þ.e. Guðmundur nokkur sem árið 1819 var unglíngur á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð í Skagafirði] þá hann var smali á Golti í Súgandafirði sofnaði hann á einum hól þá hann var hjá kindunum. Þá hann var sofnaður þótti hönum að sagt vera inn í hólnum: „Farðu í burtu af glugganum so ég sjái til; þú getur annars staðar verið so þú skyggir ekki á mig.” Hann þóttist segja: „Ei veit ég til að ég skyggi á þig né aðra.” Í þessu bili þótti hönum að stúlka ungleg kæmi út úr hólnum til sín og segja: „Striddu ekki hönum föður mínum; þú hefur ekki gott af því að fara ekki í burt af glugganum”.

⁸⁵⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 148-149.

⁸⁵⁹ Sama heimild.

⁸⁶⁰ Sama heimild.

⁸⁶¹ Sama heimild.

⁸⁶² Sama heimild.

⁸⁶³ Sama heimild.

⁸⁶⁴ Sama heimild.

⁸⁶⁵ Sama heimild, 151.

⁸⁶⁶ Sama heimild.

⁸⁶⁷ Sama heimild, 47.

⁸⁶⁸ Sama heimild.

⁸⁶⁹ Sbr. Sömu heimild, 151-152. Vestf. ættir II, 497.

Hann sagðist þá hafa viljað velta sér í svefninum burtu úr þeim stað er hann á lá en þá hefði hún sagt: „Ei skaltu gjöra það strax; ég skal kenna þér eitt vers áður en þú ferð í burtu.” Hann þóttist segja að hann gæti ei lært það. Hún sagði: „Jú, þú getur víst lært það.” Hún mælir þá fram versíð sem eftir fylgir:

*Himneski friðarfurstinn hæsti,
frelsarinn sálna útvaldra,
gef ég þig lofi í göfgun stærstri
greitt meðan lifi um aldirnar;
en þegar lífið endist mitt,
ó, guð, tak mig í ríkið þitt.*

En í því hún endaði versíð vaknaði hann og sá hana ganga frá sér inn í hólinn; en hann stóð upp og kunni versíð, gekk so þaðan og svaf ei oftár á þeim hól.⁸⁷⁰

Sögu þessa fékk Jón Árnason úr safni Ólafs Sveinssonar í Purkey á Breiðafirði en þar er ekki getið um föðurnafn sögumannsins, Guðmundar smala á Gelti.⁸⁷¹ Í handriti Ólafs sést þó að sami Guðmundur var árið 1819 smali á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð í Skagafirði, þá kominn *undir tvítugt*.⁸⁷² Á fyrstu áratugum nítjándu aldar var harla lítið um Skagfirðinga í Súgandafirði eða Súgfirðinga í Skagafirði svo ljóst er að smali þessi hefur verið á einhverju sérkennilegu róli ef rétt er greint frá bústaðaskiptum hans í álfariti Ólafs í Purkey.

Hafi nafn Guðmundar smala á Gelti, sem ungur var árið 1819, komist inn í sóknarmannatöl prestanna á Stað í Súgandafirði kemur vart nokkur annar til greina en Guðmundur Ólafsson, sem fardagaárið 1821-1822 var hér vinnumaður hjá Hildi Kolbeinsdóttur, þá sagður 24 ára gamall.⁸⁷³ Sá maður virðist aðeins hafa staldrað við í Súgandafirði það eina ár⁸⁷⁴ og gæti því sem best hafa verið hlaupamaður norðan úr landi. Hafi nýnefndur Guðmundur Ólafsson verið búsettur í Skagafirði í desembermánuði árið 1816 kemur vart nokkur annar til greina en Guðmundur sá Ólafsson sem þá var vinnupiltur á Skúfsstöðum í Hólasókn, sagður 19 ára og fæddur á Fjalli í Kolbeinsdal í sömu sókn.⁸⁷⁵ Árið 1845 mun þessi sami Guðmundur Ólafsson hafa verið kvæntur húsmáður á Miðsitju í Blönduhlíð í Skagafirði, sagður 48 ára og fæddur í Hólasókn.⁸⁷⁶ Ólafur í Purkey segir reyndar að Guðmundur smali, sem var á Gelti, hafi verið kominn *undir tvítugt* árið 1819 en í raun virðist hann þá hafa verið rétt liðlega tvítugur.

⁸⁷⁰ Þjóðsögur Jóns Árnasonar I, 36. Sbr. þar bls. 120.

⁸⁷¹ Lbs. 541⁴⁰, *Álfa-Sögur, samanteknar og ritaðar af Ólafi bónda Sveinssyni í Purkey*, bls. 57-61.

⁸⁷² Sama heimild.

⁸⁷³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁸⁷⁴ Sama heimild 1821, 1822 og 1823.

⁸⁷⁵ Manntal 1816. Sbr. Manntal 1801, norður- og austuramt, bls. 144 og 147.

⁸⁷⁶ Manntal 1845, 149.

Slík ónákvæmni með aldur fólks var á fyrri hluta nítjándu aldar svo alvanaleg að þvílíkt misræmi breytir nánast engu um líkurnar á því að það hafi verið Guðmundur Ólafsson frá Skúfsstöðum sem var smali á Gelti fardagaárið 1821-1822. Samt vitum við ekki með fullri vissu hvort það var hann sem smalaði hér og sofnaði þá á álfhól.

Við höfum nú setið um stund á Gyltungshrygg án þess að verða vör við neitt úr álfabyggðum en héðan er gott að horfa yfir fjörðinn og virða fyrir sér kirkjuna á Stað og allt land hins forna kirkjustaðar þar sem prestar Súgfirðinga sátu um aldir. Nærri lætur að fjörðurinn sé hér tveir og hálfur kílómetri á breidd, tæplega þó, og um 800 metrar frá lendingunni í **Keravík** heim að kirkjudyrum. Í blíðviðri hefur fólkið á Gelti því komist til kirkjunnar á einni klukkustund þó fara yrði á báti.

Skammt fyrir utan Gyltungshrygg er Búðargil, sem hér var áður nefnt (sjá bls. 68), og neðan við það **Búðargilshryggur**.⁸⁷⁷ Graslendið milli þessara tveggja hryggja heitir **Hvammur**.⁸⁷⁸

Við röltum nú sem leið liggur út sjávarbakkana og komum brátt að litlu sjávarnesi sem ber nafnið **Stöð**.⁸⁷⁹ Nærri lætur að Stöðin sé beint niður af hinu mikla Búðargili sem í hrikaleik sínum freistar til uppgöngu á efstu brún. Sú fjallganga bíður þó annars tækifæris. Klettabakkarnir ofan við fjöruna ná út undir Stöð en sandfjaran utan við hana heitir **Skollasandur**.⁸⁸⁰ Framan við Stöðina eru sker sem munu ýmist hafa verið nefnd **Staðarsker**⁸⁸¹ eða **Stöðvarsker**.⁸⁸²

Frá Stöðinni er aðeins skammur spölur út í Galtarland sem heimafólk á Gelti nefndi jafnan bara Land eða Landið.⁸⁸³ Þar sem Skollasand þrýtur tekur Landið við en nafnið á bæði við *landið uppi á bökkunum og vörina undir þeim*.⁸⁸⁴ Í Galtarlandinu var löngum veiðistöð bændanna á Gelti en hér erum við stödd um það bil miðja vega milli bæjarins og Galtartanga sem eru alveg út við fjarðarmynnið. Spölurinn heiman frá bænum út í Land er um það bil 800 metrar og hingað var því auðvelt að ganga á 10 mínútum. Í Landinu eru sjávarbakkarnir mun lægri en neðan við túnið.

Á síðari hluta 18. aldar og fyrstu árum 19. aldarinnar voru Galtarmenn með báta sína hér í Landinu, reru héðan og lentu hér er þeir komu úr fiskiróðrum.⁸⁸⁵ Allt breyttist þetta nokkru eftir 1800 og mun enginn bátur hafa róið frá þessari veiðistöð í allmarga áratugi. Á því skeiði var uppsátur Galtarmanna á Stekknum, sem hér hefur áður verið nefndur, en hann er um það bil miðja vega milli Galtar og Norðureyrar (sjá hér bls. 2-3). Í tiltækum heimildum verður ekki séð hvað olli þessari breytingu en

⁸⁷⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949 150-151.

⁸⁷⁸ Sama heimild.

⁸⁷⁹ Sama heimild, 148.

⁸⁸⁰ Sama heimild.

⁸⁸¹ Sama heimild.

⁸⁸² Uppdr. Suðureyrrarhr. eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁸⁸³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 147-148.

⁸⁸⁴ Sama heimild.

⁸⁸⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 147-148.

alllíklegt má telja að menn hafi hrakist úr Landinu vegna hættu á snjóflóðum.

Fullvíst er að aðfaranótt 20. mars árið 1818 tók snjóflóð fjárhús á Gelti sem í voru 20 kindur og drápust þær allar.⁸⁸⁶ Fjárhúsið sem snjóflóðið tók kynni að hafa staðið hér því fólk sem þekkti til á Gelti um aldamótin 1900 taldi sig vita að snemma á nítjándu öld hefði sá sem þá bjó á jörðinni átt beitarhús út í Landi.⁸⁸⁷ Um snjóflóðahættu hér í Galtarlandinu þarf ekki að efast því þess konar flóð olli hér miklum spjöllum árið 1910 eins og brátt verður sagt nánar frá (sjá hér bls. 76-77).

Er komið var eitthvað fram yfir miðja nítjándu öld hófust róðrar að nýju frá þessum gamla lendingarstað og færðist þá útgerð Galtarbænda frá Stekknum og hingað út eftir.⁸⁸⁸ Líklegt er að Ólafur Lárentíusson, sem bjó á Gelti frá 1863 til 1879, hafi haft hér uppsátur og fullvíst að tengdasonur hans, Guðmundur Ásgrímsson, sem hóf búskap á Gelti vorið 1881, byggði hér upp mikil mannvirki.⁸⁸⁹ Um byggingar sem hér stóð á árunum kringum aldamótin 1900 ritar Valdimar Þorvaldsson svo: *Þar [í Galtarlandinu] var á bökkunum verbúð og hjallur en undir bökkunum ... söltunarhús (kró) og tvö naust, fyrir sexræðing og minna skip*⁸⁹⁰ (sbr. hér bls. 60-61)).

Naust Guðmundar Ásgrímssonar voru merkileg mannvirki og orð Kristjáns G. Þorvaldssonar benda til þess að þau hafi verið yfirbyggð.⁸⁹¹ Kristján greinir frá því að í Súgandafirði hafi bátum ávallt verið hvolfst að kvöldi væri snjókoma og einnig ef ekki gaf á sjó.⁸⁹² Um aldamótin 1900 var Guðmundur Ásgrímsson eini maðurinn í Suðureyrarhreppi sem hafði annan hátt á en hann lét setja báta sína í naust og þurfti ekki að hvolfva þeim.⁸⁹³ Kristján G. Þorvaldsson skýrir þetta nánar og ritar svo:

*Hann [Guðmundur] átti tvo báta, mismunandi að stærð og hafði hann naust fyrir báða bátana. Var stærra naustið beint fyrir vörinni og var báturinn dreginn með spili beint inn í það en minni bátinn varð, þegar upp kom, að draga lítið eitt til hliðar inn í naustið. Var það gert með hjóltaug. Á vetrum var róðrabáturinn ávallt dreginn í naust nema gott væri veður og von um að á sjó gæfi daginn eftir. Minni báturinn stóð í nausti allan veturinn og á sumrum voru þeir báðir í naustum, þann tíma sem ekki var róid. Þar urðu þeir ekki fyrir skemmdum af vindi eða sól. Ekki þekkja menn annað dæmi til þessa í Súgandafirði og fátútt mun það hafa verið víðar.*⁸⁹⁴

⁸⁸⁶ Klausturpósturinn I, no. 7, júlí 1818, bls. 95. Þorvaldur Thoroddsen / Ferðabók II, 1959, 120.

⁸⁸⁷ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 10.

⁸⁸⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 147-148.

⁸⁸⁹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 10.

⁸⁹⁰ Sama heimild.

⁸⁹¹ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar og Suðureyrarkauptúns*, bls. 299.

⁸⁹² Sama heimild.

⁸⁹³ Sama heimild.

⁸⁹⁴ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar og Suðureyrarkauptúns*, bls. 299.

Bræðurnir Kristján G. Þorvaldsson, sem þetta ritaði, og Valdimar Þorvaldsson voru báðir kunnugir á Gelti á árunum kringum aldamótin 1900 en í lýsingum sínum á mannvirkjum og tæknibúnaði hér í Galtarlandinu ber þeim ekki alveg nákvæmlega saman hvað varðar eitt atriði. Kristján segir að naustið fyrir stærri bátinn hafi verið *beint fyrir vörinni* og hann dreginn *beint inn í það* með spili.⁸⁹⁵ Valdimar segir aftur á móti að á vetrum hafi *skipið* verið dregið með spili upp að bökkum og síðan *með sama spili og hliðarblokkum tekið inn í naust til hliðar við vörina*.⁸⁹⁶ Illt er nú að skera úr um það hvort réttara muni vera og ber hér reyndar ekki ýkja mikið á milli. Hvort sem stærra naustið hefur nú verið *beint fyrir vörinni* eða *til hliðar* við hana kom það að góðum notum og Valdimar Þorvaldsson tekur fram að er komið var að landi úr vetrarróðrum hafi *skipið* strax verið sett í naust *með öllum afla og veiðarfærum*.⁸⁹⁷ Ljóst er að hjá Valdimar, sem seinna gerðist bátasmiður, hafa hús og búnaður í Galtarlandinu vakið aðdáun er hann kom hér á unglingsárum. – *Þannig var allt lagað til þæginda*, ritar hann síðar, *hús, hjallar, vatn og vegurinn heim*.⁸⁹⁸

Í Jarðabókinni frá 1710 er lending sögð vera *sæmileg* á Gelti⁸⁹⁹ en hér mun vera brimasamt í vestanátt.⁹⁰⁰ Í Jarðabókinni segir að frá Gelti gangi skip ábúenda, *svo mörg sem þeir fá við komið*⁹⁰¹ en líklegt er að þau hafi mjög sjaldan verið fleiri en tvö.

Einar Jónsson, bóndi á Görðum í Önundarfirði, og skipverjar hans voru hér við róðra vorin 1884 og 1885⁹⁰² (sbr. hér Garðar). Sú staðreynd kynni að benda til þess að einn og einn aðkomubátur hafi stundum verið hér við vorróðra á síðustu áratugum nítjándu aldar. Að svo hafi verið er þó ekki alveg víst því Guðmundur Ásgrímsson á Gelti átti þá tvo báta og hugsanlegt er að Einar hafi verið formaður hjá honum á öðrum bátum. Vorið 1899 var Markús Guðmundsson formaður á stærri bátum sem Guðmundur á Gelti átti og reri héðan úr Landinu.⁹⁰³ Markús átti þá heima á Læk, afbýli frá jörðinni Tungu í Valþjófsdal í Önundarfirði (sjá hér Tunga í Valþjófsdal) en hafði áður verið búsettur í Bæ í Súgandafirði (sbr. hér Bær).

Einn háseta Markúsar þetta vor var bróðir hans, Halldór Guðmundsson, sem þá var vinnumaður hjá ekkjunni Guðrúnu Sigurðardóttur í Bæ.⁹⁰⁴ Í bréfi sem Halldór ritaði 50 árum síðar segir hann frá á þessa leið:

⁸⁹⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar og Suðureyrarkauptúns*, bls. 299.

⁸⁹⁶ Valdimar Þorvaldsson 1963, 56-57 (Ársrit S.Í.).

⁸⁹⁷ Sama heimild.

⁸⁹⁸ Sama heimild.

⁸⁹⁹ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁹⁰⁰ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 62.

⁹⁰¹ Jarðab. Á. og P. VII, 138.

⁹⁰² Þórður Sigurðsson 1986, 24-25 (Ársr. Sögufél. Ísf.).

⁹⁰³ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 106-110.

⁹⁰⁴ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 106-110.

Það atvikaðist þannig þetta umrædda vor að Markús Guðmundsson, bróðir minn, hafði tekið að sér formennsku á öðrum báti Guðmundar en þá átti hann tvo bátana. Var annar þeirra sexróinn en hinn þriggja manna far. Var það hinn sexróni báturinn sem ákveðið var að Markús tæki að sér formennsku á. Vorum við feðgar, faðir minn og ég, ráðnir hásetar hjá Markúsi.

Það var á þriðja í páskum sem við feðgar fórum í verið. Þar á Gelti var gamall uppsátursstaður, nokkru fyrir innan Galtartanga. Hafði Guðmundur hlaðið þar skans, sem hann gat sett bátana upp á þegar brimaði. Þar átti Guðmundur einnig verbúð sem ætluð var þeim mönnum er komu til róðra á bátum Guðmundar.

Þennan dag, er við komum í verið, hafði Guðmundur, ásamt vinnumönnum sínum, farið á sjó og fiskað í soðið. Var það fyrsta verk okkar, er við komum þangað, annað en búa okkur aðsetur í búðinni, að matreiða handa okkur nýjan fisk. Það var hálfkaldleg aðkoma að setjast að í þessari vistarveru. Allir veggir voru óþiljaðir og aðeins raftur undir þakinu en enginn súð. Engin eldavél var í búðinni en í gaffli hennar, sem sneri upp að háum bökkum fyrir ofan, var dálítið skot með hlóðum og þar var soðinn fiskur og hitað kaffi. Önnur eldtæki voru ekki til notkunar.⁹⁰⁵

Hér mun rétt að taka fram að í verbúðinni, sem Halldór segir frá, höfðust menn aðeins við á vorin en aldrei að vetrinum.⁹⁰⁶

Hásetar Markúsar formanns vorið 1899 voru, auk Halldórs bróður hans og Guðmundar Guðmundssonar, föður þeirra bræðra, Einar Hákonarson á Norðureyri, Jóhannes Guðmundsson, bóndi á Kvíanesi, og unglingspiltur sem hét Einar en föðurnafn hans nefnir Halldór ekki.⁹⁰⁷

Guðmundur bóndi Ásgrímsson, sem reist hafði flest eða öll mannvirkin er hér stóðu árið 1899, fluttist burt frá Gelti vorið 1909 og settist að í þorpinu á Suðureyrarmölum (sjá hér bls. 63). Hann hafði þá verið bóndi á Gelti í 28 ár. Þann 16. janúar 1906 hafði Guðmundur misst tvo hesta í snjóflóði⁹⁰⁸ en í hans búskapartíð munu aldrei hafa orðið verulegar skemmdir á sjávarhúsunum sem stóðu hér út í Landinu. Þess var þó ekki langt að bíða að byggingar þessar féllu í rúst því snjóaveturinn mikla, 1910, kom snjóflóð sem *hreinsaði þær allar í sjóinn*.⁹⁰⁹ Flóðið mun hafa fallið í febrúar eða fyrstu dagana í mars og í blaðinu Vestra, sem þá var gefið út á Ísafirði, er frá því sagt 5. mars með þessum orðum:

⁹⁰⁵ Gunnar M. Magnúss / Halldór Guðmundsson 1977, 54-55.

⁹⁰⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 47.

⁹⁰⁷ Lbs. 3152⁴⁰, Halldór Guðmundsson, bls. 108-110.

⁹⁰⁸ Ólafur Jónsson 1957 II, 339 (Skriðuföll og snjóflóð).

⁹⁰⁹ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar ...*, bls. 299. Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 145-146.

Á Gelti í Súgandafirði kom snjóflóð nýlega og tók tvö sjávarhús ásamt fiski sem geymdur var í þeim. Sömuleiðis er talið víst að það hafi brotið tvo báta er voru þar undir bökkunum en snjódyngjan var svo mikil að ómögulegt var að gæta að þeim.⁹¹⁰

Guðmundur Guðmundsson, sem hóf búskap á Gelti árið 1911, mun hafa verið með bát sinn hér í Landinu og róið héðan til fiskjar allt til 1930. Það sagði Aðalbjörn, sonur Guðmundar, Jóhannesi syni sínum.⁹¹¹ Rústirnar sem enn standa sýna að hér voru þó nokkur umsvif á fyrri tíð. Uppi á bökkunum eru nýlegar tóttir tveggja samliggjandi húsa og má telja fullvíst að þar hafi á dögum Guðmundar Ásgrímssonar staðið verbúðin sem áður var frá sagt og hjallur sá sem fyrr hefur verið nefndur (sjá hér bls. 74). Grunnflötur þessara húsa, beggja til samans, er um það bil 3 x 12 metrar. Fast við þessar byggingar hefur svo staðið lífill kofi. Við ytri enda rústanna sem nú var frá sagt eru svo tvær eldri tóttir frá hinu fyrra blómaskeiði í þessari veiðistöð. Ætla má að þar hafi staðið tvær verbúðir eða verbúð og hjallur. Með hliðsjón af því sem hér hefur áður verið sagt (sjá bls. 74) virðist liggja í augum uppi að hinar eldri tóttir séu leifar bygginga sem féllu úr notkun á fyrstu áratugum nítjándu aldar.

Undir sjávarbökkunum standa enn rústir beggja naustanna sem fyrr var frá sagt og eru þær beint fyrir neðan verbúðartóttina. Gamla vörin blasir líka við augum þeirra sem hingað koma, prýdd gulleitum sandi einn sumardag. Í miklu brimi barst stundum grjót í vörina frá skerjum sem liggja hér fyrir utan. Frá einum slíkum atburði segir Magnús Hjaltason í dagbók sinni 7. janúar 1899. Hann var þá barnakennari á Gelti og ritar á þessa leið:

Gott veður en mjög hart frost. Í einu af stórbrimunum í vetur bar afarstóran stein af skerjum utan í lendingarvörina hér á Gelti, í svokölluðu Landi, og stóð hann svo bagalega að engu skipi varð fram komið. Var því verið í dag að voga steinin burt svo vörin yrði skipgeng og tókst það með allmiklum erfiðismunum. Þessir voru við að koma steininum á burt: Guðmundur Ásgrímsson, bóndi á Gelti. Jón Hálfván Guðmundsson (Ásgrímsson), Einar Hákonarson, húsmaður á Norðureyri, Kristján Sigurðsson, vinnumaður á Norðureyri, og Magnús Hj. Magnússon.⁹¹²

Sjálfan sig nefnir Magnús þarna síðast en nafn sitt ritaði hann oft með þessum hætti, *Magnús Hj. Magnússon*, og vísar þá til þess að Hjalti, faðir

⁹¹⁰ Vestri 5.3.1910. IX. árg., 18. tbl., bls. 71.

⁹¹¹ Jóhannes Aðalbjörnsson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.8.1995.

⁹¹² Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 7.1.1899.

hans, var sonur séra Magnúsar Þórðarsonar er lengst var prestur í Ögurþingum.

Um fjöruna í þessari fornu veiðistöð er gott að vafra og minnst þeirra sem hér komu glaðir að landi með góðan aflafeng og líka hinna sem lögðu héðan upp í sína hinstu för. Reyndar er aðeins vitað um einn bát sem héðan reri og týndist í hafi, hákarlaskip Jóns bónda Bjarnasonar á Gelti sem fórst sumarið 1800 og hér var áður frá sagt. Þar var hann sjálfur formaður en sex voru í áhöfninni og hlutu allir vota gröf (sjá hér bls. 25-26). Hundrað árum síðar töldu ýmsir sig enn sjá svipi þeirra reika hér um hús og hleinar og voru kallaðir Spöndumenn.⁹¹³ Vera má að nafn hákarlaskipsins sem sökk á löngu liðnu aldamótasumri í saltan mar hafi einmitt verið Spanda.

Ekki sá Jón Bjarnason sín eigin forlög fyrir er hann stóð hér í fjörunni, ríkismaður á fimmtugsaldri, einn þorradaðag árið 1796 og hugðist koma af sér sveitarómaga. Þá tókst verr til en skyldi. Niðurstæningur þessi hét Jón Torfason og var orðinn aldinn að árum.⁹¹⁴ Árið 1789 er hann sagður sjötugur að aldri og var þá *sveitarmaður* hjá Kristófer Kolbeinssyni á Gelti.⁹¹⁵ Í sóknarmannatali frá því ári tekur séra Þorsteinn Þórðarson fram að vesalingur þessi sé *rænulítill*.⁹¹⁶ Næsta ár var Jón gamli Torfason á **Vandræðastöðum**, hjáleigu frá prestssetrinu Stað, og fékk þá hjá prestinum þessa einkunn: *góðlátlegur – fáráður nú, þó fyrri vel að sér*.⁹¹⁷ Vorið 1795 var sami hreppsómagi á Gilsbrekku, *ei með fullu ráði en var áður vel að sér*, skrifar prestur.⁹¹⁸ Frá Gilsbrekku mun öldungur þessi hafa verið sendur að Gelti og svo fór að hann burtkallaðist hér í Galtarlandinu 13. febrúar 1796, *þá hann skyldi færast frá Gelti ... yfir fjörðinn eins og prestur orðar það*.⁹¹⁹ Sálnahirðirinn tekur fram að á sínu banadægri hafi hreppsómaginn Jón Torfason verið 78 ára og áður lengi *veikur af sóttarfari og elliburðum*.⁹²⁰

Þennan sjúkling átti að flytja héðan burt árið 1796 en annar fársjúkur maður var lagður hér í land vorið 1899. Báðum var þeim stefnt í eina og sömu vörina, þá sem enn gefst kostur á að skoða hér í Galtarlandi. Sá sem hér var fluttur í land 9. maí 1899 var háseti af þilskipinu Gunnari, er Ásgeirsverslun á Ísafirði gerði út, og bað skipstjórinn húsráðendur á Gelti að ala önn fyrir honum uns úr rættist.⁹²¹ Sjómaður þessi bar nafnið Jón Jónsson og reyndist vera með lungnabólgu.⁹²² Talið var að hann væri Sunnlendingur⁹²³ og má ætla að hann hafi sjálfur gefið það til kynna.

⁹¹³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 47-48.

⁹¹⁴ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁹¹⁵ Sömu heimildir.

⁹¹⁶ Sömu heimildir.

⁹¹⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁹¹⁸ Sama heimild.

⁹¹⁹ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁹²⁰ Sömu heimildir.

⁹²¹ Gunnar M. Magnúss 1973, 113. Sami 1977, 55.

⁹²² Sömu heimildir.

⁹²³ Gunnar M. Magnúss 1977, 55.

Halldór Guðmundsson, sem hér var nýlega nefndur, var við róðra úr Galtarlandinu þetta vor og hélt til í verbúð Guðmundar Ásgrímssonar. Um líðan sjúklingsins og framvindu mála ritaði Halldór síðar á þessa leið:

Hann var mjög þungt haldinn og virtist taka út miklar þjáningar. Guðmundur [Ásgrímsson] sá að nauðsyn bæri til að leita læknishjálpar handa honum. Nú var lítið um skrifandi fólk á Gelti þá en þar sem enginn læknir var nema á Ísafirði þurfti að senda sjúkdómslýsingu til hans. Ég var beðinn að skrifa lýsingu af sjúkdómi mannsins og varð ég fúslega við þeirri bön. Sá ég þá að maðurinn var stórþjáður og það svo að hann varð að tala með hvíldum. ...

Skömmu eftir að hann hafði fengið meðulin var ég eftir ósk mannsins beðinn að koma heim að Gelti og skrifa bréf fyrir sjúklinginn Hann bað mig að skrifa tvö bréf, annað til eiginkonu hans, hitt til sóknarprestsins í prestakalli því sem hann tilheyrði. Það leyndi sér varla að maðurinn átti skammt ólifað. Svo mjög var af honum dregið að hann varð að taka sér miklar hvíldir frá að segja mér efni bréfanna.

Þegar kom til þess að skrifa nafn hans undir bréfin brá mér heldur en ekki í brún er hann lét mig vita að það væri ekki hans rétta nafn sem hann gengi undir. Með öðrum orðum, hann hétu ekki Jón Jónsson eins og hann þóttist heita heldur væri sitt rétta nafn Stefán Valdason og það nafn skyldi ég skrifa undir bréfin. Ég varð sem steini lostinn að heyra þessa játningu mannsins. Og nú spurði maðurinn mig, hvort ég vildi lofa sér því að segja engum nafn sitt ef hann lifði. ... Ég spurði hann á hvern hátt hann byggist við að geta leynt hinu rétta nafni sínu þar sem nú væri búið að skrifa það undir tvö bréf. Hann svaraði því til að ef sér batnaði og hann héldi lífi, þá væri það ásetningur sinn að ónýta þessi bréf og skrifa önnur í þeirra stað, með öðrum orðum þessi bréf yrðu aðeins send að honum látnum.

Eftir allmikla íhugun tók ég þann kostinn að lofa honum að þegja. Varð hann sýnilega ánægður og bað guð innilega að blessa mig og launa mér fyrir þessa góðvild mína við sig. Að þessu loknu lokaði ég bréfunum og skrifaði utan á þau eftir hans fyrirsögn. En það er af mannum að segja að eftir tæpan sólarhring frá því ég skrifaði fyrir hann bréfin var hann liðið lík.⁹²⁴

Bréfin mun Halldór hafa skrifað 18. maí því síðustu andvörpin tók Stefán Valdason 19. maí.⁹²⁵ Tveimur dögum síðar ritaði Hannes Hafstein,

⁹²⁴ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 111-118.

⁹²⁵ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

sýslumaður á Ísafirði, Jóhannesi Hannessyni, hreppstjóra Súgfirðinga bréf og segir þar meðal annars.

Með því að grunur leikur á því að veikur sjómaður frá skipinu Gunnari, sem fyrir nokkru síðan var lagður upp á Gelti undir nafninu Jón Jónsson og sem nú kvað vera dáinn, hafi að réttu lagi heitið Stefán Valdason og verið sá sami er í síðast liðnum febrúarmánuði var dæmdur í betrunarhúsvinnu fyrir skjalafals gagnvart Landsbankanum en strauk frá Straumfirði, þá skal ég hér með skora á yður, herra hreppstjóri, fyrir mína hönd að skoða líkið og senda föt hans hingað.

Eftir lýsingu sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu var Stefán Valdason 35 ára, meðalmaður á hæð eða tæplega það, grannur, með skoljarpt hár, fremur dapur eða raunalegur á svip, stilltur og hæglátur í viðmóti, hafði áður skegg um munn og vanga, ljósleitt eða gulleitt en hafði líklega rakað það af sér um miðjan fyrra mánuð.

Þegar hann fór um Dalasýslu á vesturleið hingað var hann í móleitum (köflóttum) buxum og vesti og í dökkum jakka en hafði í fórum sínum annan jakka, samlitun buxunum og vestinu. Oturskinshúfu hafði hann á höfði.⁹²⁶

Jóhannes Hannesson, hreppstjóri í Botni, fékk bréf sýslumanns í hendur að morgni þriðjudagsins 23. maí.⁹²⁷ Hann bjó sig þá hið skjótasta til ferðar út að Gelti og með honum fór Magnús Hjaltason, skáldyrðingur og dagbókarritari, sem þá var að hálfu vinnumaður hjá hreppstjóranum⁹²⁸ (sbr. hér Botn). Þeir fóru á bát út að Norðureyri en gengu þaðan að Gelti.⁹²⁹ Jóhannes skoðaði líkið og föt hins látna að viðstöddum tveimur vottum, þeim Magnúsi Hjaltasyni og Guðmundi Ásgrímssyni, bónda á Gelti.⁹³⁰ Eins og vænta mátti passaði lýsing sýslumanns á sakamanninum og fatnaði hans alveg nákvæmlega og ekki um að villast þegar bréfin tvö höfðu verið rifin upp og sjá mátti að undir þau bæði hafði verið ritað nafnið Stefán Valdason.⁹³¹

Fáum dögum síðar var strokumaðurinn jarðsettur í gamla kirkjugarðinum á Stað og er hann síðasti maður sem þar fékk leg að tveimur kornabörnum frátöldum (sjá hér Staður). Fyrir útförinni stóð Guðmundur Ásgrímsson á Gelti á hinn heiðarlegasta og prýðilegasta hátt⁹³² en séra Janus Jónsson í Holti jarðsöng. Í prestsþjónustubókinni tekur hann fram að Stefán Valdason hafi dáið 19. maí og bætir við:

⁹²⁶ Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 23.5.1899. Gunnar M. Magnúss 1973, 114-117.

⁹²⁷ Sömu heimildir.

⁹²⁸ Sömu heimildir.

⁹²⁹ Sömu heimildir.

⁹³⁰ Sömu heimildir.

⁹³¹ Sömu heimildir.

⁹³² Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 117-118.

... strokumaður sá er falsaði út lán úr Landsbankanum. Var lagður á land á Gelti, af fiskiskipi, „Gunnari” frá Ísafirði, veikur og dó þar. Nefndist Jón Jónsson en sannaðist hver maðurinn var. Lét skrifa tvö bréf fyrir andlátið með réttu nafni sínu.⁹³³

Í blaðinu Þjóðviljanum má sjá að Stefán Valdason hafði verið dæmdur í héraði í eins árs betrunarhúsvinnu og til að greiða bankanum 850,- krónur.⁹³⁴ Einnig var honum gert að greiða málskostnað. Í þessari frétt blaðsins, sem birtist 11. mars 1899, er Stefán sagður vera frá Kóranesi á Mýrum.⁹³⁵ Sú staðhæfing gefur reyndar svolítið villandi mynd af uppruna hans en verri er þó bókun séra Janusar Jónssonar í Holti sem segir hinn látna strokumann hafa verið úr Hnappadalssýslu.⁹³⁶

Við fljótlega athugun kemur þetta í ljós. Stefán Valdason var fæddur 22. ágúst 1863 í Litlabæ í Álftanessókn á Mýrum en foreldrar hans, hjónin Valdi Halldórsson og Guðrún Bjarnadóttir, voru þar um skeið við búskap.⁹³⁷ Haustið 1870 var Stefán sjö ára gamall hjá foreldrum sínum á bænum Vogalæk í fæðingarsókn sinni en faðir hans var þá daglaunamaður.⁹³⁸ Ólíklegt má kalla að daglaunin hafi nægt til að sjá fyrir konu og börnum og svo mikið er víst að þegar Stefán var fermdur vorið 1878 hafði hann dvalist um alllangt skeið hjá hjónunum Oddi Sigurðssyni og Höllu Jónsdóttur, er þá bjuggu á kirkjustaðnum Álftanesi, því presturinn segir þau vera fósturforeldrar hans.⁹³⁹ Við ferminguna fékk drengurinn þessa umsögn hjá presti: *Kann allvel og skilur, siðlegur.*⁹⁴⁰

Á sínum unglingsárum og fram undir þrítugt var Stefán Valdason löngum vinnumaður á þessum sama bæ, Álftanesi á Mýrum,⁹⁴¹ en vorið 1895 var hann orðinn vinnumaður í Kóranesi á Mýrum og kvæntist þá Guðrúnu Guðmundsdóttur sem var vinnukona þar.⁹⁴² Annar tveggja svaramanna við þessa hjónavígslu var Ásgeir Eypórsson, er þá rak verslun í Kóranesi, en hann var síðar verslunarstjóri í Straumfirði á Mýrum sem er skammt frá Kóranesi.⁹⁴³ Ásgeir þessi var faðir Ásgeirs Ásgeirssonar, síðar forseta Íslands,⁹⁴⁴ sem fæddist í Kóranesi 13. maí 1894.

Er Stefán Valdason gekk í hjónaband var hann 31 árs að aldri en brúðurin var sjö árum yngri.⁹⁴⁵ Fardagaárið 1895-1896 bösluðu Stefán og

⁹³³ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁹³⁴ Þjóðviljinn 11.3.1899. Gunnar M. Magnúss 1973, 114.

⁹³⁵ Sömu heimildir.

⁹³⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁹³⁷ Prestsþj.b. Borgar á Mýrum. Manntal 1860, Litlibær í Álftanessókn á Mýrum.

⁹³⁸ Manntal 1870.

⁹³⁹ Prestsþj.b. Borgar á Mýrum.

⁹⁴⁰ Sama heimild.

⁹⁴¹ Manntöl 1880 og 1890.

⁹⁴² Prestsþj.b. Borgar á Mýrum.

⁹⁴³ Prestsþj.b. Borgar á Mýrum. Sbr. Þorsteinn Þorsteinsson 1953, 86-87 (Árbók F.Í.).

⁹⁴⁴ Ísl. æviskrár VI, 34-35.

⁹⁴⁵ Prestsþj.b. Borgar á Mýrum.

Guðrún, kona hans, við búskap í Álftártungu á Mýrum og þar fæddist eldri sonur þeirra 5. apríl 1896.⁹⁴⁶ Honum var gefið nafnið Valdimar.⁹⁴⁷ Yngri sonur Stefáns og Guðrúnar, er skírður var Guðmundur, fæddist á Grímsstöðum í Álftártungusókn á Mýrum 15. janúar 1898.⁹⁴⁸ Stefán var þá vinnumaður á Grímsstöðum en eiginkonan taldist vera húskona þar.⁹⁴⁹ Svo virðist sem þau hafi flosnað upp frá búskap í Álftártungu og líklega verið komin að Grímsstöðum þegar Stefán fékk þá flugu í höfuðið að reynandi væri að leika á stjórnendur Landsbankans. Sú freisting leiddi hann á feigðarbraut eins og hér hefur áður verið rakið. Ekkja Stefáns Valdasonar, sem hét fullu nafni Guðrún María Guðmundsdóttir, var haustið 1901 *leigjandi og lausakona* á Langárfossi á Mýrum og hafði hjá sér annan drengjanna tveggja en hinn var þá niðursetningur á Álftanesi þar sem faðir hans hafði alist upp.

Þegar ellefu dagar voru liðnir frá andláti Stefáns Valdasonar voru hinar fátæklegu eigur sem fylgdu honum í land á Gelti skrifaðar upp og metnar til verðs.⁹⁵⁰ Uppskrift dánarbúsins, sem enn er varðveitt, sýnir að sýslumaður hefur haft réttar upplýsingar um höfuðbúnað strokumannsins því meðal fataplagganna, sem hann lét eftir sig, var oturskinnhúfa, talin 50 aura virði.⁹⁵¹ Hann reyndist líka hafa átt tvo jakka, báða forna, þrennar buxur, einar þeirra nýlegar, og tvö vesti sem bæði voru forn.⁹⁵² Önnur fataplögg voru fimm skyrtur, einar nærbuxur, fimm pör af sokkum, sex pör af vettlingum, þrjár hálsklútar, tveir vasaklútar, mórauð peysa og tvennir leppar.⁹⁵³ Eina skó með fjöðrum reyndist strokumaður þessi líka hafa átt og klossa, ærið forna.⁹⁵⁴

Úr fórum hans kom líka vasabudda, virt á 25 aura, vasahnífur forn, leðuról, sem einnig var forn, og sálmabók forn.⁹⁵⁵ Bókin var virt á eina krónu.⁹⁵⁶ Svolítið af skonroki og bakarabrauði átti hann líka að bíta í til hinstu stundar og nær þrjú kíló af smjörlíki.⁹⁵⁷ Upp úr skjóði hins látna kom líka eitt kíló af sykri, hálf kíló af kaffi og 250 grömm af kaffibæti. Allt var þetta skrifað upp og virt, að sjóhatti Stefáns meðtöldum, á tæplega 20,- krónur.⁹⁵⁸ Allar þessar eigur hins látna sakamanns voru boðnar upp á Suðureyri þann 4. júní sama ár.⁹⁵⁹

⁹⁴⁶ Prestsþj.b. Borgar á Mýrum.

⁹⁴⁷ Sama heimild.

⁹⁴⁸ Sama heimild.

⁹⁴⁹ Sama heimild.

⁹⁵⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrarhr. 3. Uppskrifta- og uppboðsbók 1881-1913. Uppskrift og virðing á fjármunum Stefáns Valdasonar, dags. 30.5.1899.

⁹⁵¹ Sama heimild.

⁹⁵² Sama heimild.

⁹⁵³ Sama heimild.

⁹⁵⁴ Sama heimild.

⁹⁵⁵ Sama heimild.

⁹⁵⁶ Sama heimild.

⁹⁵⁷ Sama Uppskr.- og uppboðsbók. Uppskrift og virðing á fjármunum Stefáns Valdasonar, dags. 30.5.1899.

⁹⁵⁸ Sama heimild.

⁹⁵⁹ Sama Uppskr.- og uppboðsbók. Uppboðsgerð 4.6.1899.

Svo virðist sem Stefán hafi tekið hlífðarföt út í reikning hjá Ásgeirsverslun á Ísafirði er hann réð sig í skiprúm á Gunnari því að honum látnum var Árna Jónssyni, verslunarstjóra Ásgeirsverslunar, send olútreyja þessa sjómanns, svo og olúbuxur, olúermar og skæðaskinn sem með fylgdi. Ekkert af þessu var metið til verðs við uppskrift dánarbúsins og ekki heldur vasaúr með festi sem sent var beint til sýslumanns.⁹⁶⁰

Á tuttugustu öldinni var enginn framandi maður lagður hér dauðvona í land, hvorki undir réttu nafni né röngu, og til þess mun varla koma á næstunni. Þess er hins vegar vert að minnast að hér við ystu strendur voru ærið oft skip framandi þjóða á fyrri tíð og vera má að á 17. og 18. öld hafi einn helsti kosturinn við að búa á Gelti verið sá hversu auðvelt var að stunda launverslun á slíkum stað.

Við göngum nú upp úr fjörinni, leggjumst í grasið hjá búðartóttinni og horfum til hafs en sjáum ekki lengur seglin hvít. Klettaveggurinn hér uppi í hlíðinni, Bjargið sem svo heitir og er utan til við Búðargil, breytist hins vegar lítt þó aldir renni. Það er gamalt og mun standa hér lengi enn. Til þess er gott að vita. Fram undan bíður okkar örðug ganga fyrir Gölt og meiningin er að ná til Keflavíkur fyrir sólsetur. Við stöndum því á fætur, lítum enn einu sinni til hamranna í Bjarginu mikla en höldum svo af stað. Neðan við Bjarg er hlíðin grasi gróin, enda var brekkan upp af Galtarlandinu nefnd **Breiður**⁹⁶¹ og mun merkingin vera grasbreiður. Eitthvert reik mun þó hafa komist á þetta nafn í munni fólks á síðari tímum því stundum var það gert að karlkynsorði og á *Uppdrætti Suðureyrarhrepps* stendur *Breiðar*.⁹⁶² Úr Galtarlandinu er örskammt út að Níelsarsteini en hann er sá stærsti af öllum hinum mörgu steinum á sjávarbökkunum utantil við Landið. Hjá steini þessum, sem áður var frá sagt (sjá hér bls. 43-44), gerum við stuttan stans en skundum síðan út bakkana og nemum ekki staðar fyrr en við Galtartanga þar sem ströndin sveigir til norðurs við mynni Súgandafjarðar. Hér fikrum við okkur ofan í fjöruna því um hana liggur eina færa leiðin hér neðra frá Töngunum að **Stekkjargili** í landi Keflavíkur (sjá hér Keflavík).

Neðarlega í fjallshlíðinni upp af Galtartöngum er **Rauðivöllur** sem *ber nafn af lit sínum*.⁹⁶³ Norðan við Tangana tekur við **Galtarvík** og nær hún alla leið að Bustarurð en svo heitir urðin mikla undir Gelti þar sem fjallið gengur lengst fram í vesturátt.⁹⁶⁴

Skammt fyrir norðan Galtartanga komum við að **Jaðri** en það er röndin sem sér á þegar horft er frá Bustarurð í átt að Töngunum.⁹⁶⁵ Rönd þessi liggur á ská upp kletthlíðina hér fyrir ofan og er efri endinn á Jaðri mun norðar en sá lægri.⁹⁶⁶ Fyrsti *básinn* sem við komum að á göngu okkar

⁹⁶⁰ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrarhr. 3. Uppskr.- og uppboðsbók. Uppskrift á dánarbúi Stefáns Valdasonar 30.5.1899.

⁹⁶¹ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 150.

⁹⁶² Uppdr. Suðureyrarhr. eftir Jón Hróbjartsson. Eftirpr. af örn.korti frá því um 1930, gefin út 1983.

⁹⁶³ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 147.

⁹⁶⁴ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 146.

⁹⁶⁵ Sama heimild, 147.

⁹⁶⁶ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 147.

norður fjörurnar undir Gelti heitir **Grútarbás** og sá næsti **Ófærubás**.⁹⁶⁷ Norðan við hann er Ófæra,⁹⁶⁸ klettur sem skagar fram í fjöruna. Þegar lágsjávað er og um hálfvallinn sjó er leiðin greið framan við Ófæruna en á flæðinni fellur hér sjór í berg og verða menn þá að klöngrast upp í hlið vilji þeir komast leiðar sinnar. Þar er reyndar bærilega fært á sumardegi fyrir þá sem vanir eru göngum í brattlendi en í vetrarhríðum, háلكu og snjó kárnaði stundum gamanið.

Magnús Hjaltason fór hér um í fyrsta sinn þann 17. apríl 1896 og segir hann svo frá því ferðalagi:

Ég kom við á Gelti hjá Guðmundi bónda Ásgrímssyni. Lánaði hann mér fylgd norður fyrir Ófæru undir Geltinum en síðan fór ég einn til Keflavíkur. Var það hinn skelfilegasti vegur er ég hafði farið. Brimið fossaði upp að hliðinni á mér á annan veginn en ofanfallið (ís og grjót) dundi niður með öxlinni á mér hægra megin. Urðirnar voru fullar af snjó og botnlaus ófærð í þeim. Ég orti vers á leiðinni sem er tapað. Ég kom í Keflavík klukkan að ganga til fjögur eftir hádegi. Undraði fólk þar að ég skyldi komast heill undan Geltinum í því ofanfalli sem þá var og var talið á Guðmund á Gelti fyrir að hann skylda sleppa mér ókunnugum þá á fjörurnar, slíka glæfraför.⁹⁶⁹

Tæplega tveimur árum síðar, 7. febrúar 1898, fór Magnús aftur þessa sömu fjöruleið.⁹⁷⁰ Guðmundur Ásgrímsson, bóndi á Gelti, fylgdi honum þá sjálfur nokkuð á leið en um þetta ferðalag og viðtökurnar í Keflavík kemst Magnús svo að orði í dagbók sinni:

Bærilegt veður. Fór ég frá Gelti til Keflavíkur. Guðmundur Ásgrímsson, bóndinn á Gelti, fylgdi mér norður á Ófæru og seig ég þar niður í snæri er Guðmundur hafði með því eigi var hægt að ganga fyrir framan sökum brims og svo af því að flóð var. Ég fann föður minn í Keflavík og gisti ég þar að Pálma bónda um nóttina við besta beina. Kvað ég Hálfánarrímur mínar um vökuna og þótti skemmtun góð.⁹⁷¹

Þann 16. desember 1899 fór Magnús frá Norðureyri út í Keflavík við annan mann.⁹⁷² Með honum var að því sinni Einar Hákonarson er þá átti

⁹⁶⁷ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 147.

⁹⁶⁸ Sama heimild.

⁹⁶⁹ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 17.4.1896.

⁹⁷⁰ Sama dagbók 7.2.1898.

⁹⁷¹ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 7.2.1898.

⁹⁷² Lbs. 2218^{4to}, Sama dagbók 16.12.1899.

heima á Norðureyri.⁹⁷³ Magnús greinir frá ferðinni í dagbók sinni og segir: *Var Ófæran vond. Höfðum við með okkur færi og sigum.*⁹⁷⁴

Við höfum nú fylgt í fótspor Magnúsar en sluppum með góðu móti fyrir Ófæruna því nú er ládaður sjór og varla hálfallið að. Skammt norðan við Ófæru komum við að **Kletti**, sem svo heitir, og stendur hann við sjóinn.⁹⁷⁵ Norðan við Klett er allmikið gil í fjallshlíðinni og heitir **Jaðargil**, kennt við Jaðarinn sem fyrr var nefndur.⁹⁷⁶

Hér við gilkaftinn erum við enn í Galtarvík en á henni miðri er umflotinn klettur sem aldrei fer í kaf og heitir **Strýta**.⁹⁷⁷ Vestar er **Flaga**, grynning sem kemur sjaldan upp úr sjó, en norðan við Strýtu er **Straumsker** sem kemur upp á hverri fjöru.⁹⁷⁸

Nú styttist óðum spölurinn að Bustarurð, sem sýnir sig hér fram undan, en öll leiðin frá Galtartöngum að Urðinni er tæplega einn kílómetri. Vestan við Bustarurð komum við að litlum klettabás er tekur nafn af henni og heitir **Bustarurðarbás**.⁹⁷⁹ Í honum var Magnús Hjaltason hætt kominn í einni af sínum mörgu ferðum um fjörunar undir Gelti. Það var 4. mars aldamótaárið 1900 en hann var þá á leið til Keflavíkur ásamt þremur öðrum manneskjum.⁹⁸⁰ Unnusta Magnúsar, Guðrún Anna Magnúsdóttir, var í för með honum að þessu sinni og einnig þau Guðný Sigríður Magnúsdóttir, vinnukona í Keflavík, og Guðmundur Pálmason, sem þá var á tólfta ári, sonur Pálma Lárentíussonar, bónda í Keflavík.⁹⁸¹ Sjálfur segir Magnús frá ferðinni og ritar á þessa leið:

*Var hiti mikill um daginn og því ofanfall úr Geltinum og þegar við komum í svonefndan Bustarurðarbás datt allmikið af grjóti og kom steinn einn allstór á hægri fótinn á mér og slasaðist ég svo að bágt var um að komast norður en þetta var á miðri leið. Þó var tekið af mér sem ég bar. Var guðsmildi að við öll biðum ekki stórslys eða bana af tilfelli þessu. Unnusta mín varð ákaflega hrædd sem von var til. Hún gisti í Keflavík.*⁹⁸²

Meiðsli Magnúsar voru reyndar ekki alvarleg því næsta dag fylgdi hann unnustu sinni til baka vestur að Gelti⁹⁸³ en ætla má að þau hafi verið hætt komin.

⁹⁷³ Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 16.12.1899.

⁹⁷⁴ Sama heimild.

⁹⁷⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 147.

⁹⁷⁶ Sama heimild.

⁹⁷⁷ Sama heimild.

⁹⁷⁸ Sama heimild.

⁹⁷⁹ Sama heimild.

⁹⁸⁰ Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 3.3. og 4.3.1900

⁹⁸¹ Sama heimild.

⁹⁸² Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 4.3.1900.

⁹⁸³ Sama dagbók 5.3.1900.

Þessi alfaraleið milli bæjanna Galtar og Keflavíkur var jafnan talin *einhver hinn torsóttasti vegur yfirferðar sem og mjög hættusamur*⁹⁸⁴ því á aðra hönd var brimið en á hina *skriður eða grjótkast úr fjallinu*.⁹⁸⁵ Kristján G. Þorvaldsson segir árið 1949 að kunnugt sé um tvo menn er slasast hafi á ferð um fjörur þessar (sjá hér Keflavík) sem ýmist voru nefndar Keflavíkurfjörur⁹⁸⁶ eða Galtarfjörur.⁹⁸⁷

Við leggjum nú í Bustarurð sem er ærið stórgrýtt og tefur fyrir þeim sem hraða vilja för sinni. Margir töldu að landamerki Galtar og Keflavíkur lægju um urðina en aðrir sögðu þau vera við Rauðstein, sem stendur í bökkunum rétt norðan við hana,⁹⁸⁸ Hjá honum nemum við staðar og köstum mæðinni því göngu okkar um land fólksins sem bjó á Gelti lýkur hér. Næst liggur fyrir að skoða Keflavík.

----- O O O O O -----

⁹⁸⁴ Sóknalýs. Vestfj. II, 114.

⁹⁸⁵ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 14.

⁹⁸⁶ Sama heimild, 158.

⁹⁸⁷ Sóknalýs. Vestfj. II, 116.

⁹⁸⁸ Örn.st. / Kr. G. Þorv. 1949, 146, 153 og 158.